

JÚLIUS GUÐMUNDSSON

Naut sín á veiðum í skosku hálöndunum

• ferðir • heilsa

ALLT í MIÐJU BLAÐSINS



BJÖRN HLYNUR HARALDSSON

Skrifaði góðærið út úr leikriti sínu

Dubbeldusch sýnt í Hafnarfirði

FÓLK 26



SÉRBLAÐ FYLGIR

Europris

FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. janúar 2009 — 6. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR

Plötusala dregst saman



Sala á plötum heldur áfram að dragast saman í Bretlandi og Bandaríkjunum. Söngkonan Duffy seldi mest í Bretlandi.

FÓLK 20

Frjálshyggjuveiran

Njörður P. Njarðvík líkir markaðshyggjunní við veiru sem hefur smogið um allan þjóðarlíkamann.

Í DAG 12

Háskóli Íslands reistur fyrir happdrættisfé



Happdrætti Háskóla Íslands er 75 ára á árinu. Mest allt húsnæði skólans hefur verið byggt fyrir happdrættisfé.

TÍMAMÓT 14


Góður sigur

Íslenska landsliðið gyrti sig í brók og skellti Egyptum í gær.

ÍPRÓTTIR 22




VEÐRIÐ Í DAG



MILT í dag verða suðvestan 5-13 m/s hvassast norðvestan til. Rigning eða skúrir en yfirleitt úrkomulítið um miðjan dag norðan og austan til. Hiti 5-10 stig.

VEÐUR 4



JÓLIN KVÖDD Krakkarnir á Seltjarnarnesinu voru ánægðir á þrettándabrenninni í gærkvöldi og lýstu upp svartnættið með blysum sínum. Vissulega fylgdi því ljúfsár tilfinning að kveðja jólin, enda óralangt í þau næstu, en lítið væri varið í hátíðarnar væru jólin alla daga. Og það eru ekki nema 339 dagar í næsta jólsvein!

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sérsveit efld en efnahagsbrotadeild ekki

Rekstrarkostnaður sérsveitar Ríkislögreglustjóra hefur aukist um tæplega helming á þremur árum. Á sama árabili hafa útgjöld til efnahagsbrotadeildar dregist saman um níu prósent. Aukin útgjöld til sérsveitar réttlæt看leg segir þingmaður.

LÖGREGLUMÁL Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra hefur setið eftir hvað varðar rekstrarfé á meðan áhersla hefur verið lögð á eflingu sérsveitarinnar undanfarin ár.

Rekstrarfé sérsveitarinnar jókst um 45 prósent milli áraanna 2005 og 2007. Rekstrarfé efnahagsbrotadeildar dróst saman um níu prósent á sama tímabili.


Upphæðir voru uppreiknaðar á verðlagi ársins 2007 til að samanburður milli ára verði sem réttastur. Uppgjör vegna ársins 2008 liggur ekki fyrir. Rekstrarkostnaður Ríkislögreglustjóra óx um 6,9 prósent milli 2005 og 2007.

Jón Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóra, bendir á að aukinn rekstrarkostnaður sérsveitarinnar helgist fyrst og fremst af þeirri ákvörðun Alþingis að efla sveitina. Engin sambærileg ákvörðun hafi verið tekin um eflingu efnahagsbrotadeildar og samanburðurinn því varla sanngjarn.

Í dag starfar 41 lögreglumaður í sérsveitinni en 13 í efnahagsbrotadeild.

REKSTRARKOSTNAÐUR

Uppreiknaður á verðlagi ársins 2007



Helgi Gunnlaugsson, afbrotafræðingur og prófessor við Háskóla Íslands, segir að velta megi fyrir sér hvort efnahagsbrotadeildin hafi setið eftir þegar viðskiptalífið hafi orðið sífellt flóknara á undanföllum árum. Trúlega hefði átt að efla efnahagsbrotadeildina og það ætti í öllu falli að gera nú.

Helgi segir að alvarlegum brotum sem sérsveit Ríkislögreglustjóra hafi sinnt á undanföllum árum hafi ekki fjölgað, þótt þeim tilvikum sem óskað hafi verið eftir aðkomu sveitarinnar hafi fjölgað.

Pétur Blöndal, formaður efnahags- og skattanevndar Alþingis, segir að vonandi muni álag á efnahagsbrotadeildina minnka nú þegar umsvif í viðskiptalífnum dragist saman. Þá muni embætti sérstaks saksóknara sem rannsaka eigi aðdraganda bankahrunsins að taka hluta af verkefnum sem ella hefðu fallið á deildina.

Pétur segir aukin fjárútlát til sérsveitar réttlæt看leg. Í breyttum heimi verði lögreglan að vera undir það búin að taka á til dæmis alþjóðlegum glæpahringjum og hryðjuverkum.

Brynjar Nielsson hæstaréttarlögmaður segist þeirrar skoðunar að stofnun embættis sérstaks saksóknara til að fjalla um bankahrunið sé óþarfi. Nær hefði verið að efla efnahagsbrotadeildina og gera hana sjálfstæðari.

Ræstingar á Landspítalanum:

Um 30 missa vinnuna í maí

KJARAMÁL Um það bil 30 starfsmenn sem unnið hafa við ræstingar hjá Landspítalanum missa vinnuna í maí þegar útböð á ræstingu fer fram. Vonir standa til þess að sem flestir fái vinnu hjá því verktakafyrirtæki sem tekur við verkinu, segir Björn Zoëga, starfandi forstjóri Landspítalans.

Björn segir þessar breytingar löngu ákveðnar og ekki til komnar vegna nýlegrar sparnaðarkröfu stjórnvalda. Önnur störf við ræstingar hjá spítalanum hafi þegar verið boðin út í áföngum, og tugir milljóna sparast í hvert skipti.

„Fólki var mjög brugðið,“ segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar. Hann sat fund með starfsmönnum í gær þar sem tilkynnt var um væntanlegar uppsagnir. Hann segir marga af þeim starfsmönnum sem nú missi vinnuna hafa starfað mjög lengi hjá spítalanum. Talsverður hluti þeirra sé af erlendum uppruna.

- bj

Utanríkisviðskipti Íslands:

660 milljónir króna til Ísraels

VIÐSKIPTI Íslendingar fluttu inn vörur frá Ísrael fyrir 660 milljónir króna á fyrstu ellefu mánuðum síðasta árs, samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar.

Innflutningur frá Ísrael hefur numið yfir hálfum milljarði króna undanfarin ár. Stór hluti þess er matvæli, einkum grænmeti og ávextir, en um þúsund tonn af matvælum voru flutt þaðan árið 2007 fyrir riflega eitt hundrað milljónir króna. Einnig er mikið flutt inn af ýmiss konar efnum og hráefni þaðan, til að mynda áburði. Útflutningur til Ísraels er riflega tíu sinnum minni en innflutningurinn.

Fjallað er um utanríkisviðskipti Íslands og helstu viðskiptalönd í Markaðnum í dag.

- ikh / sjá Markaðinn

Hæglökandi setur

Fyrir flestar gerðir salernisskála

Opið virka daga frá 8-18
laugardaga frá 10-15

Smiðjuvegi 76
Kópavogi
Sími 414 1000

Baldursnesi 6
Akureyri
Sími 414 1050

6 tommu bátur

329 kr.

Gildir í janúar 2009
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnunni

SPURNING DAGSINS



Guðmundur, ertu genginn feðraveldinu á hönd?

„Já, mamma er líka mjög ánægð með það.“

Guðmundur Steingrímsson sagði sig úr Samfylkingunni og er genginn til liðs við Framsóknarflokkinn. Faðir Guðmundar og afi gegndu báðir formennsku í Framsóknarflokknum.

Samrunar smærri sparisjóða:

Viðhafa óformlegar þreifingar

VIÐSKIPTI Við smærri fjármála-fyrirtækjum blasir gjörbreytt rekstrarumhverfi eftir fall bankanna og viðvarandi lausa-fjárburrð í heiminum. Sparisjóðir eiga víða í óformlegum þreifingum um samstarf eða samruna.

„Það eina sem maður getur verið viss um er að ekkert verður eins og var áður,“ segir Jóhann Antonsson, stjórnarformaður Sparisjóðs Svarfdæla.

Viðræður um samruna Sparisjóðsins í Keflavík, Byrs og SPRON eru á áætlun, en ofsögum hefur verið sagt af stofnun norðlensks fjármálafyrirtækis með aðkomu fjölda sparisjóða.

- óká / Sjá Markaðinn

Banaslys austan Selfoss:

Nafn hins látna

Maðurinn sem lést í umferðarslysi á Suðurlandsvegi rétt austan við Selfoss á mánuðagsmorgun hét Guðjón Ægir Sigurjónsson. Hann var til heimilis að Hrísholti 4 á Selfossi.

Guðjón var hæstaréttarlögmaður hjá Málflutningsskrifstofunni á Selfossi og var jafnframt einn eigenda fasteignasölnunar Árborgir. Þá sat hann í bankaráði Nýja Glitnis.

Guðjón var fæddur 4. janúar 1971. Hann lætur eftir sig eiginkonu og tvö börn. - hhs



GUÐJÓN ÆGIR SIGURJÓNSSON

2

FRÉTTABLAÐIÐ

7. janúar 2009 **MIÐVIKUDAGUR**

Hluti 370 milljóna króna endurgreiðslu Bjarna Ármannssonar kemur úr ríkissjóði:

Skilaði um 240 milljónum

VIÐSKIPTI Bjarni Ármannsson, fyrrverandi bankastjóri Glitnis, endurgreiddi skilanefnd Glitnis sjálfur um það bil 240 milljónir króna vegna starfsloka, en bankinn fékk það sem vantaði upp á 370 milljónir endurgreiddar úr ríkissjóði.

Bjarni sagðist í Kastljósi Ríkissjónvarpsins á mánudag hafa endurgreitt skilanefnd Glitnis 370 milljónir eftir bankahrunið. Féð var hluti greiðslna vegna starfsloka Bjarna vorið 2007.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri staðfesti í gær að Glitnir hefði óskað eftir leiðbeiningum um hvernig skattaleg meðferð

BJARNI ÁRMANNSSON Fékk um 240 milljónir í starfslokagreiðslur þegar búið var að draga frá skatta.

slíkrar endurgreiðslu ætti að vera í desember síðastliðnum. Niðurstaðan varð sú að lækka

laun Bjarna afturvirkir um 370 milljónir. Glitni bar að halda eftir staðgreiðslu skatta af 370 milljónunum þegar þær voru greiddar vorið 2007. Bjarni fékk því aðeins um 240 milljónir í vasann eftir skattgreiðslur, og endurgreiddi skilanefndinni þá upphæð.

Skúli segir að skilanefnd Glitnis hafi átt kröfu á endurgreiðslur á skattgreiðslum þegar launin voru lækkuð afturvirkir með þessum hætti. Hann vildi ekki nefna nákvæmlega hvaða upphæð hafi verið endurgreidd, en staðfesti að heildarupphæðin sem skilanefnd Glitnis hefði fengið hafi verið 370 milljónir.

- bj

Jólagjafir ríkisstofnunar:

Starfshvatning á kertastjökum

FÓLK Ólíkt beið ríkisstarfsmanna í jólapökkunum þetta árið. Líkt og Fréttablaðið greindi frá voru starfsmenn ríkisskattstjóra hæstánægðir með sína gjöf, enda um forlata Cintamani-kuldaúlpu að ræða. Verðmæti hverrar flíkur er um 20 þúsund krónur.

Starfsmenn á Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra í Reykjavík fengu einnig jólapakka, þó heldur ólíkur væri. Hver og einn fékk að gjöf kertastjaka undir sprittkerti. Ekki var þó um fábrotna stjaka að ræða; á hverjum og einum gat að líta áletrun sem hvatti viðkomandi starfsmann áfram; svo sem „Vertu til staðar“.

- kóp

Útsvarið mun verða óbreytt í Reykjavík

Útsvarsprósenta verður óbreytt og gert er ráð fyrir hallalausum A-hluta í fjárhagsáætlun Reykjavíkur. Minnihlutinn gagnrýnir 2,5 milljarða óútfærðan niðurskurð. Gengisþróun hækkar skuldir samstæðunnar um 76 milljarða.

REYKJAVÍK Heildarskuldir samstæðunnar, stofnana og fyrirtækja Reykjavíkur jukust um 96 milljarða á síðasta ári. Þar af voru 76 milljarðar vegna gengislækkunar. Á sama tíma standa eignir borgarinnar í stað.

Þetta kemur fram í fjárhagsáætlun Reykjavíkur sem var samþykkt í gær. Þrátt fyrir að hart sé í ári er gert ráð fyrir hallalausum rekstri A-hlutans, sem eru stofnanir borgarinnar. Heimild til að hækka útsvar verður ekki nýtt og verður það óbreytt í 13,03 prósentum. Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur nemi 35,8 milljörðum króna, að frádregnu framlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem nemur 2,3 milljörðum króna. Fasteignaskattar verða ekki hækkaðir.

Í forsendum áætlunarinnar er gert ráð fyrir 7 prósentu atvinnuleysi og 14 prósentu verðbólgu á milli árána 2009 og 2008, en 4,5 prósentu verðbólgu innan ársins 2009. Gert er ráð fyrir sparnaði og samdrætti í yfirvinnu og öðrum launakostnaði.

Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri sagði í ræðu sinni í gær þrjú grunnstef markaða meginlínurnar í fjárhagsáætluninni: varðstöðu um grunnþjónustu, gjaldskrár og störf. Áætlunin sé lögð fram án halla enda mundi hallarekstur rýra lausafjárstöðuna og skerða lánastraust.

„Óvissa um efnahagsþróunina er mikil og hættan er fremur sú að tekjufall verði meira og útgjaldabörf meiri en áætlun gerir ráð fyrir. Þessari óvissu

BORGARSTJÓRI Umræður um fjárhagsáætlun stóðu langt fram á kvöld í gær. Gert er ráð fyrir hallalausum A-hluta en skuldir hafa hækkað mikið vegna gengisþróunar.

verður mætt með því að rýna vandlega í stöðuna frá mánuði til mánaðar og borgarstjórn mun taka fjárhagsáætlun til endurskoðunar þegar í mars á næsta ári,“ sagði borgarstjóri í ræðu sinni í gær.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar og Vinstri grænna gagnrýndu óútfærða tillögu um 2,5 milljarða niðurskurð á lokaspretti áætlanagerðarinnar, til að áætluninni mætti loka með núlli. Það jafngildi niðurskurði sem nemi 5

prósentum af rekstrarkostnaði Reykjavíkur og væri sambærilegt ef helmingur af niðurskurði fjárlaga ríkisins væri enn óútfærður.

Öllum tilboðum í 5,8 milljarða skuldabréfaútböð borgarinnar var nýverið hafnað. Því er fjármögnun til framkvæmda í óvissu. Reiknað er með framkvæmdum upp á 7 milljarða á næsta ári.

Umræður stóðu enn yfir um áætlunina þegar blaðið fór í prentun.

kolbeinn@frettabladid.is

HÆTTAN ER LÚMSK Börnum stafar hættan af nálægð við reykjagafólk.

Óbeinar reykingar:

Hætta í fatnaði og húsgögnum

HEILBRIGÐISMÁL Æ fleiri vísbendingar eru að koma fram um að óbeinar reykingar séu ekki aðeins hættulegar meðan reykurinn er í loftinu, heldur einnig þegar drepnið hefur verið í sigarettum en leifar reyksins sitja í fötum og húsgögnum.

Einkum eru börn talin í hættu, því þau komast oft í mikla nálægð við fót foreldra sinna og eiga það til að sleikja húsgögn og aðra hluti þar sem reyktt hefur verið.

Frá þessu er skýrt á vefsíðum BBC, sem vitnar í læknatímaritið Pediatrics.

Herferð kínverskra yfirvalda:

Umfangsmikil netlögga í Kína

KÍNA, AP Kínversk yfirvöld hófu í gær umfangsmikla herferð sem miðar að því að koma í veg fyrir að klám sé aðgengilegt á netinu. Herferðin mun meðal annars beina sjónum sínum að vinsælum leitarvélum á borð við Google.

Í tilkynningu frá kínverskum stjórnvöldum segir að sjö opinberar stofnanir muni vinna í sameiningu að herferðinni, sem er ætlað að „hreinsa menningarlegt umhverfi netsins og standa vörð um heilbrigðan þroska ungvísis“.

Hvergi búa fleiri notendur netsins en í Kína, eða ríflega 250 milljónir notenda.

RISA

ÚTSALA ELLINGSEN

20-70% afsláttur

Reykjavík, Fiskislóð 1
Opíð mánudag–föstudag 10–18
laugardag 10-16

Akureyri, Tryggvabraut 1–3
Opíð mánudag–föstudag 8–18
laugardag 10-16

Ellingsen

– fullt hús ævintýra

Pingmaður Samfylkingarinnar segir allan kvóta eiga að fara á markað:

Kvótinn leitt okkur í ógöngur

SJÁVARÚTVEGUR „Þetta sýnir hvaða ógöngur kvótakerfið er búið að leiða okkur í og við verðum að breyta kerfinu. Menn verða bara að sætta sig við það og vinna að því að skapa nýtt og heilbrigðara sjávarútvegskerfi,“ segir Karl V. Matthíasson, pingmaður Samfylkingarinnar og varaformaður sjávarútvegsnefndar Alþingis, um þá staðreynd að Glitnir hafi fært kvótaveð í hendur nokkurra erlendra banka.

Stöð 2 greindi frá því í gær að forstjóri Þorbjarnar í Grindavík segði að ráðamenn bankans hefðu svikið skriflegt loforð og fært kvótaveð til Deutsche Bank. Talið sé að verðmæti á þriðja tug milljóna séu komin í hendur útlendinga.

„Það gætu verið í uppsiglingu erfið samskipti við Deutsche Bank. Þeir verða að selja kvótann samkvæmt lögum innan árs og hver ætlar að kaupa hann þá? Fyrir utan að bankinn á ekki einn sporð í einum einasta íslenska fiski, því hann er eign íslensku þjóðarinnar,“ segir Karl og telur einboðið að kerfinu verði breytt. „Kvótakerfið hefur ekki komið útgerðinni í þau góðu mál sem sumir vilja vera láta. Hún er skuldug upp fyrir haus. Nú verður að setja kvóta á markað eftir einhverjum skynsamlegum og sanngjörnum reglum.“

- kóp

KARL V. MATTHÍASSON Segir verða að breyta kvótakerfinu og setja allan kvóta á markað. Þýskir bankar eigi ekki einn fisksporð á Íslandi, hann sé eign íslensku þjóðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

200

milljónir

100 + 100

I. vinningur



Nældu í milljónavinning á nýju ári!

Potturinn stefnir í 100 milljónir.
Ofurpotturinn stefnir í 100 milljónir.
Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða á næsta
sölustað eða á lotto.is

Fáðu þér miða fyrir kl. 17
í dag eða taktu séns á
að missa af þessu!



Alltaf á miðvikudögum!

GENGIÐ 06.01.2008			
GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	123,9	124,5
	Sterlingspund	181,94	182,82
	Evra	165,9	166,82
	Dönsk króna	22,255	22,385
	Norsk króna	17,604	17,708
	Sænsk króna	15,592	15,684
	Japanskt jen	1,318	1,3258
SDR		186,94	188,06
GENGISVÍSITALA KRÓUNNAR			
203,5587			
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			

Mál gegn stjórn Glitnis: Tekið fyrir um mánaðamótin

DÓMSMÁL Mál Vilhjálms Bjarnasonar gegn stjórn Glitnis verður líklega tekið fyrir um mánaðamót. Málið snýr nú eingöngu að stjórninni, þar sem lög banna málshöfðun gegn bönkum, einnig afturvírt.

Vilhjálmur stefndi bankanum fyrir kaup á hlut Bjarna

Ármanssonar á genginu 29, en markaðsgengi var þá á bilinu 26 til 27. Vilhjálmur segir stjórn bankans hafa borið að gæta jafnræðis milli hluthafa, eða sýna fram á ávinning þeirra hluthafa sem sátu eftir. Skil Bjarna á hluta starfslokagreiðslu sinnar til bankans hafi engin áhrif á þessa málshöfðun.

4

FRÉTTABLAÐIÐ

7. janúar 2009 MIÐVIKUDAGUR

Árið 2008 létust þrjátíu og tveir einstaklingar af slysförum:

Heima- og frítímaslys óvenjutíð

SLYS Ellefu manns létu lífið í heima- og frítímaslysum í fyrra, eða 34 prósent af öllum þeim sem létust af slysförum á árinu. Þetta er veruleg aukning frá því árið áður þegar fjórir létu lífið í heima- og frítímaslysum. Þetta sýna tölur frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg.

Í heildina létust þrjátíu og tveir einstaklingar af slysförum í fyrra. Flestir þeirra, eða tólf manns og 38 prósent af heildinni, létust í umferðarslysum. Mun færri létust þó í umferðarslysum í fyrra en síðustu ár. Meðaltal síðustu tuttugu ára er 22 banaslys í umferðinni á ári.

Sex létust í vinnuslysum, einn drukknaði og tveir létust í öðrum slysum í fyrra.

Langflestir þeirra sem létust voru karlmenn, eða 27 talsins. Fimm konur létu lífið í slysum og engin börn.

Tveir Íslendingar létust af slysförum erlendis. Þeir eru ekki inni í tölum Landsbjargar heldur eru þeir skráðir í banaslysatölur í Danmörku og í Færeyjum.

Banaslys á Íslandi hafa verið skráð allt frá því árið 1928. Í fyrstu voru einungis sjóslys og drukknanir skráð en frá 1948 hafa öll banaslys verið skráð.

- hhs



- kóp



DÓMARAR AÐ STÖRFUM Íslensk stjórnvöld ætla að kanna til þrautar möguleika á að leita réttar fyrir Mannréttindadómstól Evrópu, sem er staðsettur í Strassborg.

Kanna á fáfarna leið til Strassborgar

Stjórnvöld vilja að Mannréttindadómstóll Evrópu skeri úr um hvort beiting Breta á hryðjuverkalögum gegn Landsbankanum standist mannréttindasáttmála Evrópu. Lagaprófessor telur litlar líkur á að dómstóllinn taki málið fyrir.

DÓMSMÁL Ríkisstjórnin ætlar að kanna til þrautar möguleika á að leita réttar Íslendinga fyrir Mannréttindadómstól Evrópu vegna beitingar breskra stjórnvalda á hryðjuverkalögum gegn Landsbankanum. Jafnframt hefur ríkisstjórnin ákveðið – á grundvelli álits frá breskri lögmennsstofu og álits ríkislögmanns og þjóðréttarsérfræðings utanríkisráðuneytisins á því – að höfða ekki mál fyrir breskum dómstólum vegna sama máls.

Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands og sérfræðingur á sviði þjóðarréttar og alþjóðlegra mannréttindareglna, telur litlar líkur á að íslensk stjórnvöld geti á þessu stigi kært aðgerðir breskra stjórnvalda til Mannréttindadómstólsins. Ósennilegt sé að dómstóllinn falli frá skilyrðum um að réttarúrræði innan-



BJÖRG THORARENSEN

dómstólaleið. Ástæður gætu meðal annars verið að dómur hafi gengið í sambærilegu máli.

Björg tekur fram að henni sé ekki kunnugt um efnislegt innihald álits bresku lögmennanna. Hins vegar beri að hafa hugfast að mannréttindasáttmáli Evrópu er lögfestur í Bretlandi sem gerir það að verkum að breskir dómstólar þurfa að dæma eftir honum og

túlka ákvæði hans í samræmi við túlkun Mannréttindadómstólsins. „Breskir dómstólar hafa ekki meira svigrúm til að takmarka mannréttindi án lagaheimildar heldur en Mannréttindadómstóllinn myndi veita. Þeir þurfa að beita sömu ákvæðum um mannréttindi, þar á meðal um vernd eignarréttarins,“ segir Björg.

Þær milliríkjakærur sem Mannréttindadómstóllinn hefur tekið fyrir varða hóp manna, ástand eða tiltekna framkvæmd – ekki eitt afmarkað tilvik um beitingu laga, að sögn Bjargar. „Ég þekki ekki fordæmi þess að Mannréttindadómstóllinn hafi vikið frá því skilyrði að ríki geti kært annað ríki án þess fyrir liggja niðurstaða innanlandsdómstóla um hvort tiltekin stjórnvaldsákvörðun brýtur gegn ákvæðum sáttmálans eins og við þessar aðstæður.“ bjorn@frettabladid.is

Eigendur Viðskiptablaðsins: Eignarhaldið er enn þá á huldu

FJÖLMÍÐLAR Enn er á huldu hverjir eru eigendur Viðskiptablaðsins en Haraldur Johannessen ritstjóri segir stefnt að því að gefa það upp fljótlega.

Aðspurður hvort honum finnist ekki verra gagnvart lesendum blaðsins að eignarhaldið sé á huldu segir Haraldur svo vera. „Við ætlum að upplýsa þetta þegar við getum vegna þess að við teljum réttara að þetta sé á hreinu.“

Haraldur vildi ekkert segja um af hverju ekki væri hægt að gefa eignarhaldið upp. „Ég get ekki farið út í það.“

- kóp

Starfsmenn Reykjavíkurborgar: Fara með jólatré á haugana

SAMFÉLAGSMÁL Frá og með deginum í dag og fram til 14. janúar verða starfsmenn framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar á þönum um borgina við að sækja jólatré.

Þeir sem vilja losna við tré ættu að skilja það eftir á áberandi stað við lóðarmörk og ganga þannig frá þeim að sem minnstar líkur séu á að þau fjúki.

Hægt er að koma ábendingum eða óskum á framfæri í gegnum símaver Reykjavíkurborgar í síma 4 11 11 11.

- hhs



RÍKISÚTVARPIÐ Útvarpsgjaldið verður 17.200 krónur á ári fyrir fólk á aldrinum 16 til 70 ára.

Afnotagjald RÚV lagt niður: Útvarpsgjald rukkað í ágúst

FJÖLMÍÐLAR Afnotagjald Ríkisútvarpsins hefur nú verið lagt niður, samkvæmt lögum. Þess í stað mun Ríkisútvarpið hafa tekjur af útvarpsgjaldi.

Afnotagjaldið var 2.995 krónur á mánuði fyrir hvert heimili, eða 35.940 krónur á ári. Nýtt útvarpsgjald verður hins vegar 17.200 krónur á ári hjá hvejum þeim sem greiðir í Framkvæmdasjóð aldraðra, það er hjá þeim sem eru eldri en 16 ára og yngri en 70 ára og eru yfir skattleysismörkum. Þá munu allir lögaðilar greiða gjaldið. Gjaldlagi útvarpsgjaldsins er 1. ágúst hvers árs.

- ss

BRIDS

SKÓLINN

Byrjendur ... 26. janúar ... tíu mánudagar frá 20-23

Framhald ... 28. janúar ... átta miðvikudagar frá 20-23

- Bridsskólinn býður jafnaðarlega upp á **námskeið fyrir byrjendur** og fjölbreytt **framhaldsnámskeið** fyrir þá sem vilja auka kunnáttuna. Framhaldið er nú með nýju sniði, þar sem höfuðáherslan er á spilamennsku.
- Námskeið skólans eru haldin í húsnæði Bridssambands Íslands, **Síðumúla 37** í Reykjavík.
- Hægt er að mæta **stakur**, í pari eða í hóp.
- Mörg stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna.
- Sjá ennfremur á Netinu undir bridge.is/fræðsla.

Uppl. og innritun í síma **898-5427** frá 13-18 daglega.

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson

veður-fræðingur

HLÝTT LOFT YFIR LANDINU

Það er nokkuð sérstök staða í háloftunum þessa dagana. Segja má að hlý tunga teygir sig frá suðri til norðurs eftir endilöngu Atlantshafi með eindregnum hlýindum við yfirborð en sitt hvorum megin við tunguna, þ.e. á meginlöndunum, er fimbulkalt. Þetta hlýja loft er rakt og því verður almennt vætusamt á landinu næstu daga.

Á MORGUN

5-13 m/s stífastur SV-til

FÖSTUDAGUR

5-10 m/s

HEIMURINN

Alicante	10°
Amsterdam	2°
Basel	-1°
Berlin	-2°
Billund	-1°
Eindhoven	-1°
Frankfurt	-4°
Friedrichshafen	-3°
Gautaborg	-1°
Kaupmannahöfn	0°
Las Palmas	19°
London	3°
New York	2°
Orlando	23°
Osló	-9°
París	-1°
Róm	9°
Stokkhólmur	-7°

Vindhraði er í m/s.

Hitastig eru í °C.


Gildistími korta er um hádegi.

Mikið úrval ljósa



ÚTSALA

10-70% Afsláttur



Opið laugardag 11:00 - 16:00

Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

www.rafkaup.is

KJÖRKASSINN

Á Kaupþing að fara í mál við Breta vegna beitingar hryðju-verkalaganna?

Já	95,1%
Nei	4,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Eiga aðrir bankamenn að fara að fordæmi Bjarna Ármannssonar og skila hluta af háum greiðslum sem þeir hafa fengið?

Segðu þína skoðun á [visir.is](#)

visir

Nýtt þing tók til starfa í Bandaríkjunum í gær, skipað meirihluta demókrata:

Obama vill hraða afgreiðslu

BANDARÍKIN, AP Barack Obama reiknar með að nýtt þing, sem kom saman í gær með meirihluta demókrata í báðum deildum, samþykki með hraði hundruð milljarða dala efnahagspakka sem nota á til að lappa upp á efnahagslífið í Bandaríkjunum. „Ég reikna með að geta undirritað lögin stuttu eftir að ég tek við embætti,“ sagði Obama, sem tekur við forsetaembætti af George W. Bush eftir tvær vikur. Sextán ár eru síðan demókratar höfðu meirihluta í báðum þingdeildum og forsetaembættið að auki. Búast má við að demó-

kratar láti hendur standa fram úr ermum strax frá fyrsta degi. Ýmislegt dregur þó athygli þingsins frá efnahagsvandanum. Í gær þurfti hið nýja þing að byrja á að neita Roland Burris um sæti Barack Obama í öldungadeildinni. Hinn umdeildi ríkisstjóri í Illinois, Rod Blagojevich, hafði ætlað að útvega Burris sætið, en Blagojevich var ákærður fyrir að hafa reynt að selja sætið hæstbjóðanda. Demókratar eru staðráðnir í að fallast ekki á neinn sem Blagojevich skipar í þetta þingsæti, en Burris mætti engu síður til Washington í gær vongóður um að verða öldunga-deildarþingmaður. -gb



LEIÐTOGAR DEMÓKRATA Nancy Pelosi, forseti fulltrúadeildar Bandaríkþings, og Harry Reid, leiðtogi meirihluta demókrata í öldungadeildinni, ræddu við fréttamenn á mánudag að loknum fundi með Barack Obama. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Starfsmenn St. Jósefsspítala:

Fordæma vinnubrögð ráðherra

HEILBRIGÐISMÁL Starfsfólk St. Jósefsspítala – Sólvangs í Hafnarfirði sendi í gær frá sér harðorða yfirlýsingu þar sem það lýsir yfir megnri óánægju og fordæmir vinnubrögð Guðlaugs Þórs Þórðarsonar heilbrigðisráðherra. „Samskiptaleysi og skortur á upplýsingum til starfsfólks hefur skapað óvissu og kvíða um framtíð okkar og skjólstæðinga okkar,“ segir í tilkynningu starfsfólksins. Rætt hefur verið um að loka skurðeildum St. Jósefsspítala í hagræðingarskyni. - hhs

SKEMMTILEG NÁMSKEIÐ



Erum að taka á móti umsóknum á eftirfarandi barna- og unglinganámskeið:

- * Gítarnámskeið
- * Trommunámskeið
- * Rafbassanámskeið



Partýgítarnámskeið

-Ætluð fullorðnum byrjendum í gítarleik.

Gítarnámskeið

-fyrir leikskólastarfsfólk

Upplýsingar og innritun á [www.tonsalir.is](#)
Námskeið hefst í janúar.



Tónsalir er rypmískur tónlistarskóli þar sem leitast er við að viðhalda gleðinni í hljóðfæranáminu

TónsalirBARA GAMAN....

Bæjarlind 2 sími 534-3700 [www.tonsalir.is](#)

Lagfærir kosninga-stöðu Ísraelsstjórnar

Stanslausar árásir Ísraelshers á þéttbýlt Gazasvæðið síðustu tólf daga hafa kostað nærri 600 manns lífið, þar af tugi barna. Tímasetning árásanna virðist miðuð við þingkosningarnar, sem haldnar verða í Ísrael í næsta mánuði.

ÍSRAEL „Við getum þetta líka“, virðast vera skilaboð þeirra Ehuds Olmerts, Tzipi Livni og Ehuds Barak til Ísraelskra kjósenda. Það þarf ekki að kjósa neinn Benjamin Netanyahu til að sýna Palestínu-mönnum hörku.

Í næsta mánuði verða haldnar kosningar í Ísrael. Ehud Olmert, fyrrverandi leiðtogi Kadima-flokksins, hættir þá sem forsætisráðherra. Hann þurfti að segja af sér í haust vegna spillingarmála, en gegnir embættinu til bráðabirgða fram að kosningum.

Tzipi Livni utanríkisráðherra tók við af Olmert sem leiðtogi Kadima, en virtist til skamms tíma ekki eiga mikla möguleika á að verða forsætisráðherra að kosningum loknum. Samkvæmt skoðanakönnunum virtust kjósendur heldur ætla að halla sér að Benjamin Netanyahu, harðsnúnum hægrimanni sem var forsætisráðherra um þriggja ára skeið undir lok tíunda áratugarins.

Netanyahu er leiðtogi Likud-flokksins, tók við forystunni þar árið 2005 eftir að Ariel Sharon, fyrrverandi forsætisráðherra, yfirgaf sinn gamla flokk til að stofna Kadima út af ágreiningi við Netanyahu og fleiri í flokknum um þau áform sín að láta Gazasvæðið Palestínumönnum eftir. Sharon hefur nú legið í dái á sjúkrahúsi í tvö ár.

Með miskunnarlausum loftárás-um og landhernaði á þéttbýlu Gazasvæðinu tekst þeim Livni og Barak, sem er varnarmálaráðherra og leiðtogi Verkamanna-flokksins, samstarfsflokks Kadima í stjórninni, væntanlega að



LEITUÐU SKJÓLS Í SKÓLA SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA Fjöldi barna og kvenna hefur síðustu daga leitað skjóls í skólum sem Sameinuðu þjóðirnar reka víða á Gazasvæðinu, þar á meðal í þessum skóla í Gazaborg. Tugir manna féllu þegar Ísraelar gerðu árás á slíkan skóla í bænum Jebaliya í gær. NORDICPHOTOS/AFP

tryggja sér nægilegt fylgi til áframhaldandi stjórnarsetu.

Árásirnar á Gaza síðustu tólf daga hafa kostað nærri 600 manns lífið, þar af meira en hundrað almenna borgara, og eru tugir þeirra á barnsaldri.

Ísraelsríki tekur óneitanlega áhættu með þessu gegndarlausu blóðbaði, því þótt staða stjórnar-flokkanna geti batnað í kosningum gætu viðbrögð Palestínumanna, arabaríkja og Vesturlanda hugsanlega orðið harkalegri en ráðamenn stjórnarinnar virðast reikna með. Til þessa hafa Ísraelskir ráðamenn þó sjaldnast þurft að láta viðbrögð umheimsins stöðva sig.

Tímasetning árásanna á Gaza

virðist ekki aðeins ráðast af því, að kosningar eru í nánd í Ísrael, heldur einnig því að viðbrögð Bandaríkjanna geta aldrei orðið annað en máttlítil, nú þegar George W. Bush á aðeins tvær vikur eftir í embætti forseta og Barack Obama hefur ekki tekið við.

Obama hefur ekki fengist til að tjá sig um árásirnar, heldur segist vilja láta Bush það eftir meðan hann er enn við völd. Bush segist hins vegar bæði skilja og styðja Ísraelsstjórn, en hvetur til vopnahlés. Afstaða hans virðist þó litlu máli skipta vegna þess að embættið hans er nánast lokið.

[gudsteinn@frettabladid.is](#)

Framkvæmdir við byggingu nýrra stúdentagarða hófust í gær:

Þrjú stúdentahús í byggingu

FRAMKVÆMDIR Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, tók í gær fyrstu skóflustunguna að nýjum stúdentagarðum Félagsstofnunar stúdenta.

Stúdentagarðarnir rísa við Skógarveg í Reykjavík. Húsin eru þrjú talsins og hvert þeirra fjórar hæðir. Í þeim verða áttatíu íbúðir, annars vegar tveggja herbergja og hins vegar þriggja herbergja. Um byggingu húsanna sér Sveinbjörn Sigurðsson ehf. en arkitektar eru Hornsteinar ehf.

Áætlað er að þeir 160 til 200 manns sem muni eiga heimili á Skógarvegi geti flutt inn í desember 2009.

Leigueiningar á stúdentagarðum FS eru nú 730 talsins og hýsa um 1.200 manns. Í tilkynningu frá FS segir að félagið þurfi að eiga húsnæði fyrir um fimmtán pró-



FYRSTA SKÓFLUSTUNGAN Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, tók í gær fyrstu skóflustunguna að nýjum stúdentagarðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

sent stúdenta við HÍ. Það þýðir um tvö þúsund íbúðir til að uppfylla þarfir næstu ára. Er nú beðið frekari úthlutunar byggingasvæðis.

Eftir að Jóhanna hafði tekið skóflustunguna setti hún af stað

flugeldasýningu og sendi þannig „stúdentum og nýjum nágrönnum þeirra í Fossvogi bjartar kveðjur með því að lýsa upp himininn“, eins og fram kom í tilkynningu frá Félagsstofnun stúdenta. - hhs

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

Tempur - dagar



Eitt líf - njótum þess

TEMPUR Gravity Zero:

Stillanlegt heilsurúm

Stærð: 2x90x200

Verð kr. 837.412,-

Tilboð kr. 669.930,-



TEMPUR 20cm: Heilsurúm

Stærð: 160x200

Verð kr. 245.800,-

Tilboð kr. 193.640,-



TEMPUR Celebrity: Heilsurúm

Stærð: 160x200

Verð kr. 375.800,-

Tilboð kr. 300.640,-



TEMPUR heilsukoddar

Margar gerðir og stærðir

Verð frá kr. 7.990,-



Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477

Ísafirði
Skeiði 1
Sími 456 4566

www.betrabak.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardag frá kl. 11-16

VEISTU SVARIÐ?

1 Hvað segist Bjarni Ármannsson, fyrrverandi bankastjóri Glitnis, hafa skilað hárrí upp-hæð til bankans eftir fall hans?

2 Fyrir hvað hlaut Búllan við-urkenningu á mánudaginn?

3 Hvaða fræga slagorð þrýðir nýjan bol sem seldur er í Fígúru á Laugaveginum?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

SIMBABVE

Kólerufaraldur magnast

Kólerufaraldurinn í Simbabve magn-aðist á mánudaginn, eftir að hafa hægt á sér um viku skeið. Alls hafa nærri 35 þúsund manns veikt og 1.700 látist síðan faraldurinn braust út í ágúst.

AUSTURRÍKI

Hauskúpur í kjallara

Tvær hauskúpur ásamt fleiri manna-beinum fundust í kjallara fjölbýlishúss í Vínarborg í gær. Lögreglan var kvödd til og hófst rannsókn þegar á því að hverju beinin voru í kjallaranum.

Lægsta verð í ASÍ könnunum síðan 2005

LYFJAVER APÓTEK

JANÚARTILBOD:

VERÐ 4.459,-

FRUIT, 204 stk.

LYFJAVER - VERDPRESSARINN!

SUÐURLANDSBRAUT 22

VIRKA DAGA 08:30 - 18:00

LAUGARDAGA 10:00 - 14:00

FRAMKVÆMDA- OG EIGNASVIÐ

7. - 14. janúar

Við sækjum jólatréð þitt

Settu jólatréð á áberandi stað við lóðarmörk og hafðu í huga að fjúkandi jólatré getur valdið skemmdum.

Starfsmenn Framkvæmda- og eignasviðs verða á ferðinni dagana 7. til 14. janúar. Eftir það verður þú að koma jólatrénu á næstu endurvinnslustöð Sorpu.

Nánari upplýsingar hjá síma 411 1111.

Nánari upplýsingar á www.reykjavik.is/fer

8FRÉTTABLAÐIÐ7. janúar 2009MIÐVIKUDAGUR

Stjórnskipulagsbreytingar á Akranesi gætu sparað tíu til fimmtán milljónir á ári:

Ætlað að auka skilvirkni og gegnsæi

GÍSLI S. EINARSSON

Segir 10 til 15 milljónir sparast með því að leggja niður nefndir.

Gísli segir að jafnframt hafi verið stigið stórt skref í átt til aukins lýðræðis þar sem kjörnum fulltrúum sé falið veigameira hlutverk en áður. Þeir komi að málum á fyrstu stigum sem geri lýðræðið opnara og virkara. Þá verði hlutverk og ábyrgð kjörinna fulltrúa og ráðinna embættismanna glegggra og skýrara með erindisbréfum.

Breytingarnar voru gerðar í samráði við samgönguráðuneytið sem fer með málefni sveitarfélaganna. Að sögn Gísla hafa þær vakið áhuga sveitarstjórnarmanna í nágrannasveitarfélögum.

- bps

kvæmda sparist tíu til fimmtán milljónir króna á ári.

Skipulagsbreytingarnar nú eru afrakstur starfs sem hófst að loknum kosningunum 2006. Leiðarljósið var að gera stjórnsýsluna gegnsærri og auka skilvirkni hennar.

Fjórir ræða við Glitni um að kaupa útgáfufélagið Árvakur

Forstjóri Árvakurs segir að fást verði niðurstaða um aðkomu nýrra eigenda um miðjan janúar. Skuldir Árvakurs nema rúmum 4,4 milljörðum. Þær jukust um rúma tvo milljarða á síðasta ári vegna gengisfalls.

VIÐSKIPTI

Fjórir aðilar munu senn hefja viðræður við Glitni um kaup á Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins. Að hverjum þeirra standa ýmist einn eða fleiri fjárfestar. Ekki er loku fyrir það skotið að samstarf komist á milli aðila um kaup á félaginu.

Einar Sigurðsson, forstjóri Árvakurs, hefur unnið að leit og kynningu fyrir nýja fjárfesta. Hann segir að rætt hafi verið við umtuttugu aðila en eftir standi fjórir sem hefji nú viðræður við Glitni, viðskiptabanka Árvakurs. „Við teljum að það þurfi að fást niðurstaða í þess- ar samræður um miðjan þennan mánuð,“ segir Einar en formleg leit að nýjum eigendum hefur staðið frá nóvemberlokum.

Að sögn Einars hefur áhersla verið lögð á að reyna að tryggja sem breiðast eignarhald að félaginu; samþjöppun eignarhalds sé

EINAR SIGURÐSSON

óæskilegt. Hann segir önnur skilyrði ekki hafa verið sett. Til að mynda hafi ekki verið útilokað að eigendur eða hluthafar í öðrum fjölmiðlum eignist hlut í Árvakri.

Í fjárfestakynningu Árvakurs kemur fram að ráðgert sé að hluta- fé núverandi eigenda verði fært niður þegar nýir fjárfestar finn- ist. Einar segir að frá því hafi verið gengið við Glitni að stjórn félagsins sæti og gegndi skyldum þar til endurfjármögnun væri frá- gengin.

Í fjárfestakynningunni kemur fram að skuldir Árvakurs nema rúmlega 4,4 milljörðum króna. Tæplega þrír milljarðar eru lán frá Glitni vegna kaupa á prent- smiðju en önnur lán frá Glitni nema tæplega 800 milljónum. Þá skuldar Árvakur Landsbankanum tæpar 900 milljónir. Landsbanka- lánið og Glitnislán upp á rúmar 300 milljónir eru óveðtryggð en voru veitt með ábyrgð eignar- haldsfélaga hluthafa.

Einar segir að skuldirnar hafi vaxið mjög á síðasta ári vegna gengishruns krónunnar. „Við, eins og fleiri félög, erum með lán með

AÐ HÁDEGISMÓUM Skuldir Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins, jukust um rúma tvo milljarða á síðasta ári vegna hruns krónunnar.

tengingar við erlendar myntir og skuldastaðan versnaði um rúm- lega tvo milljarða króna á síðasta ári vegna gengishrunsins.“ Því til áréttingar nefnir hann að lánið frá Landsbankanum sem nú stendur í tæpum 900 milljónum nam 450 milljónum þegar það var tekið.

Í fjárfestakynningunni kemur fram að á síðasta ári nam tap Árvakurs fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir (EBITDA) 570 milljónum króna. Rekstraráætlan- ir gera ráð fyrir að á þessu ári verði jákvæð EBITDA.

bjorn@frettabladid.is

Neytendur: Hættu að reykja og sparaðu stórfé

Græddu ein mánaðarlaun á ári

DR. GUNNAR

neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Nú er sá tími ársins sem sígarettuþrælar reyna hve harðast að sleppa tókum á fíkninni. Snaggaraleg örvíman sem hlýst af innöndun- inni er lítilfjörleg í samanburði við heilsu- leysið sem reykjngafólk er að kalla yfir sig. Ekki síðri hvati til að hætta er tilhugsunin um allar krónurnar sem sparast. Nú er algennt sjoppu- verð á sígarettupakka um 700 krónur, svo eins pakka á dag- manneskja er að púa 255.500 krónum bókstaflega út í loftið á ári. Það eru útborguð mánaðarlaun fyrir meðalman- inn.

Apótek	Nicotinelle fruit 2 mg., 204 stk.	Nicorette nefúði 0.5 mg., 200 skammtar
Lyfjaver	4.459 kr	3.994 kr.
Garðsapótek	4.390 kr.	4.790 kr.
Skipholtsapótek	4.483 kr.	4.103 kr.
Lyfja, Lágmúla	4.890 kr.	4.324 kr.
Lyf og heilsa, JL-húsinu	5.293 kr.	5.093 kr.
Apótekarinn, Melhaga	4.857 kr.	4.298 kr.
Lyfjaval, Þönglabakka	4.950 kr.	5.470 kr.

Margir treina sér vanann og svissa yfir í nikótíntyggjó. Eins pakka á dag- reykjngamanneskjan fer með sirka spjald á dag (12 tyggjó) og þarf því að kaupa tvo pakka á mánuði. Það er vissulega ódýrara en að totta líkkistunaglanna, kostar 105- 125 þúsund á ári eftir því hvar nikótín- tyggjóid er keypt. Sumir reykjngamenn skipta yfir í nefúða sem ku meira „kikk“ en tyggjóid. Eins og sést hér á verðkönn- uninni eru apótekin misdýr. Þessar hjálparvörur hafa hækkað mikið undanfarna mánuði vegna veikingar krónunnar, líkt og sígarettarnar.

Hafa skal í huga að fólk getur auðveldlega orðið háð nikótínvörum. Mörg dæmi eru um fólk sem er enn á nikótíntyggjó eftir margra ára jörtur. Mesta vitidi og mestur sparnaður er því auðvitað að hætta bara og þola fráhvörfin með tilheyrandi geðvonsku og svitaköst- um.

Allar vörur á 1.990

Töfrasproti Eldhúsvog digital 43% AFSLÁTTUR 3.490

Kaffivél 2. bola 43% AFSLÁTTUR 3.490

Salt- og piparkvarmir Eggjasjóðari 2 STKI! 50% AFSLÁTTUR 3.990

Sítruspressa 34% AFSLÁTTUR 2.980

Nuddtæki með ljósi 50% AFSLÁTTUR 3.990

Rafmagnssópur 67% AFSLÁTTUR 4.990

400W þilofn 60% AFSLÁTTUR 4.990

Hárklippisett 34% AFSLÁTTUR 2.990

Naglasnyrtisett 50% AFSLÁTTUR 3.990

Diskahitari f. 8 disk 72% AFSLÁTTUR 6.980

Allar vörur á 2.990

Lítill matvinnsluvél 34% AFSLÁTTUR 4.490

Kaffivél þurslað stál/svört 50% AFSLÁTTUR 5.990

Hraðsuðukanna 2000W 40% AFSLÁTTUR 4.990

Samlokugrill hvítt 25% AFSLÁTTUR 3.990

Handryksuga f/hleðslu 25% AFSLÁTTUR 3.990

Sléttujárn keramik 33% AFSLÁTTUR 3.990

Gufustraujárn 1400W 25% AFSLÁTTUR 3.990

Hárblásari 2000W 25% AFSLÁTTUR 3.990

Baðvog digital gler 50% AFSLÁTTUR 5.990

ALLT AÐ 70% AFSL.
ÚTSALA!
GERÐU RAFMÖGNUM KAUP

A/A/A einkunn
Hljóð 47 dB(A)
Verð nú 99.900 ÞÚ SPARAR 25.000

BARKALAUS RAKASKYNJARI
Verð nú 94.900 ÞÚ SPARAR 15.000

Electrolux
Hljóðlát uppþvottavél með 5 þvottakerfum þ.á.m. hraðkerfi, erfiðiskerfi og skolon
 ✓ Tekur borðbúnað fyrir allt að 12
 ✓ Hitastig 70/65/50°C
 ✓ Seinkun á gangsetningu möguleg
 ✓ Stíllanleg hæð
 ✓ Án toppplötu
 ✓ Verð áður kr 124.900

Electrolux
Barkalaus þurrkari með rakaskynjara. Kerfi fyrir viðkvæman og venjulegan þvott
 ✓ Tekur allt að 6 kg af taui
 ✓ Krumpuvörn og niðurkæling á taui
 ✓ Veltir til beggja átta
 ✓ Stórt 33 cm hurðarop
 ✓ Hljóðmerki í lokin
 ✓ Verð áður kr 109.900

Sital
Þurrkari fyrir barka með tímastilli.
 ✓ Tekur allt að 6 kg af taui
 ✓ Kerfi fyrir bæði venjulegan og viðkvæman þvott
 ✓ Krumpuvörn
 ✓ Veltir í aðra áttina
 ✓ Stórt hurðarop
 ✓ Einfalt og skýrt stjórnborð
 ✓ Verð áður kr 59.900

Allar vörur á 5.990

Vandað voffljúrn með hitastilli 25% AFSLÁTTUR 7.990

Djúpsteikingapottur 2,5 ltr 34% AFSLÁTTUR 6.990

Gufusuðupottur 25% AFSLÁTTUR 7.990

Ryksuga 1400W 25% AFSLÁTTUR 7.990

Lofthreinsitæki með ilm 25% AFSLÁTTUR 7.990

Kleinhringjajárn 25% AFSLÁTTUR 7.990

AÐEINS BROT AF URVALINU

144 cm
Verð nú 59.900 ÞÚ SPARAR 10.000

152 ltr frystikista
Verð nú 69.900 ÞÚ SPARAR 10.000

Frigor
144 cm kæli- og frystiskápur með vandaðri innréttingu.
 ✓ 167 ltr kæli / 45 ltr frystir
 ✓ Sjálfvirk affrýsting í kæli
 ✓ Afar hljóðlátur
 ✓ Glerhillur
 ✓ HxBxD: 144x55x57 cm
 ✓ Verð áður kr 69.900

Frigor
152 ltr frystikista
 ✓ 174 ltr kæli / 61 ltr frystir
 ✓ 1 grind
 ✓ Hitamælir
 ✓ HxBxD: 85x73x64,5 cm
 ✓ Verð áður kr 79.900

2400W

Verð nú 11.990 AFSLÁTTUR 30%

TRISTAR
2400W ryksuga
Með stíllanlegu skafti og sogkrafti.
Multi Filter system og 4,5 lítra poki. Verð áður kr 16.990

appliance
Kraftmikill veggháfur með fallegu bogadregnu glerskyggni, halogen lýsingu og snertitökkum
 ✓ 870 rúmmetra sogafköst
 ✓ 3 hraðastillingar
 ✓ 2 halogen ljós
 ✓ Verð áður kr 49.900

Verð nú 39.900 ÞÚ SPARAR 10.000

appliance
Vandaður veggofn með fjölkerfa blástursofni, grilli og undir- og yfirhita.
Verð áður kr 69.900

Verð nú 54.900 ÞÚ SPARAR 10.000

appliance
Keramik helluborð með snertitökkum
Verð áður kr 69.900

Verð nú 59.900 ÞÚ SPARAR 10.000

Rafha

Opið virka daga 9-18 | Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
 laugardag 10-18 | Sími 5880500
www.rafha.is



PRETTÁNDASOKKUR Á Ítalíu fylgir sú sögn þrettándanum að aðfaranótt hans komi gömul kerlingaskrukka, La Befana, færandi hendi með gjafir til barna. Á mánudagskvöldið kom þessi mannfjöldi saman í bænum Viterbo með 52 metra langan sokk, úttroðinn af gjöfum.

NORDICPHOTOS/AFP



HNERRANDI Árvissar öndunarfærasykingar hafa greinst að undanfögnu, oftast í börnum.

RS-vírus og parainflúensa:

Árlegir gestir láta á sér kræla

HEILBRIGÐISMÁL Fimm til tíu tilfelli af RS-vírus hafa verið greind á veirufræðideild Landspítalans og álíka mörg tilfelli af parainflúensu. Sýkingarnar lýsa sér með kvefi, hósta og geta einnig farið lengra ofan í öndunarveginn.

„Líklegast er að hámarkinu sé ekki náð,“ segir Árhúur Löve, yfirlæknir á veirufræðideild Landspítalans. Sýkingarnar komi fram árlega en á óreglulegum tímum og af mismunandi krafti. „Við byrjum yfirleitt að greina tilfellin einhverjum vikum eða mánuðum áður en faraldurinn verður hvað verstur.“

- hhs

Norsk stjórnmál:

Hringdi of mik-ið í spákonu

NOREGUR Saera Khan, þingmaður jafnaðarmanna í Noregi, hefur beðist formlega afsökunar en hún fór í leyfi síðasta haust eftir að forseti norska þingsins, Thorbjørn Jagland, neitaði að láta greiða símreikninga hennar þar sem þeir voru svo háir.

Khan skýrði háa reikninga með því að kærastinn sinn væri erlendis og það kostaði sitt að hringja í hann. Síðan kom í ljós að Khan hafði hringt oftsinnis í spákonu á símtorgi.

Norskir þingmenn fá almennt allan símkostnað endurgreiddan.

- ghs

Átti að vera kominn í afplánun á þriggja ára fangelsisdómi:

Lögregla leitar enn nauðgara

LÖGREGLUMÁL Robert Dariusz Sobiecki, sem hefur verið eftirlýstur af lögreglu undanfarnar vikur, er enn ófundinn að sögn Friðriks Smára Björgvinssonar, yfirlögregluþjóns lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Maðurinn á að vera kominn í afplánun á þriggja ára fangelsisdómi en gengur enn laus.

Robert, sem er pólskur ríkisborgari um títugt, var dæmdur fyrir að nauðga stúlku á salerni á Hótel Sögu aðfaranótt 17. mars árið 2007. Hann var jafnframt dæmdur til að greiða henni eina og hálfa milljón króna í skaðabætur. Stúlkan var nítján ára þegar

hún varð fyrir ofbeldisverknadum. Í dómi Hæstaréttar sagði að brotið hefði verið ófyrirleitið og til þess fallið að valda stúlkunni verulegum skaða.

Lögreglan lýsti fyrst eftir ofbeldismanninum um miðjan desember síðastliðinn. Að sögn Friðriks Smára er talið að hann sé ekki farinn úr landi. Líklegra sé að hann leynist einhvers staðar úti á landsbyggðinni. Lögregla hefur leitað hans, en án árangurs enn sem komið er. Þeir sem geta gefið upplýsingar um ferðir mannsins eða dvalarstað eru beðnir að hafa samband við lögregluna í síma 444-1100.



ROBERT DARIUSZ SOBIECKI Eftirlýstur frá 12. desember.

Streita, þunglyndi og kvíði í lögreglu

Nýbirt könnun Ríkislögreglustjóra sýnir að lögreglumenn á höfuðborgarsvæðinu eru stressaðri, þunglyndari og kvíðnari en starfsbræður þeirra á landsbyggðinni. Reikna má með að um 70 lögreglumenn þurfi meðferð árlega.

LÖGGÆSLUMÁL Lögreglumenn á höfuðborgarsvæðinu eru stressaðri, þunglyndari og kvíðnari en starfsbræður þeirra á landsbyggðinni.

Þetta er meðal þess sem lesa má út úr nýbirtum niðurstöðum könnunar sem Ríkislögreglustjóri hefur látið gera á á streitu og líðan lögreglumanna.

Í skýrslunni kemur einnig fram að stjórnsýslutengd streita virðist almennari og meiri en streita, sem beint er hægt að tengja verkefnum lögreglu, hvað varðar höfuðborgarsvæðið. Þar er fyrst og fremst nefndur skortur á starfsfólki, of mikið skriffræði, ósamkvæmi í stjórnunarstíl, skortur á úrræðum og ófullnægjandi búnaður.

„Þetta eru einmitt atriði sem Landssamband lögreglumanna hefur verið að benda á í sínum málflutningi,“ segir Snorri Magnússon formaður Landssambands lögreglumanna (LL). Hann segir sambandið fagna skýrslunni.

„Þar kemur fram stuðningur við málflutning LL síðastliðin ár varðandi álag á lögreglumenn, sem meðal annars hefur skapast af undirmönnun í lögreglu og breytingum sem gerðar voru á skipan lögreglu í upphafi árs 2007. Þar var, að mati LL, farið nokkuð bratt í hlutina.“

Snorri segir að ofan á þetta bætist svo við sífelldar kröfur um hagræðingu í ríkisrekstri sem gert hafi það að verkum, að mati LL, að ekki verði lengra farið í niðurskurð til löggæslu í landinu.

LL hafi ítrekað bent á þessa



ÁLAGSSTARF Einn af hverjum tíu lögreglumönnum virðist upplifa þónokkra streitu. Álíka fjöldi upplifir þunglyndi og litlu færri kvíða, samkvæmt könnuninni. Með hliðsjón af því má reikna með að 70 lögreglumenn þurfi meðferð við streitu eða þunglyndi árlega.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

hluti allt liðið ár til dæmis varðandi breytingar í lögreglu. Í skýrslunni kemur fram að gert sé ráð fyrir að sameiningarferli lögreglu höfuðborgarsvæðisins eigi að vera lokið innan fimm ára.

„Þetta er, að mati LL, áhyggjuefni eigi lögreglumenn að búa þrjú ár til viðbótar við það óvissuástand sem varað hefur innan lögreglu undanfarnar rúm tvö ár. Það kann ekki góðri lukku að stýra að á sama tíma og slíkt óvissuástand ríkir í þjóðfélaginu skuli lögreglumenn eiga að búa við áframhald-

andi streituvalda í starfsumhverfi sínu umfram það sem „eðlilegt“ er.“

Niðurstöður könnunar Ríkislögreglustjóra benda enn fremur til þess að lögreglumenn sem lokið höfðu námi við Lögregluskóla ríkisins væru stressaðri, þunglyndari og kvíðnari en ófaglærðir starfsbræður vegna aukinnar ábyrgðar hinna fyrrnefndu. Þá liði yngri lögreglumönnum meira eins og þeir séu alltaf í vinnunni og eigi of lítinn tíma með fjölskyldu og vinum.

jss@frettabladid.is

Lögreglan á Vestfjörðum:

Tugir teknir við fíkniefnaakstur

LÖGREGLUMÁL Á síðasta ári voru alls 38 öllumenn kærðir í umdæmi lögreglunnar á Vestfjörðum vegna gruns um akstur undir áhrifum fíkniefna, eða fyrir að vera með leifar fíkniefna í blóði eða þvagi. Jafngildir þetta því að þrír öllumenn hafi verið kærðir fyrir þetta brot í hverjum mánuði síðasta árs.

Til samanburðar má nefna að á árinu 2007 voru fimm öllumenn kærðir í sama umdæmi fyrir þetta brot á umferðarlögum. Rétt er að geta þess að eftirlitsaðferðum var breytt í lok árs 2007 og hefur þeirri aðferðarfræði verið beitt allt árið 2008.

- jss



ÓLAFÍA HRÖNN GAF FYRSTA SÍMANN Á annan tug þúsunda gsm-síma hefur safnast í fjáröflunar- og endurvinnsluáttaki björgunarsveita.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Farsímasöfnun Landsbjargar:

Tíu þúsund hafa svarað kallinu

SAMFÉLAGSMÁL Á annan tug þúsunda farsíma hefur safnast í fjáröflunar- og endurvinnsluáttaki björgunarsveitanna.

Landsmenn hafa brugðist vel við áttakinu og komu með gamla farsíma um leið og áramótaflugeldarnir voru keyptir. Símarinn eru ýmist endurunir eða endurnýttir og sendir til þróunarlenda.

Hægt var að skila sínum á flugeldamarkaði björgunarsveita fram á þrettándann. Nú er hægt að koma sínum á N1 bensinstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og í verslanir símafyrirtækja fram til 15. janúar.

- hhs

NOREGUR

Storkur með vetursetu

Storkurinn Sture hefur haldið sig í frostinu í Noregi í vetur þó að hann eigi heima á suðlægari breiddargráðum. Þetta mun ekki hafa gerst áður og telur fuglafræðingur að storkurinn hafi orðið áttavilltur.

RÚSSLAND

Ritstjóri skotinn

Ritstjóri rússneska fréttavefjarins Region 51, Sjáfig Amrakhov, liggur á sjúkrahúsi í Múrmansk í Rússlandi eftir að hafa verið skotinn fyrir utan íbúð sína.

Útsalan hefst í dag • Útsalan hefst í dag • Útsalan hefst í dag • Útsalan hefst í dag

ÚTSALA

ENNEWM / SIA / NM24333



HERRAFATAVERSLUN
BIRGIS

FÁKAFENI 11 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 553 1170



MENNING, SJÁLFSRÆKT OG TUNGUMÁL

- fjölbreytt og áhugaverð námskeið á vormisseri

Menning

Rústað: Námskeið og leiksýning um samtímaleikritun
hefst 22. janúar

Eftir jólabókaflóðið: Yndislestur með Katrínu Jakobsdóttur
hefst 27. janúar

Pílagrímaleiðin til Santiago de Compostella
hefst 27. janúar

Lúther í pólitík, myndlist og bókmenntum
hefst 3. febrúar

Gunnlaugs saga ormstungu og Heiðarvígasaga
hópur I - hefst 3. febrúar
hópur II - hefst 5. febrúar

Kína: Menning, land og saga
hefst 4. febrúar

Konurnar í Biblíunni: Frá Evu til Maríu móður Guðs
hefst 5. febrúar

Hvað voru þeir eiginlega að hugsa: Tónsmíðaaðferðir 20. aldar
hefst 2. mars

Istanbul
hefst 2. mars

Bútasaurur, heimilisiðnaður eða listgrein?
hefst 4. mars

Biblían - ekki bara ein bók
hefst 5. mars

Danski sjónvarpsseríugaldurinn
hefst 11. mars

Um söguslóðir Sisi - hinnar fögru og dularfullu keisaraynju af Austurríki
hefst 17. mars

Orðspor - gildin í samfélaginu
hefst 26. mars

Svartfugl eftir Gunnar Gunnarsson
hefst 20. apríl

Leiðarvísir að Sturlungu
hefst 21. apríl

Sjálfsrækt

Samskipti foreldra og barna
hefst 11. febrúar

Seigla er kjarni sigurviljans
haldið 19. febrúar

Framsækni - örugg tjáning
hefst 2. mars

Vönduð íslenska: Að skrifa gott íslenskt mál
hefst 5. mars

Sjálfsstyrking og samskipti fyrir konur
hefst 5. mars

Ræktun matjurta í heimilisgarðinum
hefst 16. apríl

Lög og réttur fyrir 50+
hefst 20. apríl

Börn eru klár
hefst 20. apríl

Frístundalóðir: Umhirða og skipulag
hefst 5. maí

Tungumál

Franska fyrir byrjendur II
hefst 13. janúar

Hagnýt sænska fyrir heilbrigðisstarfsfólk
hefst 22. janúar

Að skrifa texta á ensku – viðskiptaenska
hefst 26. janúar

Spænska I
hefst 2. febrúar

Ítalska af lífi og sál - Námskeið fyrir byrjendur
hefst 2. febrúar

Ítalska af lífi og sál - framhald
hefst 4. febrúar

Kínverska fyrir byrjendur
hefst 23. febrúar

Framsögn og framburður á ensku
hefst 2. mars

Spænska II
hefst 9. mars

ENGINN FER EINN
Í GEGNUM LÍFIÐ

- ástvinir lifa í skugga áfalls
og góðir vinir styrkja vin til bata

Happdrætti SÍBS byggir á einstakri hugsjón, við byggjum upp endurhæfingu að Reykjalundi fyrir þúsundir Íslendinga sem fá áfall og þurfa aðstoð til að takast á við lífið á ný.

Byggjum saman á vináttu
– veldu þér vinanúmer núna í síma **552 2150** eða á **sibs.is**.
Í verðlaun færðu möguleika á mörgum milljónavinningum.

40 milljónir á mánuði 2009
DRÖGUM 14. JANÚAR

35.271 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð 1.000 kr.



HAPPDRAETTI



...fyrir lífið sjálft

NICOLAS CAGE ER 45 ÁRA Í DAG.

„Til að verða góður leikari þarftu að líkjast að nokkru leyti glæpamanni, að vera fús til að brjóta reglur til að keppa að einhverju nýju.“

Nicolas Cage leikari er þekktur fyrir myndir á borð við Wild at Heart, Face Off, Adaptation og Leaving Las Vegas en fyrir leik sinn í þeirri mynd hlaut Cage Óskarsverðlaun fyrir besta leik karla í aðalhlutverki.



tímamót

timamot@frettabladid.is

AFMÆLI



BRYNDÍS ÍSFOLD
HLÖÐVERS-
DÓTTIR er
32 ára.



**ANNA MJÖLL ÓLAFS-
DÓTTIR**
söngkona
er 39 ára.



SVAVA JOHANSEN
kaupmaður er
45 ára.



DAVID CARUSO
leikari er 53 ára.



KRISTJÁN HREINSSON
skáld er 52
ára.



KATIE COURIC
sjónvarpskona
er 52 ára.



Ástkær faðir okkar, sonur, tengdafaðir,
bróðir og afi,

Þorsteinn I. Sigurðsson

húsasmiðameistari, Faxafeni 12, Reykjavík,

varð bráðkvaddur laugardaginn 3. janúar sl. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 14. janúar kl. 13.00.

Signý Rós Þorsteinsdóttir
Sigurður Þorsteinsson
Ágústa Helga Vigfúsdóttir
barnabörn og systkini.

Guðmundur Úlfar Jónsson



Ástkær fósturmóðir mín og systir,

Ásgerður Emma

Kristjánsdóttir

Efri Tungu, Vesturbyggð,

lést á sjúkrahúsi Patreksfjarðar að morgni aðfangadags 24. desember. Útför fer fram frá Patreksfjarðarkirkju laugardaginn 10. janúar kl. 14.00. Jarðsett verður í Sauðlauksdalskirkjugarði.

Marínó Thorlacius
Halldór Kristjánsson



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Pórunn Magnúsdóttir

sagnfræðingur, síðast að Dalbraut 27, Reykjavík,

lést að kvöldi aðfangadags 24. desember. Útför fer fram í Fossvogskirkju miðvikudaginn 7. janúar kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á góðgerðarfélög.

Eygló Bjarnardóttir
Ingibjörg Bjarnardóttir
Erla BÍl Bjarnardóttir
Magnús Bjarnarson
Guðrún Helgadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Geir Ólafsson

Helgi Thorarensen

ÞETTA GERDIST 7. JANÚAR 1990

Skakka turninum í Písa lokað

Á þessum degi árið 1990 var skakka turninum í Písa lokað fyrir almenningi í fyrsta sinn í 800 ár. Ástæðan var sú að turninn var farinn að hallast einum of mikið og hætta talin á að hann myndi hrynja á hliðina. Á hundrað árum hafði turninn færst til um næstum 25 sentimetrar. Áætlað var að hallinn myndi aukast um 2 mm á hverju ári þar sem jarðvegurinn sunnan megin við turninn var mýkri en norðan megin.


Hafist var handa við stórfelldar viðgerðir á turninum árið 1992 og ári síðar var hann hættur að hallast. Árið



1995 hrundi turninn um 2,5 mm á einni nóttu sem var um 10 prósent af þeim halla sem búið var að leiðrétta. Til að koma í veg fyrir að slíkt gerðist aftur var turninum haldið uppi af tveimur stálbitum. Síðan var komið fyrir lóðum norðan megin á turninn og mörg tonn af jarðvegi voru grafin undan turninum norðan megin. Árið 2001 hafði hallinn verið minnkaður um 45 sentimetrar og var kostnaðurinn við verkið áætlaður um 200 milljónir dala. Þá var hann opnaður almenningi á ný. Talið er að eftir 300 ár verði turninn í hætta á ný.

MERKISATBURÐIR

- 1610** Galileó Galilei uppgötvar tungl Júpíters.
- 1730** Árni Magnússon handrita-safnari andast 66 ára.
- 1792** Fyrstu forsetakosningar Bandaríkjanna eru haldnar en George Washington verður fyrir valinu.
- 1906** Ungmennafélag Akureyrar er stofnað.
- 1927** Símasamband kemst á milli New York og London.
- 1979** Pol Pot, leiðtoga Rauðu Kmerana í Kambódíu, er steypt af stóli.
- 1979** Frystihús Ísbjarnarins í Örfirisey í Reykjavík er tekið í notkun. Það var talið eitt hið fullkomnasta í heimi.
- 1989** Japanski keisarin Hiro-hito andast.



HAPPRÆTTI Brynjólfur Sigurðsson, forstjóri Happraðttis Háskóla Íslands, við tromlurnar tvær sem dregið var úr á fyrstu árum happraðttisins. Í stærri tromluna voru settir miðar með öllum númerum, í þá minni miðar með þeim vinningsupphæðum er dregið var um í hverjum útdrætti.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

HAPPRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS: 75 ÁRA Á ÁRINU

Fjármagnar allar byggingar HÍ

Happraðtti Háskóla Íslands (HHÍ) er 75 ára á árinu. Af því tilefni hefur verið sett upp sýning á efri hæð í Smáralindinni með myndum úr sögu happraðttisins.

Brynjólfur Sigurðsson, forstjóri HHÍ, var beðinn um að rifja upp hvernig happraðttið varð að veruleika.

„Háskóli Íslands var stofnaður árið 1911 og var til húsa í Alþingishúsinu,“ segir Brynjólfur. Í upphafi voru nemandurnir 45 en fjölgaði á næstu tuttugu árum um tæplega hundrað. „Þannig var orðið ástætt að þrengslin voru orðin mjög mikil og því ljóst að eitthvað varð að gera í húsnæðismálum háskólans,“ segir Brynjólfur og samþykkti Alþingi því byggingu á húsnæði fyrir háskólan en reyndar með því skilyrði að fé yrði veitt til þess á fjárlögum. Hins vegar varð ekkert af því og því góð ráð dýr.

„Eftir því sem ég best veit var það arkitekt aðalbyggingar háskólans, Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, sem færði það í tal við rektor Alexand-er Jóhannesson hvort ekki væri upp-

lagt að fá heimild til þess að nýta lagaheimild frá árinu 1926 til að reka happraðtti fyrir Háskóla Íslands,“ segir Brynjólfur. Hugmyndin fékk blendnar móttökur á þingi en þó fór svo að lög þess efnis voru samþykkt 1933 og happraðttið tók til starfa þá um áramótin. Fyrsti útdrátturinn fór fram 10. mars 1934.

Megintilgangurinn með happraðttinu var að byggja aðalbygginguna en fyrsta húsið sem var reist fyrir happraðttisfé var atvinnudeildarhús sem síðar var kallað Jarðfræðahús. Nú er það í eigu Þjóðminjasafnsins. „Síðan kom aðalbyggingin en svo má í raun segja að allar byggingar Háskóla Íslands hafi verið reistar fyrir happraðttisfé fyrir utan örlitinn hluta í Læknagarði þar sem kom framlag frá ríkissjóði,“ segir Brynjólfur en fyrir utan byggingu húsa hefur féð einnig verið notað til viðhalds og við kaup á rannsóknartækjum.

Brynjólfur segir áhugann á happraðttinu ekki eins afgerandi í dag og hann var í upphafi þegar nánast allir

miðar seldust upp. „Í fyrsta lagi eru komin afskaplega mörg önnur happraðtti en auk þess hefur þjóðfélagið allt breyst svo mikið á þessum tíma. Það sem við verðum vör við, sérstaklega hjá unga fólkinu, er að fólk vill vita strax hvort það hafi unnið. Tíminn virðist ekki skipta eldri kynslóðir eins miklu máli sem var tilbúið til að bíða,“ segir Brynjólfur en tekur fram að sér þyki undravert hvað þó hafi tekist að halda í horfinu hin síðari ár.

Fjárhæðirnar sem safnast í gegnum HHÍ, happaprennu og happraðttisvél- ar HHÍ eru ekki litlar. Á þessu ári býst Brynjólfur við að Happraðttið geti látið Háskólann hafa um 600 milljónir króna.

Fyrir utan sýninguna í Smáralind ákváð Happraðtti Háskólans að hafa í tilefni afmælisins einn stóran vinning upp á 75 milljónir en dregið verður úr seldum miðum í desember.

Hið eiginlega afmæli HHÍ verður ekki fyrr en 10. mars. Hvort eitthvað verði gert í tilefni dagsins segir Brynjólfur ekki ákveðið enn. solveig@frettabladid.is



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir,
amma og langamma,

Kristbjörg Jakobsdóttir

Sunnuvegi 9, Hafnarfirði,

andaðist á Landspítalanum Fossvogi mánudaginn 5. janúar. Jarðarförin auglýst síðar.

Jón Finnsson

Kristín Jónsdóttir

Ásbjörn Snorrason

Kristbjörg Tinna, Jón,
Tindur Orri, Ylfa Hrönn,
Styrmir Ási Kaiser.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma
og vinur,

Elín J. Þórðardóttir

Kópavogsbraut 1a,

lést fimmtudaginn 1. janúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 8. janúar kl. 15.00.

Elín J. Jónsdóttir Richter
Valgerður P. Jónsdóttir
Arngunnur R. Jónsdóttir
Jón Þórir Ingimundarson
og Ingimundur Eyjólfsson.

Reinhold Richter
Árni Þórarinnsson
Helgi Rúnar Rafnsson
Elín Ingimundardóttir



MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 7. janúar 2009 – 1. tölublað

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000



Kauphöllin
Ný hlutabréfavísitala
á nýju ári



2

Utanríkisviðskipti
Mest verslað í
Bandaríkjadöllum



4-5

Helgi Magnússon
Aldrei það
kemur til baka



6

Hillir undir lok lánamála

„Við vonumst til þess að niðurstaða fáiast í málið í þessum mánuði,“ segir Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Kaupþings.



FINNUR SVEINBJÖRNSSON

Fram hefur komið að nokkrir tugir starfsmanna gamla Kaupþings, og félög á þeirra vegum, fengu ríflega fimmtíu milljarða króna að láni í bankanum til að kaupa í honum hlutabréf. Þau urðu verðlaus þegar bankinn féll.

Stjórn gamla Kaupþings samþykkti í lok september að aflétta persónulegum ábyrgðum af starfsmönnum vegna hlutabréfakaupanna. Standi það, teljast hlutabréfalanin til skattskyldra tekna.

Starfsmennirnir hafa hins vegar óskað eftir því við stjórn nýja Kaupþings að lánin verði innheimt í samræmi við almennar reglur bankans.

- ikh

Dregur úr verðbólgu

Verðbólga mældist 1,6 prósent á evrusvæðinu í desember, samkvæmt útreikningum Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins. Þetta er talsvert umfram vonir.

Kólnun hagkerfisins, minni eftirspurn á neytendamarkaði og lækkun olíuverðs skýrir lækkunina að mestu, að sögn Bloomberg-fréttaveitunnar.

Jean-Claude Trichet, seðlabankastjóri evrópska seðlabankans, ætti að gleðjast við fréttirnar en verðbólga hefur ekki verið minni í rúm tvö ár og komin undir markmið bankans.

- jab

HELST Í ÚTLÖNDUM

Kreppir að | Seðlabanki Danmerkur, Nationalbanken, spáir því að allt að 200.000 Danir gætu misst vinnuna á næstu tveimur árum. Bankinn segir að fari allt á versta veg verði kreppan í landinu í ár sú versta frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar.

Ódýrara húsnæði | Verð á húsnæði í Bretlandi lækkaði að meðaltali um 15,9 prósent á nýliðnu ári, samkvæmt upplýsingum breska fasteignalánaveitandans Nationwide.

Björgunaraðgerð | Derek Lovelock, forstjóri Mosaic Fashion, hefur átt viðræður við bæði fjárfestingarfélagið Alchemy og breska auðjófurinn Sir Philip Green um sölu á hlut í verslana-keðjunni Mosaic Fashion til að bæta úr lausafjárvanda félagsins.



Gas, gas | Heimsmarkaðsverð á hráolíu hefur hækkað um 40 prósent frá aðfangadegi, eða um það leyti sem Rússar skráfuðu fyrir gasleiðslur til Úkraínu. Nú er búið að skrífa fyrir gas á landamærum Rúmeníu og það þýðir að það er orðinn gasskortur í Búlgaríu, Grikklandi, Tyrklandi og Makedóníu.

Háar kröfur | Gjaldprot Sterling flugfélagsins í Danmörku stefnir í að verða eitt það stærsta í Danmörku á síðustu árum. Kröfur í þrotabúið nema nú 870 milljónum danskra króna, hátt í 20 milljörðum íslenskra króna. Talið er að verðmæti eigna í þrotabúinu upp í kröfur nemi um 97 milljónum danskra króna.

Ekkert eins og áður var

Smærri sparisjóðir velta fyrir sér samrunamöguleikum og eru með óformlegar þreifingar. Ár samruna að hefjast. Viðræður Sparisjóðsins í Keflavík, Byrs og SPRON eru sagðar á áætlun.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

„Það verður ekkert eins og var áður,“ segir Jóhann Antonsson, stjórnarformaður Sparisjóðs Svarfdæla á Dalvík, og vísar þar til breytts rekstrarumhverfis fjármálafyrirtækja.

Smærri sparisjóðir eiga sumir hverjir í óformlegum þreifingum um samruna eða samstarf, en Jóhann telur þó lítinn fót fyrir fréttum af stofnun nýrrar norðlenskrar peningastofnunar. „Sparisjóðsmenn um allt land velta hins vegar ýmsu fyrir sér í hagræðingarskyni þótt viðræður séu óformlegar,“ segir hann. „Allir leita hins vegar að hagræðingum leiðum. Það eina sem maður getur verið viss um er að ekkert verður eins og var áður. Ýmislegt þarf að breytast.“

Geirmundur Kristinsson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðsins í Keflavík, telur sömuleiðis að við sparisjóðum landsins blasi gjörbreyttar aðstæður sem bregðast verði við. „Ég horfi fram á að á árinu verði samþjöppun meðal sparisjóða,“ segir hann.

Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forstjóri Saga Capital, kveður „úr lausu lofti gripnar“ þreifingararnar um norðlensku peningastofnunina sem vísað var til í kvöldfréttum Útvarps í vikunni. Banki hans

átti þar að verða stærsti eigandi. „Menn eru sjálf-sagt að hittast hér og hvar í kaffi og kleinum, en við höfum ekki komið nálægt neinum viðræðum á þessum nóttum.“ Við sameininguna voru orðaðir Sparisjóður Svarfdæla, Sparisjóður Ólafsfjarðar, Sparisjóður Siglufjarðar, Sparisjóður Skagafjarðar og Sparisjóður Höfðhverfinga á Grenivík, með mögulegri aðkomu KEA og Kaupfélags Skagfirðinga.

Saga Capital og VBS fjárfestingarbanki áttu í haust í viðræðum um mögulega sameiningu en þeim var slegið á frest í októberbyrjun vegna mikillar óvissu á fjármálamörkuðum. Þá hafði í fyrra vor verið samið um aðkomu KEA að Sparisjóði Höfðhverfinga, en fallið var frá þeim ráðahag eftir að hann hafði um allnokkurt skeið verið til umfjöllunar hjá Fjármálaeftirlitinu. Þá hafði KEA einnig átt í viðræðum við Sparisjóð Svarfdæla um aðkomu að sjóðnum, en þeim hefur, samkvæmt heimildum blaðsins verið hætt, í minnsta kosti að sinni.

Samrunaviðræður Sparisjóðsins í Keflavík, Byrs sparisjóðs og SPRON munu vera á áætlun og ennþá er að því stefnt að boda stofnfjáreigendur og hluthafa til fundar í febrúar þar sem fjallað verði um samruna sjóðanna. Formlegar sameiningarviðræður hófust í desemberbyrjun, en verði af sameiningunni miðar hún nýliðin áramót.

Hagþróunin ekkert efnahagsundur

Hagvöxtur á Íslandi var mun meiri á sjöunda og áttunda áratugnum en á hinu svokallaða frjálshyggju-tímabili sem hófst 1995. Það er því afar villandi að kenna hagþróun síðustu ára við efnahagsundur, að því er Stefán Ólafsson félagsfræðiprófessor segir í nýrri grein í tímaritinu Stjórnmal og stjórnsýsla.

Í greininni er greint frá rannsókn á þróun hagvaxtar og kaupmáttar á lýðveldistímanum á Íslandi. Viðfangsefnið er skoðað í samhengi við nýlegar fullyrðingar um „íslenska efnahagsundrið“, það er þá hugmynd að hagsæld og kaupmáttur hafi aukist meira eftir árið 1995 en á fyrri áratugum lýðveldisins.

Stefán segir að bæði þjóðarframleiðsla og kaupmáttur almennings hafi aukist langmest á tímabilinu frá 1960 til um 1980. Hið eiginlega íslenska efnahagsundur hafi átt sér stað á þessum tíma.

„Góðæri fyrri áratuganna einkenndust af almennri og jafnri aukningu kaupmáttar meðal almennings, en góðærið eftir 1995 einkenndist af sívaxandi ójöfnuði, sem fól í sér að hátekjufólk og stóreignafólk naut hagvaxtarins í meiri mæli en þeir sem lægri tekjur höfðu,“ segir í grein Stefáns. Þar kemur enn fremur fram, að góðærið eftir árið 2003 hafi mikla sérstöðu á lýðveldistímanum, vegna þess að það hafi öðru fremur byggt á gríðarlegri skuldasoðnun erlendis.

Frjálshyggjuvæðingin náði hámarki með einkavæðingu bankanna, segir Stefán sem segir nýja eigendur bankanna hafa þeim á ótæpilegan hátt í fjárfestingastarfsemi. Í kjölfarið hafi fylgt dæmigerð ofþensla og eignaverðsbóla, með skuldasoðnun sem nú hafi leitt til fjármálahruns.

- bh

Flott gleraugu – ný sending

Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

GENGISÞRÓUN		
	Vika	Frá áramótum
Alfesca	-4,8%	-4,8%
Bakkavör	-8,4%	-8,4%
Eimskipafélagið	-1,6%	-1,6%
Icelandair	0,0%	0,0%
Kaupþing	0,0%	0,0%
Marel	1,2%	1,2%
SPRON	0,0%	0,0%
Straumur	-1,1%	-1,1%
Össur	-2,5%	-2,5%

*Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær.
Úrvalsvísitalan OMXI15 355.
Úrvalsvísitalan OMXI6 981,46

Meiri möguleikar með leyfinu

„Varanlegt viðskiptabankaleyfi gerir okkur kleift að auka þjónustu við viðskiptavinum,“ segir Styrmir Þór Bragason, forstjóri MP banka.

Fjármálaeftirlitið veitti bankanum viðskiptabankaleyfi 10. október á nýliðnu ári til áramóta og staðfesti það þegar nýtt ár rann í garð.

Í kjölfarið hefur bankinn samið um aðgang að kerfum Reiknistofu bankanna og fengið úthlutað bankanúmeri og gerst aðili að stórgreiðslukerfi Seðlabankans og jöfnunarkerfi Fjölgreiðslumiðlunar.

Styrmir segir næstu skref felast í auknum netbankalausnum og kortaþjónustu, svo fáein dæmi séu tekin. Ekki sé ætlunin að breyta bankanum úr eignastýringarfyrirtæki í hefðbundinn inn- og útlánsbanka. „Við munum fyrst og fremst útvíkka starfsemi okkar gagnvart þeim viðskiptavinum okkar sem vilja ávaxta fjármuni sína,“ segir hann.

STYRMIR ÞÓR BRAGASON Forstjóri MP Banka segir varanlegt viðskiptabankaleyfi gera bankanum kleift að útvíkka starfsemi sína frekar.



SÍ með þriðjung

Seðlabankinn segir að frá því að millibankamarkaður með gjaldreyri var endurvakinn 4. desember hafi dregið mjög úr viðskiptum bankans. Nettósala bankans hafi numið 11,1 milljón evra, um 1,8 milljörðum króna á núverandi gengi.

Hagtölur segja að í öllum desembermánuði hafi Seðlabankinn staðið fyrir um þriðjungi af heildarveltu á gjaldeyrismarkaði, sem var 10,5 milljarðar. Í sama mánuði fyrir ári var hlutur Seðlabankans í gjaldeyrisviðskiptum á millibankamarkaði 0,4 prósent, en þá var heildarveltan yfir 380 milljarðar króna.

Kreppir að hjá auðkýfingi

Fjármálakreppan kom illa við skoska auðkýfinginn Sir Tom Hunter á nýliðnu ári.

Hunter, sem gjarnan er kallaður ríkasti maður Skotlands og stefnir að því að gefa einn milljarð punda, jafnvirði 180 milljarða króna, til góðgerðamála á meðan hjarta hans slær, hefur fjárfest nokkuð með Baugi í Bretlandi í gegnum tíðina, svo sem í bresku versluninni House of Fraser og garðvörukeðjunni Wyevale Garden Centres. Þá átti hann helmingshlut í Jötun Holding, sem sat á tveggja prósent hlut í gamla Glitni um tíma.

Samkvæmt útreikningum skoska blaðsins Evening Times í fyrradag nam tap auðkýfingsins 250 milljónum punda, jafnvirði 44,5 milljarða íslenskra króna á núverandi gengi, í fyrra.



SIR TOM HUNTER Hann hefur nú selt villu sína í Suður-Frakklandi og snekkju til að eiga fyrir salti í grautinn og standa við skuldbindingar sínar.

Hunter, sem er 47 ára, er þrátt fyrir allt ekki aurlaus en breska dagblaðið Times segir verðmæti eigna hans nema 750 milljónum punda.

Ný vísitala gæti orðið til eftir upprisu Kauphallar

Sex fyrirtæki í nýrri Úrvalsvísitölu endurspegla kreppuna á Íslandi. Betri tíðar á hlutabréfamarkaði má vænta í enda árs 2010, segir forstjóri Kauphallarinnar.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson skrifar

„Hlutabréfavísitölur endurspegla þróun efnahagslífsins. Þær hreyfast fyrir í hagsveiflum, lækka á undan samdrætti í landsframleiðslu og auknu atvinnuleysi. Vísitölurnar hækka sömuleiðis fyrir,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Nasdaq OMX Iceland, sem í daglegu tali nefnist Kauphöll Íslands. Hann reiknar með erfiðu ári á hlutabréfamarkaði. Í lok árs 2010 megi vænta að virkur markaður verði hér á ný.

Kauphöllin hóf að reikna nýja samsetningu á hlutabréfavísitölu í ársbyrjun. Líkt og fram hefur komið endurspeglar vísitalan fjölda fyrirtækja sem skráð eru á aðallista og mest viðskipti eru með. Hún heitir í samræmi við það OMXI6. Þórður segir ekki útilokað að ný vísitala verði sett saman þegar hlutabréfamarkaðurinn tekur við sér á ný. „Það er hugsanlegt ef fyrirtækjum fjölgar mikið,“ segir hann.

Nýja vísitalan var stillt á 1.000 stig við upphafi árs. Engin sérstök ástæða liggur að baki því annað en að sú gamla, OMXI15, var stillt með sama hætti þegar hún var tekin upp fyrir tæpum ellefu árum, eða í upphafi árs 1998. Þrátt fyrir að byrjað sé að reikna nýja vísitölu mun sú eldri verða reiknuð áfram fram í enda júní næstkomandi.

Gamla vísitalan endurspeglar þann fjölda fyrirtækja sem upphaflega voru skráð á aðallista. Félögin voru: Actavis, Alfesca, Burðarás (síðar Eimskip), Flugleiðir (síðar FL Group), HB Grandi, Hampiðjan, Haraldur Böðvarsson, Íslandsbanki (síðar Glitnir), Marel (síðar Marel Food Systems), Samherji, SR-Mjöl, Sildarvinnslan, Þormóður rammi-Sæberg, Útgerðarfélag Akureyringa og Vinnslustöðin. Eins og sést á töflunni standa tvö félög enn eftir í nýju vísitölunni af þeim fimmtán sem þar voru í upphafi.

Gamla Úrvalsvísitalan fór hæst í 9.016 stig um miðjan júlí á tíunda ára afmælisárinu 2007. Það jafngildir rétt rúmlega 800 prósentu aukningu á níu ára tímabili. Afar hratt tók að halla undan fæti eftir þetta í samræmi við siharðnandi lausafjárekreppu og hafði hún fallið um þrjátíu prósent þegar árið var á enda.



LITLIR SVEINAR LEIKA SÉR Á MARKAÐNUM Jólasveinarnir, Grýla og fylgdarlið skreyttu Kauphöllina yfir jólin. Skrautið var tekið niður í gær.

NÝJA ÚRVALSVÍSITALAN*	
Félag	Vægi í vísitölu
Össur	26,04%
Marel Food Systems	23,89%
Straumur	20,39%
Alfesca	17,42%
Icelandair Group	7,04%
Bakkavör	5,21%
* Heimild: Nasdaq OMX	

Nýliðið ár var svo einkar erfitt á hlutabréfamarkaði, bæði hér heima og erlendis. Níu félög fóru af markaðnum, þar af fimm sem skráð voru í Úrvalsvísitöluna. Á meðal þeirra voru Glitnir og Landsbankinn, sem ríkið tók yfir í bankahruninu í október. Skilanefnd Kaupþings hefur óskað eftir afskráningu gamla bankans og stendur hún fyrir dyrum. Við þessar hremmingar tók vísitalan stóra dýfu og fór í tæp 650 stig. Erfitt reyndist að stöðva snjóboltann. Þegar árið var á enda stóð Úrvalsvísitalan tæpum 65 prósentum undir upphaflegu gildi í byrjun árs 1998.

Árið hefur ekki byrjað vel fyrir hina nýju vísitölu. Hún hefur lækkað hvern dag frá áramótum, eða um samtals 1,81 prósent, og stóð í enda dags í 981,46 stigum.

Mál Baldurs tekið fyrir

Dómsmál Baldurs Guðnasonar, fyrrverandi forstjóra, gegn Eimskipafélaginu verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag.

Baldur stefndi félaginu um miðjan september og krefst þess að Eimskip greiði sér 140 milljónir króna vegna margra mánaða eftirstöðva af starfslokasamningi.

Baldur hætti óvænt störfum hjá Eimskip í febrúar í fyrra, löngu fyrir aðalfund félagsins.

Um þær mundir munu stjórnendur Eimskipafélagsins hafa fengið veður af slæmri stöðu breska félagsins Innovate sem síðar var afskrifað í heilu lagi.



BALDUR GUÐNASON

Verðmæti Eimskips í Kauphöllinni rýrnaði mikið í kjölfarið. Kauphöllin gerði athugasemdir við afskriftirnar og Fjármálaeftirlitið hóf rannsókn. Það sektaði Eimskipafélagið um 20 milljónir króna vegna brota á upplýsingaskyldu á dögunum.

Baldur Guðnason mun hafa fengið tvo mánuði greidda af tveggja ára uppsagnarfresti.



Belgar stofna Kaupþingssjóð

Ríkisstjórn Belgíu samþykkti í gær að stofna sérstakan tryggingsjóð fyrir innstæðueigendur hjá Kaupþingi í Lúxemborg. Stjórnvöld þar veita 75 til 100 milljónum evra, jafnvirði allt að sautján milljörðum, til sjóðsins.

Haft er eftir Didier Reynders, fjármálaráðherra Belgíu, í þarlendum fjölmiðlum, að um

einstaka ákvörðun sé að ræða þar sem Kaupþingsbankinn sé staðsettur í Lúxemborg en ekki Belgíu. Í framhaldi af þessu er gert ráð fyrir að viðræður um kaup fjárfestingarsjóðs frá Lábýu á Kaupþingi í Lúxemborg hefjist á ný. Þeim var frestað eftir að ríkisstjórn Belgíu féll fyrir áramótin.

Töluverður áhugi á Versacold ytra

„Nú erum við staddir í öðrum fasa söluferlisins og það eru sjö hugsanlegir kaupendur eftir,“ segir Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips, um sölu á kanadíska félaginu Versacold-Atlas.

Eimskipafélagið hefur átt í nokkrum erfiðleikum og glímt við þungar skuldir.

„Við fáum meira en sem nemur skuldunum við sölu á félaginu og náum því einnig að lækka skuldir móðurfélagsins. Það þýðir ekki að við séum lausir allra mála, en það lagar stöðuna hjá okkur mikið, hverfi helmingur skuldanna og við losnum við næstum allar erlendar skuldir,“ segir Gylfi.

Hann segir að um þrjátíu aðilar hafi í upphafi sýnt áhuga á að kaupa Versacold. Þá hefði verið farið yfir hugsanlega kaupendur ásamt tveimur erlendum bönkum.

Þeir sjö sem eru eftir munu gera annað tilboð í fyrirtækið 15. janúar, en hafa fengið sérstaka kynningu á fyrirtækinu í milli-tíðinni.

Versacold-Atlas er stærsta fyrirtæki heims á sínu sviði og



GYLFI SIGFÚSSON

rekur um 130 frystigeymslur í nokkrum heimsálfum.

Eftir því sem Markaðurinn kemst næst gætu fengist á milli 700 og 900 milljónir evra fyrir félagið, eða um 116 til 150 milljarðar króna miðað við núverandi gengi Seðlabankans. Þetta fæst ekki staðfest. Fram kom í Markaðnum í október 2007 að heildararkaupverð Versacold og Atlas, sem síðar voru sameinuð, hefði verið um 1.800 milljónir Kanadadala, eða um 112 milljarðar króna, miðað við gengið þá. Síðan hefur nokkuð af eignum verið selt, líklega fyrir um 500 milljónir Kanadadala.

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Tölvunám vorið 2009

Menntun sem gefur þér forskot



Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg sem er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og **nærri 39.000 nemendur** hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á 23 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax í skólann sem flestir sækja (yfir 2.000 manns á ári).

Tölvuskóli TV er viðurkenndur af menntamálaráðuneyti og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.

Microsoft
CERTIFIED
Partner

PEARSON
VUE
TECHNOLOGIES
SELECT

PROMETRIC
Testing Centre

Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Starfsnáms- og bókhaldsbrautir



Hagnýtt bókhaldsnám

Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað öllum þeim, sem vilja ná góðum tókum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Þátttakendur fá innsýn í alla algengustu þætti daglegrar bókhaldsvinnu og eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni að loknu námi.

Helstu kennslugreinar

- Fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti
- Laun, afstemningar, undirbúningur uppgjors og margt fleira

Lengd: 94 stnd./63 klst. Verð: 108.900

Hagnýtt bókhaldsnám II

Framhaldsnámskeið í bókhaldi fyrir þá sem vilja ná dýpri skilningi á flóknari færslum fjárhagsbókhalds og nýta sér betur sérkerfi bókhaldskera til að vinna upplýsingar úr þeim til stjórnunar og endurskoðanda

Nám sem gerir þér kleift að verða betri bókari og geta gengið frá sundurliðunum til skatta-uppgjors og ársreikningagerðar til uppgjors-aðila eða endurskoðanda

Lengd: 60 stundir/40 klst. Verð: 79.900

Hagnýtt bókhaldsnám I+II: Verð 169.900

Skrifstofu- og tölvunám

Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel. ECDL próf tekin.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

Lengd: 186 stundir/124 klst. Verð: 139.900

Skrifstofu- og bókhaldsnám

Sparaðu og bættu bókhaldi og fleiri greinum við skrifstofu- og tölvunámið.

Lengd: 318 stnd./212 klst. Verð: 229.900

Tölvu- og bókhaldsnám

Einstakt nám fyrir þig ef þú vilt leggja megináherslu á að læra hagnýta tölvunotkun og bókhald. Lærðu það sem þarf til að undirbúa þig undir krefjandi skrifstofustörf, bókhald eða sjálfstæðan atvinnurekstur.

Helstu kennslugreinar

- Upplýsingatækni, Excel, Access, Outlook, PowerPoint og Word
- Fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti, launamál ofl.
- Tíma- og verkefnastjórnun

Lengd: 270 stnd./180 klst. Verð: 189.900

Almennt tölvunám

Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfsöryggi við tölvunotkun.

Helstu kennslugreinar

- Grunnur tölvutækni og Windows
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist í vinnu eða heima við.

Lengd: 90 stnd./60 klukkust. Verð: 79.900.

Tölvunám fyrir 50+

Skemmtilegt nám fyrir þá sem hafa ekki ennþá lært á tölvu og eru komnir yfir 50 árin. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennara á námskeiðinu.

Kennslugreinar:

- Grundvallaratriði tölvutækninnar og stýrikerfið Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.
- Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.

Lengd: 72 stundir/48 klst. Verð: 64.900

Tölvuþekking fyrir konur

Einstakt námskeið til að ná færni í notkun tölvu í leik og starfi. Stíguðu rétta skrefið og lærðu á Windows, ritvinnslu í Word, Excel, Internetið og tölvupóst á skemmtilegu námskeiði í notalegu umhverfi.

Lengd: 60 stundir/40 klst. Verð: 54.900

Stafræn ljósmyndun

Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

Lengd: 13 stundir/9 klst. Verð: 16.900

Bjóðum einnig námskeið um Picasa og Photoshop Elements fyrir áhugajálsmýndara

Vefhönnun og margmiðlun

Náðu þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík. Spennandi og skemmtilegt nám.

Helstu kennslugreinar

- Hönnun og skipulag vefja
- HTML forritun
- DreamWeaver vefsíðugerð
- Photoshop myndvinnsla og grafík
- Flash I+II margmiðlun

Lengd: 108 st./72 klst. Verð: 129.900

Vefsíðugerð grunnur

Lærðu grunnatriðin í vefsíðugerð með DreamWeaver og Photoshop.

Lengd: 54 stundir/36 klst. Verð: 49.900

Vefur og grafík

Búðu til þitt eigið vefsíðugerðar- og grafík-nám með því að velja eitt eða fleiri námskeið af stundaskrá okkar:

Flash I: 18 st./12 klst. Verð: 27.900

Flash II: 18 st./12 klst. Verð: 27.900

Photoshop I: 27 st./18 klst. Verð: 32.900

Photoshop II: 18 st./12 klst. Verð: 32.900

DreamWeaver: 27 st./18. klst. Verð: 32.900

Veittur er 10% afsláttur af heildarverði pakkans ef tekin eru tvö eða fleiri námskeið saman.

MCITP og MCTS nám



Við bjóðum fjölbreytt MCITP og MCTS nám fyrir þá sem vilja taka að sér umsjón tölvu og neta með því að ljúka námi hjá okkur með alþjóðlegum gráðum frá Microsoft.

MCITP Windows 2008 kerfisstjórn

Námið undirbýr þátttakandann undir það að taka þau próf sem þarf til að verða Microsoft Certified Server Administrator (prófin innifalín). Námið hentar einnig vel þeim sem vilja afla sér þeirrar þekkingar sem þarf til að verða góðir netstjórar.

Lengd: 180st./120klst. Verð: 299.000

Skoðuðu www.tv.is til að sjá önnur MCITP og MCTS námskeið sem eru í boði hjá okkur.

Microsoft
CERTIFIED
Partner

Stutt námskeið

Skoðuðu vefsíðuna okkar þar sem þú finnur mesta úrvalið af stuttum námskeiðum fyrir byrjendur, sem lengra komna!

Skoðuðu www.tv.is

www.tv.is

Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000

– og skoðuðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!



TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 • 108 Reykjavík • Sími 520 9000 • tv@tv.is • www.tv.is

Hugaðu að heilsu og líðan starfsmanna á nýju ári

Heilsuvernd

Trúnaðarlæknir
Heilbrigðisþjónustuver
Læknisskoðanir
Sálfræðiþjónusta
Bólusetningar

Vinnuvernd

Áhættumat
Vinnustaðaúttekt
Líkamsbeiting og líkamlegt álag
Félags- og andlegur aðbúnaður
Vinnuvistfræðileg ráðgjöf

Heilsuefling

Heilsuefling á vinnustað
Heilsufarsmælingar
Heilsufarsmat
Ráðgjöf um næringu
Álags og streitustjórnun



VINNUVERND
vellíðan í vinnu

www.vinnuvernd.is
vinnuvernd@vinnuvernd.is

s.578 0800



Mest verslað í Bandaríkjadöllum

Utanríkisverslun með Bandaríkjadal er töluvert meiri en sem nemur viðskiptum við Bandaríkin. Áttatíu prósent útflutnings héðan fer til EES-ríkja. Innflutningur er líka langmestur þaðan. Holland er stærsta útflutningslandið en mest er flutt inn frá Bandaríkjunum. *Ingimar Karl Helgason* leit á tölur um utanríkisverslun.

Hátt í 40 prósent allra útflutningsviðskipta héðan fara fram í Bandaríkjadöllum, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Hins vegar er útflutningur til Bandaríkjanna ekki nema brot af því, ríflega fimm prósent útflutnings. Þetta segir í tölum Hagstofunnar fyrir árið 2007, en heildartölur fyrir síðasta ár eru ekki komnar.

Heildarútflutningur þetta ár, á verðlagi þess, voru ríflega 300 milljarðar króna, en flutt var inn fyrir um 400 milljarða.

Ekki eru komnar endanlegar tölur fyrir árið 2008.

MEST SKIPT VIÐ EES

Langmest utanríkisviðskipti eru við ríki Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Í heildina fóru alls um 80 prósent alls útflutnings til ríkja EES og þaðan komu um tveir þriðju alls innflutnings árið 2007.

Þegar viðskipti við einstök ríki eru skoðuð kemur í ljós að mest er flutt út til Hollands, síðan Þýskalands en mest er flutt inn frá Bandaríkjunum.

BANDARÍKJADALURINN STÆRSTUR

Vægi Bandaríkjadals er heldur meira í viðskiptum við útlönd en nemur beinum viðskiptum. Samkvæmt Hagstofutölum voru tæp 60 prósent útflutnings í gjaldmiðlum EES-landa árið 2007. Tæp 26 prósent voru í evrum og tvö prósent til viðbótar í dönskum krónum, en hún er tengd evrunni. Um tólf prósent fóru fram í breskum pundum. Viðskipti í Bandaríkjadöllum námu hins vegar 38,1 prósent.

„Nokkuð af verslun við ýmis ríki, til að mynda Asíulönd, er í Bandaríkjadöllum auk þess sem megnið af viðskiptum með ál er í þeim gjaldmiðli,“ segir Katla Gylfadóttir sérfræðingur hjá Hagstofu Íslands.

ÁLINU SIGLT TIL HOLLANDS

Þegar rýnt er í Hagfíðindin sést að verulegur hluti útflutnings til Hollands er ál. Útflutningur til Hollands jókst um 60 prósent milli árána 2006 og 2007. Það skýrist nær eingöngu af auknum útflutningi á áli en einnig kísiljárni.


Það kann að koma á óvart að þetta fari allt til Hollands en skýringin er að enda þótt miklu af þessu sé skipað upp í hollenskri höfn, þá kann það að fara annað síðar. Þegar rýnt er í útflutning til Þýskalands sést að næstum fjórir fimmtu útflutnings þangað eru iðnaðarvörur, að miklu leyti ál. Tólf prósent aukning á útflutningi milli ársins 2007 og ársins á undan, skýrist af aukningu á álútflutningi.

ÁLÍÐ TOPPAR FISKINN

Álið hefur farið vaxandi í útflutningi héðan og er nú helsta útflutningsvara Íslands. Fyrstu ellefu mánuði síðasta árs voru flutt héðan hátt í 700 þúsund tonn af áli fyrir 161 milljarð króna rúman. Útflutningurinn á þessu tímabili nam alls 413 milljörðum, svo rétt tæp 40 prósent útflutnings í fyrra voru ál.

Árið á undan var á þessum tíma í heild flutt út fyrir tæpa 280 milljarða. Þar af voru flutt út ríflega 416 tonn af áli fyrir ríflega 75 milljarða króna. Hlutfall álsins var þá um 27 prósent af heildar-

VÆGI GJALDMIÐLA Í UTANRÍKISVIÐSKIPTUM



HEILSUBANKINN er vefsíða helguð ýmsu sem viðkemur heilsu. Þar má finna upplýsingar um mat og næringu, uppskriftir, heilsurækt, umhverfið, námskeið og hvers kyns meðferðir sem standa til boða og tengjast heilsu með einum eða öðrum hætti. Nánar á www.heilsubankinn.is.

FRÉTTABLAÐIÐ



ALLT

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

VINNUVÉLA- NÁMSKEIÐ

**Næsta
námskeið
hefst
9. jan. n.k.**



Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving

UPPLÝSINGAR OG INNRIÐUN Í SÍMA 588-1414



Veðifélögarnir frá vinstri: Páll Malmberg, Júlíus Guðmundsson, Gísli Pálsson og Stefán Róbert Gissurarson.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Á skotskóm með Skotum

Júlíus Guðmundsson nýtur sín vel á veiðum í skosku hálöndunum ásamt félögum sínum en þangað hefur hann farið þrisvar sinnum og veitt í jólamatin. Hann segir ekki hægt að hugsa sér betra frí.

Júlíus Guðmundsson, verkefnastjóri hjá Íslenskri erfðagreiningu, bregður sér öðru hverju í hressandi frí til Skotlands ásamt félögum sínum þeim Páli Malmberg, Gísli Pálssyni og Stefáni Róberti Gissurarsyni. Þar veiða þeir dádýr og fasana í námunda við Blair Atholl Castle en kastalinn er talinn með fegurri byggingum Bretlands og hefur þá sérstöðu að vera skjannahvítur.

Breskir ferðamenn sækja mikið á þetta svæði enda náttúrufegurðin einstök. Þeir félögarnir hafa í þriggja sótt staðinn heim og þá ávallt að hausti. Þeir hafa gíst í huggulegri heimagistingu hjá leiðsögumanninum sem sér um veiðina og eyða svo tveimur dögum í dádýraveiði, eða „red deer stalking“, og einum í fasanaveiðar eða „rough shooting“.

„Þarna er mikið veiðihefð og allt annað siðferði en hér heima. Mikið er lagt upp úr kurteisi en Skotarnir eru einstaklega viðkunnalegir. Bretar eru taldir kurteisir en Skotar eru bæði kurteisir og viðkunnalegir,“ segir Júlíus.

Herragarðsstemningin ræður ríkjum og leiðsögumennirnir klæðast allir tweed-fötum og tilheyrandi og segja þau miklu betri en goritexið. Júlíus segir að líkja megi stemningunni við sjónvarpsþættina um Hálendahöfðingjann (The Monarch of the Glen) sem sýndir hafa verið á RÚV. Hann segir veiðina mjög vel skipulagða og borga menn fyrir að fá að skjóta eitt dýr á dag.

„Það er kvöð á landareignunum að halda stærð stofnsins, sem er mjög stór, í skefjum og ef það er

ekki gert þá eru landeigendurnir rukkaðir fyrir að fá menn til þess í vinnu. Þeir nýta því okkur veiðimennina í að fella þau dýr sem þeim er skylt að fella. Við sækjum svo um leyfi til yfirdýralæknis til að flytja kjötið til Íslands. Við skilum dýrunum inn í sláturhús ytra, borgum vinnslugjald og fáum það fullverkað og tilbúið í frystinn og hjá flestum okkar er þetta jólamaturinn,“ upplýsir Júlíus sem hefur lengi haft mikinn veiðiáhuga og veitt hreindýr, rjúpur og gæsir.

Hann segir veiðina í skosku hálöndunum óviðjafnanlega. „Andrúmsloftið á svæðinu og í nærliggjandi bæjum er afslappað og þetta eru frí sem maður gefur ekki svo glatt upp á bátinn,“ segir Júlíus sem er staðráðinn í því að fara aftur í haust. vera@rettabladid.is

Kung Fu

fyrir alla

Kennari:
Meistari Zhang
einkatímar og hópatímar

Tau lo

Tai jí

Skráning
er hafin

DREKINN
WUSHU FÉLAG REYKJAVÍK
Skeifunni 3j · Sími 553 8282

NÝTT

Kínversk leikfimi með dekurnuddi

- opnar orkuflæði
- slökun
- losar um spennu og kvíða
- dregur úr verkjum
- styrkir líkamann
- jafnvægi fyrir líkama og sál
- o.fl.

Leiðbeinandi: Qing



Kínversk heilsulind

Skeifunni 3j · Sími 553 8282 · www.heilsudrekkinn.is

BYRJENDANÁMSKEIÐ í stafgöngu hefst þriðjudaginn 13. janúar. Námskeiðin eru tíu tímar og gengið er frá Laugardalslaug um Laugardal á þriðju- og fimmtudögum klukkan 17.30. Framhaldsnámskeið er í boð fyrir þá sem eru lengra komnir. Sjá www.stafganga.is.



Minnistöflur

Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is



FOSFOSER
MEMORY

Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi

Ui
Upledger á Íslandi

Upledger stofnunin á Íslandi heldur fyrsta áfangann í námi í höfuðbeina og spjaldhryggjarmeðferð, CSTI, 7. - 10. febrúar næstkomandi í Reykjavík.

Námskeiðið er kennt á íslensku
Hádegismatur og kaffiveitingar innifalið í námskeiðsgjaldi.
Upplýsingar og skráning í síma 466-3090 eða á www.upledger.is

BAKLEIKFIMI Í VATNI

BETRI LIÐAN Í HÁLSI HERÐUM OG BAKI UNDIR LEIÐSÖGN SJÚKRAPJÁLFA



RÓLEGIR OG KRÖFTUGIR HÓPAR Í HÁDEGINU OG EFTIRMIDDAGA Í NYLEGRI OG BJARTRI SUNDLAUG VIÐ LAUGARÁS

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 897-2896 OG Á www.bakleikfimi.is

BREIÐU BOKIN

Saltfiskur er mikilvægur hluti af matarmenningu íslensku þjóðarinnar

Tímarnir breytast en saltfiskurinn frá Ekta fiski, þessi gamli góði með íslenskum kartöflum og smjöri, stendur alltaf fyrir sínu.

Sérútvatnaði saltfiskurinn er sérstaklega hentugur í seiðandi saltfiskrétti.

Fæst um allt land. Hafðu samband!



Ekta fiskur

466 1016
www.ektafiskur.is

FRUMKVÖDLAFYRIRTÆKI ÁRSINS 2007 - FISKVINNSLA FRÁ ÁRINU 1940

GULL
kristan

Ekta saltfiskur tilbúinn til útvötnunar.
Frábær gjöf handa Íslendingum út um allan heim!
Bæklingur á 4 tungumálum um meðferð og eldun fylgir með.

Íslensk glíma fyrir börn

Skipulögð dagskrá og námskeið fyrir krakka eru að hefjast aftur eftir jólahátíðina. Af mörgu er að taka og fyrir þá sem hafa fengið nóg af hangsínu inni við gæti þjóðaríþróttin glíma átt vel við.

Reglulegar æfingar fyrir börn og unglinga í þjóðaríþrótt Íslendinga, glímu, eru að hefjast um þessar mundir hjá KR. Óttar Ottósson glímupjálfi segir glímuna góða alhliða íþrótt sem reyni á allan líkamann.

„Æfingarnar eru hugsaðar fyrir byrjendur og lengra komna og allir krakkar á grunnskólaaldri eru velkomnir,“ segir Óttar, sem hefur áralanga reynslu af glímu og glímdi sjálfur sem barn.

„Ég glímdi í bernsku hjá Ármanni og tók mér svo aldarfjórðungs hlé en byrjaði aftur að glíma í Danmörku árið 1993. Þetta er fjórði veturinn sem ég kenni glímu hjá KR en það hafa verið glímunámskeið fyrir krakka hjá KR í mörg ár.“

Stundum hefur það heyrst að glíma þyki hallærisleg íþrótt en Óttar segist ekki finna fyrir fordómum hjá krökkunum gagnvart glímunni.

„Nei það get ég ekki sagt. Fordómar eru rótgrónir meðal full-orðinna en ekki meðal barnanna. Upp til hópa finnst krökkum þetta mjög skemmtilegt. Það er samkeppnin við aðra tómsundaiðju sem háir okkur hvað mest.“

Spurður hvort glíma sé íþrótt sem henti öllum krökkum vill Óttar meina svo. „Glíma er skemmtileg íþrótt og alhliða hreyfing. Hún reynir mikið á allan



Óttar Ottósson, glímupjálfi hjá KR, segir þjóðaríþróttina góða alhliðahreyfingu fyrir krakka.

líkamann. Mín reynsla er sú að börn þurfa að vera búin að ná ákveðnum þroska svo hægt sé að kenna þeim að glíma en ég hef lagt á það áherslu að taka við öllum. Þá kynnast þau íþróttinni. Það eru til börn sem hafa ekkert gaman af

boltaíþróttum og þá er gott að eitt-hvað annað sé í boði. Þetta er nú einu sinni þjóðaríþróttin.“

Glímuaðferð KR fara fram í Melaskóla klukkan 17 til 18 á þriðjudögum og fimmtudögum.

heida@frettabladid.is

Algerlega ný hönnun heyrnar-tækja.



Tækið sem enginn verður var við.

be by ReSound™ er nýjasta tækniþyngingin í heyrnartækjum, hönnun þeirra byggir á algerlega nýrri hugsun. Þau eru hulin í eyrunum og eru svo létt og þægileg að notandinn gleymir því að hann er með þau og aðrir taka heldur ekki eftir þeim.

be by ReSound™ er algerlega nýtt úrræði fyrir þá sem þurfa að nota heyrnartæki

be by ReSound eru vart greinanleg í eyrunum

Heyrnarþjónustan HEYRN

Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur - heyirn.is

Tímappantanir 534 9600

Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki



BÍLAR & FARATÆKI



Tilboð 690 þús !!!!!
8:2004 Dísel Sjálfskiptur Allt að 100% lán í boði VOLVO S80 D5 DÍSEL . Árgærd 2004, ekinn 386 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 990.000. Bilabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is ásett verð 1590 þús



Tilboð 1190 þús 100% lán 24 þús á mánuði
Allt að 100% lán í boði TOYOTA AYGO H/B 100% LÁN EKKERT ÚT !!!! 25 Á MÁNUÐI . Árgærd 2007, ekinn 41 þ.km, BENSÍN, 5 girar. Verð 1.190.000. Bilabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is Listaverð 1360 þús



Tilboð 7990 100% lán ekkert út!
Allt að 100% lán í boði LAND ROVER RANGE ROVER SPORT HSE. Árgærd 2006, ekinn 66 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 9.500.000. Bilabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is



Tilboð 1290 þús !!!!!
Listaverð 2.200.000.- Allt að 100% lán í boði CITROEN C5 2.0 16V LEDUR LÚGA. Árgærd 2004, ekinn 57 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.290.000. Bilabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is listaverð 2200



Skoðar skipti bæði upp og niður !!!
Allt að 100% lán í boði BMW M5 . Árgærd 1999, ekinn 120 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Bilabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is Gott stgr verð

Bilabankinn Breiðhöfða, 112 Reykjavík Sími: 588 0700 Opið 12-16 laugardaga www.bilabankinn.is



Útflutningur
Vantar eldri Toyota bíla pickupa og fólksbíla til útflutnings Bílás Bílásal Akranes S:431-2622/bilas.is

Bílasalan Bílás Akranes Smiðjuvöllum 17, 300 Akranes Sími: 431 2622 www.bilas



Útsala!
Robot ryksugurnar komnar! Vinnur 3 verk, ryksugar moppar og sóttþreinsar, með UV innrauðu ljósi. Fer sjálf í hleðslu, hreinsar sjálfkrafa betur þar sem óhreinnindi eru. Hreinsar allar gerðir gólfa. Íslenskur leiðarvísir. Verð áður 48.900.-kr verð nú 37.900.- kr.



Útsala!
Vertu viðbúin! Fáðu þér þjófavörn sem hringir í síman þinn og tvö önnur símanúmer sem þú velur ef brotist er inn hjá þér. Nú fánlegt fyrir aðeins 18.900.- kr Verð áður 29.900.- kr. Þráðlaus, einfalt í uppsetningu fyrir heimili og smærri fyrirtæki.

Mótorsport ehf Síðumúla 34, 108 Reykjavík Sími: 567 1040 Öll viðgerðarþjónusta á staðnum www.motorogsport.is



Vantar allar gerðir bifreiða á skrá og á staðinn.

Arnarbílar ehf Malarhöfði 2, 110 Reykjavík Sími: 567 2700 www.arnarbílar.is

Bílar til sölu



Subaru Legacy 2lvél. Árg. '00. sjsk. Sumar og vetrar. Ek.120þ. V.495þ. S. 616 2597.



Ertu komin með leið á að bíllinn þinn seljist ekki ???
Prófaðu að skrá bílinn þinn á www.icelandautos.com



Ford Explorer árg. '98, 6cyl, ssk. ný naglad., nýsk. Fallægur og góður bíll. V. 280þ. Uppl. í s. 867 3022.



Opel Astra 1200 árg. '00, bsk. ekinn 153þ. V. 250þ. Uppl. í s. 867 3022.



Ford Ranger 4x4 skoðaður 09' 2000 árg V6 3.0 Subercab. Litur ótrulega vel út. ásett verð 560 þús. Er til í skipti á krossara/enduro hjóli/helst 250F Góður stg afsláttur. Já eða góðu reiðhrossi 5-8 vetra, engar truntur! Uppl. Hrannar 863 5325



M Benz E 290 diesel '99 sk. '10 finn bíll mikið endurnýjaður. V. 690þ. S. 820 4340.

Dökkblár Toyota Corolla árg '98. Til sölu vegna flutninga. Nýskoðaður. Á sum-ardekkjum/vetrardekk á felgum. Uppl í s 822 7447.

WW POLO árg. '98 til sölu. Vél ek. ca. 40þús. Ný heilsárs dekk ofl. Verðh. 190 þús. Uppl. 869 1122

Bílar óskast

Bíll óskast.
Vantar sparneytin bíl sem ekki þarf að byrja á því að fara á verkstæði á kr. 150 þús, stgr. (Góður bíll). Uppl. í s. 892 2365

Skoda Oktavia óskast árg '05-'07 (nýja lagið), Hyundai Elentra '02 upp í og mismunur staðgreiddur s: 892 6615

VANTAR ÓDÝRAN
Vantar ódýran bíl yngri en árg. '95 fyrir allt að 120 þ. má þarfnast smá lagf. S. 866 7347.

Vörubílar

Global-tæki ehf
– þú ert með heiminn í hendi þér
Flugumýri 28 · 270 Mosfellsbæ
Sími 544 2090 · Fax 544 2091
www.global-tæki.com

Viðhaldsþjónusta

Erum með vel útbúna þjónustubíla fyrir alla smur-viðhalds og viðgerðarþjónustu.

Vagnaeigendur
Erum með viðgerða og varahlutabjónustu fyrir allar gerðir af malarvögnum, vélavögnum og flatvögnum.

Fjór hjól



Fjór hjól til sölu Polaris 500 X2 árg.2007 ek 100 klst. Stuðaragrind að framan og aftan. Hiti í handföngum.Hjól í toppstandi. Verð 1250 þús. m/vsk. Uppl.í síma 892-0566.

Kerrur

Til sölu 4ra hesta kerra, ósamsett. Uppl. í s. 899 2794.

Vinnuvélar



Til sölu CASE 621 árg 90 sími 8925855

Óska eftir notuðum vinnuvélum, verkfærum og bílum gegn staðgr. Sendið póst á noregur@gmail.com

Bátar

Réttindanám fyrir báta undir 12 metrum og skemmtibátaréttindi.

Fjarnám við framhaldsskólann í austur-Skaftafellssýslu. Skráning á vefnum www.fas.is Sími 470 8070 Umsóknarfrestur til 14. Janúar 2009

Varahlutir

Bronco stór. Óska eftir Bronco í varahluti ástand skiftir ekki máli. Uppl síma 6984967-5668366

Renault Megané '97-'08 Mazda 626 '97-'02 Cadillac Seville '93-'02
Vélar, girkassar, sjálfskipting, boddýhlutir, felgur, innréttingar, airbag ofl. S. 772 6777 & 824 1919.

Bilapartar ehf S. 587 7659.

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Vy-þrif ehf.
Öll almenn þrif, regluleg ræsting sameigna. Verðtilboð. Sími 512 4010. www.vy.is

Garðyrkja

Smágröfuleiga Drenlagnir Skolplagnir Jarðvegsskipti

Tökur að vörum umhúð vélum

Upplýsingar í síma: 824 7565 Beggi 696 6676 Bjóssi

Þarf að gera eitthvað í garðinum ? Garðar best ehf, s. 698 9334, gard-arbest.is

Trjáfellingar
Runnaklippingar, snyrting á trjágróðri. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. S. 848 1723.

Bókhald

Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.
Framtöl ofl. S. 860 0266 & 840 0609 www.account.is

Bókhald, skattskýrslur, laun og vsk. Lækkaðu kostaðinn. S. 699 7371, Bónusbókhald ehf.

Bókhald, VSK, laun, framtöl, ársreikningur ofl. S. 696 3969 og á www.ulfurinn.is

Fjármál



Viltu margfalda peningana þína? Skattamál, stofnun fyrirtækja, gjaldprot-aðráðgjöf atoz@atoz.is s: 771 45 45

Búslóðaðflutningar

Búslóðaðflutningar S. 555 6363 & 899 7188.
Búslóða flutn., vörufll, planó flutn. og aukamenn ef óskað er. Sama verð alla daga !! Allar stærðir bíla.

Búslóðaðflutningar
Tökum að okkur alla búslóðaðflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Einnig aukamenn ef óskað er. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

Ert þú að flytja? Búslóðaðfl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald



RemontMax ehf.
Spørslum - Málum - Flísaleggjum - Þrif hús. Góð tilboð/verð. Uppl. í s. 849 9301. www.flisargomalun.is s.

VIÐHALDSVIRKNI
S 517-0117 & 661-0117

HÚSAVIÐGERÐIR

www.vidhaldsvirkni.is
virkni@vidhaldsvirkni.is

S. 517 0117 & 661 0117

Parketslípun
solufalastlipun | parketlagning

551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is

golf list

Viðhaldsþjónusta
Tökum að okkur almennt viðhald og breytingar á t.d pipulagnir, smíðar, rafvirkjun og múrviðgerðir.
Vanir menn, vönduð vinna. Upplýsingar í síma 892 1524. Klippið út - Geymið auglýsinguna!

Fagþjónusta - Allt á einum stað
Getum bætt við okkur í flísa-lögn, múrverki, pipulögn, málningu, parketlögn, glerisetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur niðurrif úr húsum og múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Tímavinna eða tilboð. **Upplýsingar í síma 899 2420 Steingæði ehf.**

BORTÆKNI

STEYPUSÖGUN

KJARNABORUN

MÚRBROT

567-7570

A - Ö smíðar ehf.
Fyrirtæki, húsfélög, einstaklingar, sumarhúsaeygendur. Nýsmíði og öll almenn viðhaldsþjónusta. Uppl. í s. 847 1430, Júlíus.

Viðhald - gluggar - hurðir - veggir - gólf. Smíðalausnir. S. 899 3011.

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

Lekur þakið ?
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

Húsaviðhald!
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Stíflupjónusta

Stíflupjónustan ehf
S. 554 2255 / 896 5800
Stíflulosun-röramyndum
www.stiflutjonustan.is

Stíflulosun Röramyndun

Losa stíflur úr salemum, vöskum, baðkerum og niður-föllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.

Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S.892 7260 & 567 0530

Tölvur

Vandaðar tölvuviðgerðir
Gerir við allar tegundir. MEDION DELL ACER HP TOSHIBA IBM/LENOVO FUJITSU O.FL. Ríkharður - Miðnet ehf S. 615 2000

Dulspeki-heilun

Spámiðill. Miðla með aðstoð kaffibolla. Miðla til þín því sem þú þarft að heyrna. S. 866 6597. Ásdís Spámiðill.

Spádómar

Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína.
Einkatímar.
Tímamantanir í s. 587 4517 Erla.

Englaliós
S. 908 7000 & 863 1987

Tarot, miðlun, fyrirbærir

Opið alla daga frá 12-01
VISA/EURO

Kærleiks-ljósið

Spámiðill, Tarot lestur og kristalkúla

VISA **566 7311** EURO

www.orlagalinan.is

Örlaga línan

Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opið öll kvöld í síma **595 2001 & 908 1800**

Símaspá-draumráðningar: 9086414, 5535395 (Visa/MC), Símat. 10-24. Spák. Yrsa. Hringdu núna!

Spásíminn 908 5666. Stjörnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningur. Andleg hjálp. Trúnaður.

Lönaður

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 699 6069

Rafvirkjun

ProService

Uppsetning og Þjónusta á öllum dyrasímakerfum.
Almenn smápennuþjónusta fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Tengingar og mælingar á tölvu- og ljósleiðaralögnum. **Góð Þjónusta. Vönduð vinnubrögð. ProService 894-7999 johann@proservice.is**

Raflagna og dyrasímaþjónusta

Setjum upp dyrasímakerfi og gerum við eldri kerfi.

Nýlagnir og endurnýjun raflagna.

Gerum verðtilboð

Rafneisti s. 896 6025

löggildur rafverktaki.

rafneisti@rafneisti.is

Raflagnir Dyrasímar

Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

Fliót og góð þjónusta

Simi 893 1733

Jón Jónsson

Löggiltur rafverktaki

www.raflagnir.is

Viðgerðir

Loftnets og símaþjónusta

Viðgerðir og uppsetningar á loftnetum, diskum, heimabíóum og flatskjám.

Loftnetstækni S. 894 2460.

KEYPT & SELT

Til sölu



Stubbastandar
Burt með sóðaskapinn!Útanhúss ösku-bakkar,bæði standar og á vegg. Standur ehf. S. 842 2535 stubbastandar@gmail.com

Hlutafélag í Bretlandi eða Hollandi

Vantar þig félag í Bretlandi eða Hollandi?

Með eða án bankareiknings. Traust og örugg þjónustu hringdu núna!

Regent Account Ltd S: 618-7001

Uppl. í s. 618 7001

Ískápur, örbylgjuofn, sjónvarp, gler-stofuborð, bókahillur og Ikea snúnings-skápur til sölu. Uppl. í síma 662-3677

Vörulager verslunarinnar Dal.is er til sölu. Lagerinn selst með miklum afslætti. Um er að ræða blöndunartæki, sturtuklefa og fl. Uppl. í síma 8977151

Verslun



ÚTSALA, ÚTSALA!!
ClaMal Spönginni 23 (Snyrtistofan Mist) www.clamal.is



ÚTSALA
30-50 % afsláttur!
Endilega kíktu inn á www.gala.is í verslun Emilíu Suðurlandsbraut 50 (Bláu húsunum Faxafeni). S. 588 9925 Ópið 11-18. Lau. 11-16.

amor

Egg í miklu úrvali frá kr. 590,-

Tilboð á DVD

Frábært úrval af nýjum titlum.

Full búð af nýjum vörum

INTIMO

Örugglega besta ráðgefið!

Tökum að okkur heimakynningar.

Skúlagata 40a s. 562 2433

Dalvegur 16a s. 562 2445

www.amor.is

Stærri limur betri limur

Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt.

Kannaðu málið á bathmate.is

Óskast keypt

Óska eftir að kaupa CD, DVD diska og víníl hljómplötur. Uppl. í s. 698 8629.

Vélahjólbörur, Dump Truck, óskast til kaups. uppl. í s.893-2550

Tölvur

Er tölvan bíluð?
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695-2095

Óska eftir ps2 tölvu með leikjum og aukahlutum. Aðeins gott eintak kemur til greina. 892-6800

Til bygginga

Krossviður, timbur, dokar og fl. til sölu. S: 840-7273 og á www.ulfurinn.is

HEILSA

Heilsuvörur



5-7 Kíló í Burtu?
Sjálfsæður dreifingaraðili FLP

9 daga hreinsiprógram frá Aloe Vera. S. 772 2885, Sigríður & Kristján.

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is Rannveig iðjuþjálfri/einkaþj. s. 862 5920.

HERBALIFE VEFVERSLUN Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Fæðubótarefni

Perform.is - Landsins mesta úrval af fæðubótarefnum. 10-30% afsláttur í janúar!

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Glæsilegt heilnudd. Uppl. í s. 662 0841.

Exclusive tantra massage
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd - Japanska baðið
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, dítox og margt fl. (Ekki eróttiskt nudd). Ópið frá kl. 12.00 og frameftir alla daga nema sunnud. S. 823 8280.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Kennsla



Viltu verða stílisti?
Nám í útlitsráðgjöf. The Academy of Colour and Style - útlits-og förðunar-skóli. Uppl. í síma 533 5101.

Ökukennsla

www.aksturinn.is
S. 694 9515
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vígússon.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ýmislegt



Plastmódel í miklu úrvali. Tómtundahúsið, Nethyl 2, sími 587 0600, www.tomstundahusid.is

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Íbúðir til leigu í Keflavík, Hafnarfirði og Reykjavík.

Upplýsingar á www.heimahagar.is og í síma 6996464

Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.

Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpst., þvottah. Verð frá 38 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK.

Long term rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 38.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK.

Uppl/info í S. 824 4530.



Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Hverfisgata 39.
23 fm stofa í íbúð með öllu. Gott húsnæði. Leigist konu. Uppl í s. 860 0360.

Tveggja herbergja, 50 fm. íbúð m.el-dhúskrók ásamt 30 fm.bílskúr til leigu á góðum stað í 104 Rvk. Verð 90.000 kr. Upplýsingar í síma 568 1336 eða 898 3562.

Til leigu mjög hlýleg 2. herbergja íbúð með húsgögnum á 80.000 í 112 Rvk. Uppl í s. 8202459

Herbergi
Til leigu lítið herb. á sv. 105. Með sameig. eldh. & baðh. Uppl. í s. 895 1441. e.kl 12.

Til leigu í Álfamýri 108 Rvk. Gott herb. m/ húsg., aðg. að baði, eldh., stofunni, þvottah., þræðlaust internet. Einungis stelpur koma til greina. Leiga 45þ. Uppl. í s. 618 3105.

4 herb. íbúð til leigu á svæði 108 Rvk. Leigist með húsgögnum. S. 821 4820.

Falleg 3ja herbergja íbúð í 101 Rvk., stór herb. Sóley s. 690 2328.

Norðurbakki-Hafnarfjörður. Glæsileg 110fm 4ja herb. íbúð með sjávarútsýni er laus til langtímaleigu. Páll, 6964464.

75 3hrb íbúð til leigu í Mosó.Laus strax,langtímal.Nán. uppl. Elvar s. 841-1061.

3 herb.íbúð til leigu í Hfj. 110þ, húsfélag, hiti og rafmagn innif. S:8407087.

Snyrtileg 60 fm, 2 herb íbúð til leigu í 101 frá 1. feb. Sér inngangur. Leiga 95.000 hiti innifalinn. Uppl. í síma 5626103 og 6949240. Reyklaust. 1 mán í tryggingu.

Til leigu 2 herb íbúð vel staðsett við Laugaveg. Íbúðin er nýuppgerð og snyrtileg. Góð íbúð í hjarta bæjarins, uppl í s-8971488

3 herb. íbúð til leigu í góðu ástandi í fellahvefi í Breiðholti. 105 þús. á mán. Uppl. s. 587 0997/6633239

Flott 1-2 herb íbúð í hfj til leigu. 72 þús á mán. Uppl. í s. 862 4410.

Til leigu stúdíó íbúð með húsgögnum ca. 25fm við Ránargötu. V. 60þ á mán. á sama stað til leigu herbergi(með húsgögnum) aðgangur að eldhúsi, baðhrb. og þvottah. internet. V. 45þús. Uppl. í s. 8981838

2ja herb. 55fm íbúð í Kóp. Björ og skemmtileg. V. 70þ. á mán. Laus stax. S. 864 0695.

Stúdíó hús og íbúð til leigu í Stórholti. Uppl. í s. 899 3749.

4 herb. sérhæð í Hlíðunum til leigu. Langtímaleiga. Með eða án bílskúr. Laus strax. S. 897 5256.

3 herb. íbúð miðsvæðis í Rvk. Ca 70fm. Öll ný uppgerð og glæsileg íbúð með sér inngangi + 2 einkabílastæði. Verð 115þús. á mán. Aðeins traustir leigjendur. Laus strax. S 899 1888.

Studio apt. and rooms with private bathroom for rent in Staphraun 2 Hf. Kitchen, washer, dryer and free internet.Tel 893 6060

Íbúð/herb. til leigu á svæði 104. Apartments/Rooms for rent contact number 661 4096 & 698 3211.

Snyrtileg og vel skipulög 2 herbergja íbúð í hverfi 104. Uppl. í síma 824-3040

3 herb. lúxus íbúð til leigu
Íbúð og hús nýstandsett ofarlega á Laugavegi, öll tæki til staðar. 3 mán-aða trygging. Aðeins traustir leigjendur koma til greina. Uppl. í s. 822 7303 & 891 8612.

Rúmgott herbergi í 101 til leigu með aðgangi að baði og eldhúsi. Uppl. í s. 770 6090.

Húsnæði óskast

Par með barn óskar eftir falletgri 80+ fm. 3.herb. íb. helst í G.bæ eða Kóp. Skilvísum greiðslum heitið og með-mæli geta fylgt. Greiðslugeta allt að 100þús. Sími: 843-4970.

Reglusöm stúlka utan af landi óskar eftir 2 herbergja íbúð miðsvæðis í reykjavík. skilv. gr heitið s:6928649

Snyrtilegt og reglusamt ungt par m/ barn leita af 2-herb. íbúð m/húsg. Skilv.gr. heitið. S. 660 5000.

Er 22 ára með dóttur mína, óska eftir 3h íbúð í Hlíðunum Sími 6962682

Herbergi óskast Ung kona, doktors-nemi, leitar að herbergi með húsgögn og nettenging. og vill gjarnan deila íbúð með öðrum, helst í miðbænum, frá mars til ágústloka. Er reglusöm og reykir ekki. Vinsamlegast hafa samband við hufi78@gmx.net

Kvk hásk.n. ó. eftir bjárt íb sem f.Grg 50-60þ.Sk.gr.h.s:6924950.

Tvítugt stelpa utan að landi vantar lítila íbúð sem fyrst. Greiðslugeta 50-60þús og skilvísum greiðslum heitið. uppl.í síma 844-6494 Sæunn

Atvinnuhúsnæði



Súðarvogur til leigu - sölu
Gott iðnaðarhúsnæði á 2 hæðum. Eftir hæð 120 fm með eldhúsi og baðherb, nýttist sem skrifstofa eða íbúð. Neðri hæð 120 fm með innkeyrsludyr og 3 fasa rafmagn í Öll skipti skoðuð. Uppl. í s. 695 0495.

Leikfimi

Sundleikfimi:

Okkar vinsæla sundleikfimi er að hefjast á ný í sundlaug Hótel Loftleiða. Kennt verður mánudags og miðvikudagskvöld kl. 20.00.

Námskeið fyrir eldri borgara er á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13.00.

Vinsamlega skráið ykkur í síma 444-4085 fyrir þriðjudaginn 13. janúar. Námskeiðin standa í 4 vikur.

Heitt á könnunni!

Verið velkomin.

Kveðja, starfsfólk sundlaugar Hótel Loftleiða

Simi: 444-4085 / 662-0485

東方 DONG FANG SALON

HÓTEL LOFTLEIÐAR

IH ICELANDAIRHOTELS

LOFTLEIÐIR

útflutningi. Álútflutningur hefur því vaxið verulega sem hlutfall af heildarútflutningi.

FISKURINN SAMT MIKILVÆGUR

Fyrstu ellefu mánuði síðasta árs voru flutt út um 620 þúsund tonn af sjávarafurðum fyrir um 150 milljarða króna. Það jafngildir um 36 prósentum af útflutningi. Árið á undan var hlutfall sjávarafurða í útflutningi hærra. Þá voru fyrstu ellefu mánuðina flutt út tæplega 570 þúsund tonn af sjávarafurðum fyrir tæpa 120 milljarða króna. Þá var hlutfallið af heildinni rúm 42 prósent.

INNFLUTNINGUR MESTUR FRÁ EES

Eins og aður var skrifað er mest selt úr landi fyrir Bandaríkjadali. Dæmið lítur hins vegar öðruvísi út þegar litið er á innflutninginn.

Evran er ríkjandi innflutningsmynt og voru tæplega 42 prósent innflutnings í evru árið 2007, samkvæmt Hagtíðindum. Í heildina voru um 72 prósent innflutnings í myntum EES ríkja, þar af tíu prósent frá Danmörku.

Hlutfall Bandaríkjadals í innflutningi er hins vegar ríflega fjórðungur.

Bandaríkin eru hins vegar stærsta einstaka innflutningsland Íslands. Sé miðað við verðmæti innflutningsins komu 13,5 prósent af öllum innflutningi ársins 2007 frá Bandaríkjunum. Mest voru þetta vélar og samgöngutæki.

Næstmest var flutt inn frá Þýskalandi, mest vélar og samgöngutæki. Þriðja stærsta innflutningslandið var Svíþjóð. Eldsneyti var uppistaðan í innflutningi þaðan árið 2007.


Í heildina voru keyptar vörur fyrir 276 milljarða í ríkjum EES, fyrir tæpa 58 milljarða frá Bandaríkjunum, innan við 20 frá Evrópuríkjum utan EES, um 20 milljarðar frá Japan og Kína hvorum um sig og um 30 milljarðar annars staðar frá.

MATURINN KEMUR FRÁ EES

Þegar skoðaður er innflutningur á matvöru kemur í ljós að um 70 prósent koma frá ríkjum EES. Hér er um að ræða vörur líkt og kjötvörur, grænmeti, drykkjarvörur og kornvörur svo nokkuð sé nefnt. Sem hlutfall af heildarinnflutningi eru tölurnar þó ekki háar, um sjö prósent og nam reikningurinn innan við þrjátíu milljónum króna.

Föt og skór voru flutt inn fyrir tæpa þrettán milljarða, tæpur helmingur frá ríkjum EES.

Á sama tíma voru fluttar inn tólvur og skrifstofuvélar fyrir 11,5 milljarða, en bensín og olíu-reikningurinn nam 35 milljörð-um. Þar af var keypt fyrir 31 milljarð í ríkjum EES.



Margir gera upp í öðru en krónu

„Hingað hefur borist fjöldi umsókna um að færa bókhaldið í annarri mynt en krónu,“ segir Guðmundur Guðbjarnarson hjá Ársreikningaskrá.

Samkvæmt lögum sem samþykkt voru á Alþingi fyrir jólin gátu fyrirtæki sótt um að færa bókhald sitt í annarri mynt en krónu, til 30. desember, vegna ársins 2008 og ársins í ár. Áður var gert ráð fyrir því að sækja þyrfti um skráningu þremur mánuðum fyrir upphaf reikningsárs.

Guðmundur segir enn of snemmt að veita upplýsingar um fjölda fyrirtækja, en segir að flestir sækji um að færa

bókhaldið í evru. Vel á þriðja hundrað fyrirtækja hefur fengið heimild til að færa bókhald í annarri mynt en krónu. Samkvæmt yfirliti sem Guðmundur birti í Tíund í vor, höfðu 112 fyrirtæki heimild til að færa bókhald í Bandaríkjadöllum, 77 með evru og 21 félag færði bókhald-ið í breskum pundum. Bókhald er fært í fleiri miðlum, en í grein Guðmundar er nefnt að eitt félag færi bókhaldið í jap-önskum jenum.

Fram kom í Markaðnum fyrir rúmu ári, að þeir sem þá sóttu um að færa bók- haldið í erlendri mynt, vildu flestir not- ast við evruna.



GUÐMUNDUR GUÐBJARNARSON Forstöðumaður
Ársreikningaskrár segir nú farið yfir umsóknir fyrirtækja um
uppgjör í annarri mynt en krónu.



MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Enn er beðið framtíðarsýnar í peningamálum. Biðtíminn er kostnaðarsamur fólki og fyrirtækjum.

Hvað ræður för í vaxtapíningunni hér?

Óli Kristján Ármannsson

Enn ríkir algjör óvissa um efnahagslega framtíð þjóðarinnar og hvaða stefnu skuli taka til lengri tíma lítið. Fyrirtæki landsins berjast við að halda lífinu í umhverfi gjaldeyrishafta og einhverra hæstu stýrivaxta á byggðu bóli. Engan þarf að undra þótt margir séu orðnir langeygir eftir umhverfi þar sem heimili og fyrirtæki geta gert áætlanir til lengri tíma án öfgasveiflna í gengisþróun og kostnaðar vegna verðbólguþróa.

Í þeim löndum sem við höfum borið okkur saman við hafa stýrivextir sjaldan eða aldrei verið lægri og í hagstjórn er lagt allt kapp á að ekki verði stöðnun í efnahagslífinu. Ein af röksemdum þess að hækka hér stýrivexti í 18 prósent var að fyrirbyggja fjármagnsflóttu þegar krónan yrði sett á flot.

Hér er hins vegar enn viðhaldið þrúgandi aðstæðum vaxtapíningar jafnvel þó svo, líkt og Viðskiptaráð Íslands hefur réttilega bent á, að hátt stýrivaxtastig þjóni „ekki lengur því hlutverki að halda fjármagni inni í hagkerfinu þar sem nýsett gjald-eyrslög fyrirbyggja fjármagnsflutninga að nær öllu leyti“. Viðskiptaráð hefur lagt til að Seðlabankinn fari að fordæmi seðlabanka annarra ríkja og lækki stýrivexti sína til að liðka fyrir aðlögun hagkerfisins.

Atvinnulífið hefur yfir mestallt hávaxtaskeið Seðlabanka Íslands kallað á lægri vexti og undir það ákall er sem fyrr óhætt að taka. Í ljósi atburða síðustu mánaða verður átakanlega ljóst að kröftum Seðlabankans hefði síðustu misseri líkast til verið betur varið í að huga að fjármálastöðugleika og hlutverki sínu sem lánveitandi bankanna til þrautavara en í fyrirfram töpuðum þensluslag í umhverfi þar sem aðgengi að erlendu lánsfjármagni á allt öðrum vöxtum var nánast óheft.

Sú spurning hlýtur því að vakna af hverju stýrivöxtum sé hér haldið jafnháum og raun ber vitni, jafnvel þótt hér hafi verið leidd í lög gjald-eyrshöft, að því er virðist til lengri tíma. Gjald-eyrshöftin gera um leið út um alla von um að hér verði hægt að laða að erlent fjármagn til verka og verði þau viðvarandi er ljóst að hrekjast munu úr landi mörg stöndugustu fyrirtæki þjóðarinnar sem umsvif hafa á alþjóðavísu.

Vonandi er hátt vaxtastig samt vísbending um að gjald-eyrshöft eigi að vera skammvinn, enda þurfi þá enn háa vexti til að draga úr fjármagnsflóttu. Um leið er þetta þá vísbending um að á næstu vikum eigi að taka af skarið um hvert skuli stefna í peningamálum þjóðarinnar. Án skýrrar og trúverðugar stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar er vonlítið að hægt verði að aflétta gjald-eyrshöftum.

En eftir hverju er þá beðið? Verkefnin liggja fyrir (og hafa gert lengi) og stendur upp á fólkið sem kosið hefur verið til að leiða þjóðina að leysa þau. Þegar fram líða stundir er ekki ólíklegt að fólk furið sig á öllum þeim tíma sem menn leyfa sér að taka í að leysa jafnmikilvæg mál og hversu miklu er hætt til, meðan þess er beðið að leystar verði innanflokksflækjur stjórnsmálaflokka. Við aðstæður sem þessar verður að skera á hnútin. Ef til vill verður það ekki gert nema að þjóðin fái lýst vilja sínum beint í kosningum og ríður þá á að gera það sem fyrst.

bjorn.ingi@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olíkr@markadurinn.is

Atvinnuhúsnæði við Smiðjuveg 11 Kópavogi

Þarft þú að lækka húsnæðiskostnaðinn?

Höfum til leigu 120fm, fullbúið ný innréttað skrifstofuhúsnæði.

Ennfremur 200 fm, iðnaðarhúsnæði (lager) með stórum innkeyrsludryum.

Upplýsingar í síma

565 6621 og 869 2544

Aldrei það kemur til baka

ORÐ Í BELG

Helgi Magnússon
formaður
Samtaka
iðnaðarins.



Varla er tregablandið fyrir Íslendinga að kveðja árið 2008 og vita með vissu að það komi ekki til baka. Margir biðu áramótanna og fögnuðu því að geta kvatt þetta erfiða ár í sögu þjóðarinnar í þeirri von að með nýju ári birtist nýtt upphaf, nýjar vonir, í kjölfar mikilla vonbrigða og efnahagslegra hamfara.

En hvað biður okkar á nýju ári? Um það ríkir mikil óvissa og niðurstaðan mun ráðast af mörgum þáttum. Sumum sem við höfum engin áhrif á og öðrum sem ráðast af því hvort þjóðin verður farsæl eða ekki – hvort mönnum auðnist að taka réttar ákvarðanir varðandi grundvallarhagsmunum.

Nokkrir af helstu fjölmiðlum landsins völdu nú í desember menn ársins í viðskiptalífínu. Markaður Fréttablaðsins, Viðskiptablaðið og Frjáls verslun völdu öll forystumenn úr iðnaði. Ég fagna verðskulduðu vali og óska forvígismönnum Alcans í Straumsvík, Össurar og Mar-els til hamingju með valið. Öll eru þessi fyrirtæki í fremstu röð í heiminum og öll byggja þau í ríku mæli á mannauði og hátækni. Í þessu felst hvatning til þeirra sjálfra svo og annarra í íslenskum iðnaði.

Við finnum að nú er runninn upp tími framleiðslufyrirtækja af öllu tagi þar sem saman fer tækni, vit og markaðssókn. Ég fagna því að þau skuli vera viðurkennt. Veljum íslenskt og hröðum með því ferð þjóðarinnar upp úr öldudalnum.

Að undanförunu hafa margir keppt við að fordæma útrás íslenskra fyrirtækja á seinni árum og talað með lítillsvirðingu um þá sem hafa farið fyrir henni. Ég vara við upphrópanakenndri umræðu af þessu tagi. Ég er ekki að verja þau mistök sem gerð hafa verið og varla er deilt um að mörg fyrirtæki fóru offari. En það má ekki gleymast að fjöldi íslenskra fyrirtækja hefur staðið fyrir farsælum fjárfestingum og starfsemi erlendis, bæði á undanförunum árum og einnig á síðustu áratugum. Útrás má því ekki verða skammaryrði, hvað þá útflutningur eða samskipti atvinnulífs okkar við útlönd.


Það þarf að greina á milli þess sem vel hefur tekist og er í góðum farveg og hins sem fór úrskeiðis. Við eigum að læra af mistökunum en ekki síður að læra af öllu hinu sem hefur heppnast með ágætum.

Hagfræðingur Samtaka iðnaðarins hefur unnið línurit sem sýnir hagsveiflur á Íslandi frá árinu 1940 með spá til ársins 2013. (Sjá meðfylgjandi mynd). Þar kemur fram að við erum nú stödd í níundu auðmerkjanlegu niðursveiflunni í íslenskum efnahagsbúskap frá árinu 1940. Við

lifum í sveiflukenndu umhverfi og við föllum nú frá toppi hagsveiflunnar niður á botn. Þetta er ekkert nýtt. Íslendingar hafa reynslu af áföllum í efnahagslífinu. Við höfum ávallt unnið okkur út úr þeim. Það hefur tekið nokkurn tíma – en alltaf tekist. Við erum að því leyti betur búin til að takast á við þessa niðursveiflu en hinar fyrri að atvinnulíf okkar hvílir á mun breiðari grunni en áður. Útflutningur okkar er miklu fjölbreyttari en var t.d. í niðursveiflunni árið 1968 þegar sjávarútvegur bar einn uppi nánast allan útflutning landsmanna.

Við skoðun á þessu línuriti, sem stýðst m.a. við hagspá Alþjóða gjaldeyrissjóðsins til ársins 2013, kemur mér á óvart að niðursveiflan núna skuli ekki vera sú mesta á þessu tímabili, miðað við umrædda spá. Ég átti von á að útlitið væri enn verra en í lok sjöunda áratugarins þegar aflabrestur og verðfall afurða dundu yfir þjóðina. En svo virðist sem landsframleiðsla hafi minnkað meira þá en gert er ráð fyrir núna. Við höfum með öðrum orðum séð það svartara. Þrátt fyrir það eru viðfangsefni núna risavaxin, eins og að endurreisa bankakerfið, ná niður vöxtum, koma stöðugleika á gengi krónunnar, afnema gjald-eyrshöft og takast á við miklar erlendar skuldir.

Mótbyr síðasta árs hefur komið miklum skrið á umræðurnar um framtíð Íslands í Evrópusamstarfi. Á að halda óbreyttri stefnu eða eigum við að sækjast eftir aðild að ESB? Hrun íslensku krónunnar á síðasta ári og háskaleg ofurvaxtastefna Seðlabankans hafa endanlega gert út um möguleika okkar á að halda óbreyttri stefnu. Við höfum þegar tapað dýrmætum tíma – hefðum betur sótt um aðild fyrir áratug. En við því er ekkert annað að gera núna en að draga réttar ályktanir, skilgreina samningsmarkmiðin, framkvæma hagsmunamat og hefja aðildarviðræður hið fyrsta. Íslendingar hafa þegar tekið upp stærstan hlutann af regluverki ESB og hafa verið í miklu samstarfi við sambandið í gegnum EES samninginn. Því má ætla að okkur verði tekið vel og að samningaviðræður taki tiltölulega skamman tíma. Ég er bjartsýnn á góðan árangur okkar og að vel muni takast að gæta grundvallarhagsmuna Íslendinga í slíkum viðræðum.



ÚTGÁFUÐLÖG: 365 miðlar ehf. RITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson RITSTJÓRN: Ingimar Karl Helgason, Jón Adalsteinn Bergsveinsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laundal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaffahlíð 24, 105 Reykjavík **ADALSIÐI: 512 5000** SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFANG: **visir.is** UMBROT: 365 miðlar ehf. PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðurinn er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.



HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2009

Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingavott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök eða þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

Samfélagsverðlaunin eru veitt í fimm flokkum.

1) Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

2) Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

3) Til atlögu gegn fordómum

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

4) Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

5) Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á visir.is/samfelagsverdlaun með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dórnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í febrúar.

Frestur til að senda tilnefningar er til hádegis mánudaginn 26. janúar.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

BANKAHÓLFID

Simbabve
norðursins

„Fjármálasvindl Bernie Mad-offs blikna í samanburði við þá glæpi og spillingu sem blómstrað hafa í tíð sjálfstæðismanna,“ segir Íris Erlingsdóttir, fjölmiðlafræðingur og nálastungulæknir, á bandaríska vefmiðlinum Huffington Post í gær. Í pistlinum fer Íris yfir hremmingar í íslensku efnahagslífi og bankahrunið í október á síðasta ári og mikla hlutfallslega aukningu á atvinnuleysi í kjölfarið. Þá leggur hún þá Davíð Oddsson seðlabankastjóra og Geir H. Haarde forsætisráðherra að jöfnu við einræðisherrann Robert Mugabe, forseta Afríkúríkisins Simbabve.



Hátt fall

Þetta er í annað sinn á tiltölulega stuttum tíma sem Íslandi er líkt við Simbabve. Breska vikuritið Economist benti á það um áramótin að þótt hagvöxtur í Simbabve yrði neikvæður um fimm prósent á þessu ári væri það tvöfalt betra en hér á sama tíma. Erlendir fjölmiðlar, svo sem norska dagblaðið Aftenposten, tók málið upp í síðustu viku. Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands, sagði í samtali við Fréttablaðið um helgina, fáu við að líkja þar sem Ísland hafi úr háum söðli að detta. Því sé ekki að skipta um Simbabve, sem hafi glímt við efnahagskreppu og gríðarmikið atvinnuleysi í áraraðir. Er þá ótalin ógnarstjórn Mugabes sem verið hefur við völd í Afríkúríkinu í tæp þrjátíu ár.

Sigurjón
kennir

Sigurjón Þ. Árnason, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, hefur tekið að sér stundakennslu við tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík. Sigurjón hefur kennt áður, meðal annars við Háskólann í Reykjavík, en hann hefur nú tekið að sér að kenna innangsnámskeið í fjármála- verkfræði. Sigurjón er einmitt verkfræðingur sjálfur, nam véla- verkfræði á sínum tíma í Háskól- anum.



60

prósenta fækkun varð á kaupsamningum í fasteignaviðskiptum á nýliðnu ári miðað við árið 2007, samkvæmt tölum Fasteignamat- ríkisins.

1.000

er upphafsgildi nýrrar OMX16 hluta- bréfavísitölu Kauphallarinnar sem gildi tók um áramót. Í gær endaði hún í 981,46 stigum.

6.000

hafa misst vinnuna frá því að íslenska bankakerfið hrundi í haust, samkvæmt umfjöllun Greiningar Glitnis.



ÁHEYRNARPRUFUR FARA
FRAM Á LAUGARDAGINN

Laugardaginn, 10. janúar kl. 08:00, fara fram á Hótel Hilton Reykjavík Nordica áheyrnarprufur fyrir Idol Stjörnuleit 2009 - aðeins þennan eina dag! Þátttakendur skulu vera orðnir 16 ára gamlir og ekki eldri en 28 ára.

Vinningshafi Idol Stjörnuleitar öðlast ekki aðeins frægð og frama heldur fær hann einnig að launum 2 milljónir króna.

Idol Stjörnuleit hefst á Stöð 2 föstudaginn 13. febrúar.

SKRÁÐU ÞIG NÚNA Á VISIR.IS



5125050

Auglýsingasími



- Mest lesið

Danskur meistari þjálfar karate í Þórshamri

Karatefélagið Þórshamar hefur ráðið til sín danska þjálfarann Lars Henriksen. Lars, sem er 4. dan, mun sjá um þjálfun bæði unglínga- og fullorðinsflokka auk keppnisliðs Þórshamars á komandi misseri. Lars heimsótti Þórshamar í tvær vikur í september 2008 og vakti mikla lukku meðal félagsmanna.

Lars hefur verið í fremstu röð í Danmörku undanfarin ár í báðum keppnisgreinum karate, það er kata og kumite, en það er óvenjulegt að keppnisfólk í karate keppi jöfnum höndum í báðum greinum. Hann varð Danmerkurmeistari í kata á síðasta ári, varð í öðru sæti í sínum þyngdarflokki í kumite á sama móti og er nýkominn frá Japan þar sem hann keppti fyrir hönd Dana í kata á nýafstöðnu heimsmeistaramóti í karate.

Þrátt fyrir þann mótbyr sem ríkir í efnahagslífinu um þessar mundir verða öll æfingagjöld óbreytt hjá félaginu þó að æfingum verði fjölgað og starfsemin aukin.

Byrjendanámskeið hefst hjá Þórshamri í þessari viku og tekið verður við byrjendum til loka janúar. Karatefélagið Þórshamar var stofnað árið 1979 og heldur því upp á 30 ára afmæli í maí.



Mikil ánægja var með Lars þegar hann heimsótti Þórshamar í september síðastliðnum.



Elskulegur frændi okkar,
Jónas Jónsson
Vífilstöðum, Garðabæ,

lést föstudaginn 19. desember. Jarðarförin fer fram í Fossvogskirkju 9. janúar klukkan 13.00.

Systkinabörnin.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Friðfinnur Kristjánsson
blómaskreytingamaður, Flókaötu 63,

sem lést á Landspítalanum hinn 27. desember, verður jarðsönginn frá Friðkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 8. janúar kl. 13.00.

Þórunn Ólafsdóttir

Margrét Eyjólfsdóttir	Sigurjón Kristinsson
Jóhanna Eyjólfsdóttir	Jón Ólafur Magnússon
Anna Karen Friðfinnsdóttir	Atli Viðar Thorstensen
Fanney Sigríður Friðfinnsdóttir	Jóhann Örn Bjarnason
Jana Friðfinnsdóttir	Einar Þór Bogason
Birna Friðfinnsdóttir	Andri Már Ólafsson

og barnabörn.



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Sigurlaug Ingunn Sveinsdóttir
áður til heimilis Hrauni, Glerárþorpi,

verður jarðsönginn frá Gleráarkirkju föstudaginn 9. janúar kl. 13.30.

Jóna Sigurðardóttir	Benedikt Valtýsson
Helga Sigurðardóttir	Sigvaldi Einarsson
Kristján Sigurðsson	Ingunn Pálsdóttir
Sigrún Sigurðardóttir	Ólafur Helgason
Kolbrún Sigurðardóttir	Sveinn Friðriksson
Heiða Rósa Sigurðardóttir	

ömmu- og langömmubörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Guðjón Ragnarsson
Árskógum 6,

lést 18. desember á lungnadeild A 6, Landspítalanum Fossvogi. Að ósk hins látna fór jarðarförin fram í kyrrey. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki A 6 og L 2 Landakoti fyrir einstaka umönnun og vináttu.

Ingibjörg Björnsdóttir	Ester Adólfssdóttir
Kristján F. Guðjónsson	Birkir Ingibergsson
Sigurveig Þ. Guðjónsdóttir	Sigurður R. Bjarnason
Ragnheiður Guðjónsdóttir	

afabörn og langafabörn.



Þökkum öllum sem sýndu okkur samúð og blýbug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,
Guðbjargar Einarsdóttur
Heiðarvegi 56,

sem lést á Landspítalanum 18. desember og var jarðsöngin frá Landakirkju í Vestmannaeyjum mánudaginn 29. desember.

Hallgrímur Þórðarson
Þórður Hallgrímsson
Einar Hallgrímsson
Halldór Hallgrímsson
Jónína Hallgrímsdóttir
Heimir Hallgrímsson

Anna Friðþjófsdóttir
Margrét Íris Grétarsdóttir
Guðrún Kristmannsdóttir
Þórir Magnússon
Íris Sæmundsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Elsku eigimaðurinn minn, faðir, bróðir og mágur,
Freysteinn Sigurðsson
jarðfræðingur,

sem lést 29. desember síðastliðinn, verður jarðsönginn fimmtudaginn 8. janúar kl. 11.00 í Kópavogskirkju.

Ingibjörg Sveinsdóttir
Ragnhildur Freysteinsdóttir
Ásgeir Sigurðsson
Björg Sigurðardóttir
Ingi Sigurðsson
Magnús Sigurðsson.

Ólöf Haraldsdóttir
Sveinn Sveinsson



Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og blýbug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdafið og afi,
Kristján Ásvaldssonar
fyrirv. bónda frá Múla í Aðaldal.

Fríða Jóhannesdóttir, börn, tengdabörn og barnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Skúli Axelsson
frá Bergstöðum, Miðfirði,

andaðist á Sjúkrahúsi Akraness á nýársdag, útför hans fer fram í Melstaðarkirkju laugardaginn 10. janúar nk. kl. 14.00.

Árný Kristófersdóttir

Jónína Skúladóttir	Niels Ívarsson
Axel Skúlason	Erna Stefánsdóttir
Guðmundur Rúnar Skúlason	Hrafnhildur Svansdóttir
Elín Anna Skúladóttir	Ari Guðmundur Guðmundsson

barnabörn og langafabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Eufemia Kristinsdóttir (Ebba)
Garðatorgi 17, Garðabæ,

lést að morgni 31. desember. Jarðarförin fer fram frá Vídalínskirkju, fimmtudaginn 8. janúar kl. 15.00.

Kristján Haraldsson
Eysteinn Haraldsson
Sigurbjörn K. Haraldsson
Einar Haraldsson
Haraldur Axel Haraldsson
Hrafnhildur Haraldsdóttir
Margrét Ásdís Haraldsdóttir

Halldóra S. Magnúsdóttir
Finnborg Laufey Jónsdóttir
Ingibjörg Sigurbergisdóttir
Jóhanna K. Guðbjartsdóttir
Sigrún Ásta Gunnarsdóttir
Snorri Olsen
Hlynur Rúnarsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur og tengdasonur,
Birkir Árnason
lyfjafræðingur, Kaplaskjólsvogi 85, Reykjavík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu föstudaginn 2. janúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 9. janúar kl. 14.00.

Halldóra Ásgeirsdóttir

Ásgeir Birkisson	Sigrún Bjarnadóttir
María Björk Birkisdóttir	
Árni Guðgeirsson	Olga Guðmundsdóttir
Ingibjörg Johannesen	

og aðrir aðstandendur.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,
Sólveig Ingibergsdóttir
til heimilis að Lágolti 10, Mosfellsbæ,

andaðist á heimili sínu aðfaranótt mánudagsins 5. janúar. Útför verður auglýst síðar.

Albert Finnbogason
Finnbogi Albertsson
Dagný Albertsdóttir
Daniel Fogle, Arnar Stefánsson, Eva Finnbogadóttir, Albert Finnbogason og Sólbjartur Daníelsson.

Kristrún Jóhannesdóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Mildrid Sigurðsson
Hlíf II, Ísafirði,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu Ísafirði sunnudaginn 4. janúar. Jarðsett verður frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 10. janúar kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeir sem vilja minnast hennar er bent á Fjórðungssjúkrahús Ísafjarðar. Fyrir hönd aðstandenda,

Frank Guðmundsson
Gunnar Guðmundsson
Reynir Guðmundsson
Guðrún Guðmundsdóttir
Randi Guðmundsdóttir

Teresa Chylenska
Jenný Guðmundsdóttir
Bryndís Gunnarsdóttir
Jóhann Dagur Svansson



Elskuleg frænka okkar,
Ólöf Kristín Árnadóttir
frá Vopnafirði, síðast til heimilis á Skjólí, áður Lindargötu 57,

andaðist á Landspítalanum kvöldið 26. desember síðastliðinn. Hún verður jarðsöngin frá Fossvogs-kapelli fimmtudaginn 8. janúar kl. 13.00. Fyrir hönd aðstandenda,

Halla Harðardóttir



Atvinnuhúsnæði - Lönguhlíð
Til sölu lítið atvinnuhúsnæði í 105 Reykjavík. Upplýsingar í síma 6950495



Húsnæði með góðu auglýsingagildi. Öll skifti skoðuð eða hagstæð kaup. Blómaverslun getur fylgt með í kaupum. Upplýsingar í síma 6950495.

Atvinnueignir
Löngind leigumöblun og fasteignasali
Erum með allar stærðir verslunar-, iðnaðar- og skrifstofuhúsnæðis til leigu og sölu. Til leigu Skeifa (áður BT), verslunarhúsnæði 1100 fm. Atvinnueignir s.534-1020.

Til leigu á Bæjarflöt í Grafarvogi, mjög gott 128fm atvinnuhúsnæði. Með 26fm skrifstofu. Leiga kr. 125.000 pr.mán. Stór innkeyrsluhurð. Uppl.s. 893 9110

Verslunarhúsnæði - Íbú
49 fm verslunarhúsnæði, góð staðsetning ásamt 43fm stúdíóíbúð í kjallara til sölu. Öll skipti skoðuð. Hagstætt verð. Uppl. í s. 695 0495.

90fm Skrifstofu eða atvinnuhúsnæði til leigu við Ingólfstorg 2h Uppl í síma 8964630

Geymsluhúsnæði
geymslaeitt.is
Til leigu sér geymslubíl 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500.

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán.í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

Bílskúr
Bílskúr í 107, 23 fm, rafm + hiti, langtímal. Verð 28 þ. á mán. Uppl. í 8997422

Gisting
Gista.is / S. 694 4314
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppabúin rúm, Internet, ADSL TV.

ATVINNA

Atvinna í boði

Skalli Vesturlandsvegi
Starfsfólk óskast í fullt starf. Einnig óskast starfsfólk í kvöld og helgarvinnu. Upplýsingar á staðnum.

Krambúðin Skólavörðustíg 42
Auglýsir eftir starfsmanni í fullt starf á dagvakt. Íslenskukunnátta skilyrði. Ekki yngri en 18 ára. Uppl. í s. 848 6918 & 551 0449 eða á staðnum milli kl. 8-17.

Óskum eftir að ráða starfsmann í mötuneyti, vinnutími 8-16. Umsókn sendist á baunin@ru.is

Málalarar óskast
Óska eftir vönum málurum til starfa strax í tímabundið verkefni ca. 3-4 vikur. Áhugasamir hafið samband í síma 899 8920.

Starfsfólk óskast í eldhús í miðbæ Rvk. Verður að hafa reynslu og geta byrjað strax. Uppl. sendist á maria@hradbraut.is

Málarameistari getur bætt við sig mönnum í málningarvinnu. Uppl. í s:820-3439

Gefðu þér gjöf. Fjárfestu 10 tímum í viku og hafðu +5 m á ari eftir 2 ár. Ir-einar@internet.is

Atvinna óskast

Hörkuduglegur starfskraftur í atvinnuleit. Hef starfað við margvisleg þjónustu og lagerstörf, útkeyrslu og fleira. Allt kemur til greina. Uppl í s 659 2505. Hafsteinn.

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

TILKYNNINGAR

Einkamál



Óska eftir að kynnst manni með samband í huga. Uppl. í s. 821 6384.

Símapjónusta Spjalldömur 2 nýjar dömur S. 908 6666.

SÍMAPJÓNUSTUR
Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (fritt, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Nám

Englaraddir
Tónlistaruppeldi fyrir börn þriggja til tíu ára

Tónlistaruppeldi fyrir börn 3ja til 10 ára

Æfingartími:
Laugardaga kl.11:00-11:40-----3ja---4 1/2ra
Laugardaga kl.11:45-12:30-----4 1/2ra---6 ára
Laugardaga kl.12:45-13:45-----6---10 ára

Kennsluefni: öndunn, raddbeiting, söngur á mörgum tungumálum, taktur, tónhæð, hlustun á klassíska tónlist, hreyfing við tónlist, leikur á ásláttarhljóðfæri og fl.

Staður: Tónlistarskóli Kópavogs

Kennarar: Natalia Chow Hewlett (M.A) og Julian Hewlett (B.A)

Skráning: laugardaginn 10. janúar kl.11-12 í tónlistarskóla Kópavogs. Kórgjaldið greiðist við skráninguna.

Heimasíða kórsins: englakor.googlepages.com

Nánari upplýsingar gefur Natalia í síma 699 4613
Fyrirspurn má senda á netið englaraddir@gmail.com

ISTEX®
ÍSLENSKUR TEXTÍLIÐNAÐUR HF.

Aðalfundur ÍSTEX hf. verður haldinn miðvikudaginn 14. janúar 2009, kl. 16:00 í húsnæði félagsins í Mosfellsbæ.

Dagskrá.

- Almenn aðalfundarstörf samkvæmt 15. grein samþykktá félagsins.
- Heimild aðalfundar til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutabréfum.
- Önnur mál, löglega upp borin.

Ársreikningur félagsins mun liggja frammi á skrifstofunni í Mosfellsbæ viku fyrir aðalfund hluthöfum til sýnis.

Aðgöngumiðar og fundargögn verða afhent á skrifstofu félagsins að Völuteig 6 í Mosfellsbæ, á fundardag.

Mosfellsbæ 6. janúar 2009.
Stjórn ÍSTEX hf.

FUNDARBOÐ - BÚLGARÍA
Stofnfundur Félags íslenskra húseigenda í Búlgaríu (FIHB)

Tilgangur félagsins er að vinna að sameiginlegum hagsmuna- og áhugamálum íslenskra húseigenda í Búlgaríu.

Allir þeir sem áhuga hafa á málinu eru hvattir til að mæta.

Sunnudaginn 11. Janúar - Kl. 16.00 Austurmörk 2, 2 hæð, Hveragerði.

Fundarefni:

- Kosning fundarstjóra og fundarritara.
- Formleg stofnun félagsins og lög þess borin upp
- Kosning stjórnar
- Kosning tveggja endurskoðenda
- Félagsgjöld ákveðin
- Önnur mál
- Fundarslit

Verið velkomin Undirbúningsnefnd

Nánari upplýsingar í sínum: 896-4757 og 660-1612

FERSKAR

KJÖTVÖRUR

Kjötskurðarmenn

Ferskar kjötvörur hf. óska eftir að ráða Kjötiðnaðarmenn eða menn vana kjötskurði til starfa við kjötskurð í kjötvinnslu fyrirtækisins hér í Reykjavík um afkastakvetjandi kerfi er að ræða(bónuskerfi).

Umsóknarfrestur er til 12. janúar n.k.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu fyrirtækisins að Síðumúla 34 í Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörn Sigurbergs-son í síma 588-7580 eða 660-6320 frá kl. 12:00 til 17:00 virka daga.

Upplýsingar um fyrirtækið er að finna á heimsíðu þess

www.ferskar.is.

FERSKAR

KJÖTVÖRUR

Sýslumaðurinn á Húsavík

Útgarði 1, 641 Húsavík, s: 464 1300

UPPBOÐ

Eftirtalдар bifreiðir verða boðnar upp við lögreglustöðina á Húsavík, miðvikudaginn 14. janúar 2009 kl. 14.00:

DO-379 YL-266

Greiðsla við hamarshögg.

Sýslumaðurinn á Húsavík, 5. janúar 2009.

Svæðisskipulag Héraðssvæðis 1998-2010, kynningarfundur.

Samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags Héraðssvæðis 1998-2010 samþykkti á fundi sínum þann 2. desember 2008 að fella svæðisskipulag Héraðssvæðis úr gildi þegar aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008 til 2028 hefur öðlast gildi.

Samvinnunefndin auglýsir hér með kynningarfund vegna niðurfellingarinnar skv. ákv. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Kynningarfundurinn verður fimmtudaginn 8. janúar 2009 frá kl. 10:00 til 12:00 á Bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs Einhleypingi 1, Fellabæ.

F.h. samvinnunefndar um gerð svæðisskipulags Héraðssvæðis 1998 til 2010.

Ómar Þröstur Björgólfsson
skipulags- og byggingarfulltrúi
Fljótsdalshéraðs.

Uppboð

Sýslumaðurinn á Húsavík
Útgarði 1, 641 Húsavík, s: 464 1300

UPPBOÐ

Uppboð munu byrja á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsavík, sem hér segir á eftirfarandi eignum:

Aðalbraut 61, fnr. 216-7062, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Marek Grzegorz Kancyr og Ewa Karolina Bielaczyc, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, mánudaginn 12. janúar 2009 kl. 10:00.

Ásgata 10, fnr. 216-7088, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Einar Árni Sigurjónsson, gerðarbeiðandi Glitnir banki hf, mánudaginn 12. janúar 2009 kl. 10:00.

Bakkavegur 9, fnr. 216-7726, 680 Þórshöfn, Langesbyggð, þingl. eig. Grétar Jósteinn Hermundsson, gerðarbeiðandi Sýslumaðurinn á Húsavík, mánudaginn 12. janúar 2009 kl. 10:00.

Bergholt II, fnr. 217-0866, Langesbyggð, þingl. eig. Gunnólfur ehf, gerðarbeiðandi Vátryggingafélag Íslands hf, mánudaginn 12. janúar 2009 kl. 10:00.

Garðarsbraut 43, fnr. 215-2618, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Þórunna Jónsdóttir og Ævar Ákason, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður, Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 og Ríkisútvarpið ehf, mánudaginn 12. janúar 2009 kl. 10:00.

Garðarsbraut 44, fnr. 215-2620, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Ásgeir Guðmundsson, gerðarbeiðandi Sjóvá- Almennar tryggingar hf, mánudaginn 12. janúar 2009 kl. 10:00.

Hjarðarhóll 16-18, fnr. 221-7222, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Gunnar Bergmann ehf, gerðarbeiðandi Toll- stjóraembættið, mánudaginn 12. janúar 2009 kl. 10:00.

Hrísateigur 2, fnr. 216-5246, 641 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Helga Þórey Heiðberg, gerðarbeiðendur Borgun hf, Landspítali, Og fjarskipti ehf. og Ólíuverslun Íslands hf, mánudaginn 12. janúar 2009 kl. 10:00.

Klifagata 2-2A, fnr. 216-6903, 670 Kópaskeri, Norðurþing, þingl. eig. Ásta Helga Viðar og Geir Bjarnason, gerðarbeiðandi S24, mánudaginn 12. janúar 2009 kl. 10:00.

Langesvegur 9, fnr. 216-7848, 680 Þórshöfn, Langesbyggð, þingl. eig. Hulda Ingibjörg Einarsdóttir, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, mánudaginn 12. janúar 2009 kl. 10:00.

Röndin 13, fnr. 222-7271, 670 Kópaskeri, Norðurþingi, þingl. eig. Stefán Þóroddsson og Rústir ehf, gerðarbeiðendur Norðurþing og Vátryggingafélag Íslands hf, mánudaginn 12. janúar 2009 kl. 10:00.

Steinholt, fnr. 222-0426, 641 Húsavík, Norðurþing, þingl. eig. Egill Hjartarson, gerðarbeiðandi Sýslumaðurinn á Blönduósi, mánudaginn 12. janúar 2009 kl. 10:00.

Sýslumaðurinn á Húsavík, 5. janúar 2009.



NOKKUR ORÐ
Freyr Gígja
Gunnarsson

Allt er orðið hættulegt

Lífið virtist yndislegt fyrir nokkrum misserum. Þá mátti kjamsa á harðri fitu. Engar rannsóknir höfðu sýnt að transfitu-sýrur væri lífshættulegar, þær væru kannski fitandi og engum manni hollt að éta slíkt í óhófi en maður hafði þó val. En síðan stigu einhverjir vísindamenn fram, sögðu að þessar ágætu sýrur ógnuðu heimsbyggðinni allri og veitingastaðir skyldu taka þær úr sambandi. Og það var gert. Frönskurnar sem jarðarbúar höfðu gætt sér á voru stórhættulegar og því þyrfti að breyta.

Sama gildi um M&M. Ef maður æti heilt baðkar af súkkulaðigóðgætinu gæti maður hreinlega dáðið. Þessi stríðsýfirlýsing virtist nægja til þess að M&M hefur alltaf verið lítið hornauga síðan þótt

vissulega væri maður til í að hitta þennan náunga sem dó úr ofáti á M&M. Sama gildir um bláa Ópalinn. Honum var hent út á hafsauga þegar í ljós kom að töflurnar væru eittraðar. Íslenska þjóðin hafði gætt sér á baneitruðu nammi í áraraðir. Ekki skánaði stemningin mikið þegar allri heimsbyggðinni var sagt að slaka aðeins á gsm-notkuninni, hún gæti nefnilega valdið heilæxli.

Og þegar maður gat loksins andað rólega, búinn að koma sér vel fyrir inni í súrefnistjaldinu með höggdeyfi, engu gsm-sambandi og sykurvörn þá er manni sagt að golfkylfur séu krabbameinsvaldandi. Já, maður getur ekki einu sinni hætt sér útúr hinum örugga heimi sem maður hefur haft svo mikið fyrir að koma sér upp og fengið sér stuttan göngutúr út á velli. Því kylfurnar sem kostuðu marga þúsundkalla draga mann hægt og bítandi til dauða.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Overli



■ Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



Skiptibóka

markaður Office 1

32 FYRIR

3 FYRIR 2

AF ÖLLUM SKIPTIBÓKUM

Við borgum þér fyrir þjá en þú borgar bara fyrir tvær.

Tilboðin gilda til og með 11. janúar

BONUS BONUS BONUS

FROSID LAMBASÚPUKJÖT

1. FLOKKUR

479 kr.kg.

FROSIN LAMBASVIÐ

298 kr.kg.

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI MIÐVIKUD. 7 JAN: 12.00 TIL 18.30

Auglýsingasími

512 50 50

FORELDRAHLUTVERKID: Þegar fólk dettur úr sambandi

Mest lesið

> DÓTTIRIN HEITI LONDON

París Hilton er þegar farin að plana barneignir og nöfn á börn sín, þrátt fyrir að vera laus og liðug um þessar mundir. „Ég vil eignast strák fyrst svo hann geti passað stelpurnar mínar. Fyrsta stelpa mín verður skírð London – það er frábært nafn,“ segir hótelerfinginn alræmdí.



fólk
folk@frettabladid.is

Travolta kann að verða kærður

Samkvæmt erlendum fréttamiðlum er möguleiki á því að John Travolta og Kelly Preston verði kölluð til yfirheyrslu vegna sviplegs fráfalls sonar þeirra, Jett Travolta. Þau hafi jafnvel gerst sek um að hafa ekki sinnt sinni skyldu sem foreldrar og látið Jett hafa tilskilin lyf sem hefðu getað komið í veg fyrir dauða hans.

Travolta hefur ætíð haldið því fram að sonur hans hafi þjáðst af hinum sjaldgæfa Kawasaki-sjúkdómi sem framkallar flog. En nú hafa aðilar úr samtökum Kawasaki-sjúkdómsins sagt að hann leggist eingöngu á nýbura og smábörn. Jett hafi því ómögulega

getað þjáðst af þeim sjúkdómi þegar hann dó, sextán ára gamall. Fyrir nokkru fóru sögusagnir á kreik um að Jett væri einhverfur og að flogaköstin tengdust einhvers konar geðsjúkdómi. John Travolta hefur ávallt vísað því á bug enda eru skýrar reglur um það innan vísindakirkjunnar, sem John og frú iðka af miklu kappi, að andlegir kvillar séu ekki til og því sé lyfjagjöf við þeim algjörlega út úr kortinu.

Vefmiðlar hafa fjallað um málið af miklum áhuga enda ekki langt síðan annar fylgismaður Vísindakirkjunnar, Tom Cruise, sagði að fæðingarþunglyndi væri ekki til og olli með

orðum sínum miklu fjaðrafoki þar vestra. Hins vegar hefur ekki fengist staðfest að lögreglan sé með málið til skoðunar heldur eru þetta enn sem fyrr sögusagnir. Frá því hefur hins vegar verið greint að John og Kelly hafi tekið son sinn af lyfjum vegna sjúkdómsins þar sem þeim hafi þótt lyfin vera farin að skemma lifrina hans.

Í KASTLJÓSI John Travolta og Kelly Preston þurfa ekki einungis að þola sonarmissinn heldur hafa kenningar nú heyrst þess efnis að þau hafi ekki sinnt sínum skyldum sem foreldrar.

NORDICPHOTOS/GETTY



Engar bollur í bandið

„Gítarleikarinn okkar, þrusugítarfantur, Gunnar Hilmarsson, er í djassnámi. Og nú vantar okkur í Dresscode gítarleikara,“ segir Davíð Smári Harðarson, einkaþjálfari, tónlistarmaður og fyrrum Idol-stjarna.

Í nógu er að snúast hjá Davíð Smára. Hann segir allt brjálað að gera í líkamsræktinni og virðist kreppan ekki draga úr fólki nema síður sé. Davíð segir til sannfærandi kenningar þess efnis að í kreppu fari fólk að huga að heilsu sinni. Líkamsræktin virðist því ekki hafa verið bundin við uppana og peningaliðið. Og svo er það tónlistin. Hljómsveitin Dresscode hefur nú verið að í um ár og Davíð segir hljómsveitina verulega þetta. Þetta er dansiballa-hljómsveit, „cover-band“ og spilar allan fjáran. „Þetta er þrusuband. Við tókum ball á Ránni í Keflavík um áramótin og þar flugu tanngarðar vinstri hægri. Ekki þó í slagsmálum heldur fjöri,“ segir Davíð Smári. Nóg er að gera: Fyrir höndum eru árshátíðir, böll á skemmtistö-



um og skólum... allur pakinn. Og þær eru nokkuð strangar kröfurnar sem verðandi gítarleikari þarf að uppfylla. „Já, hann verður að ganga heill til skógar. Vera reglumaður, fjölhæft kvikindi á gítarinn og vera til í að taka á því í ræktinni með mér. Engar bollur koma til greina,“ segir Davíð. Og þrengist þá heldur hringurinn. „Já, vá, þetta er komið niður í einhverja fjóra mögulega,“ segir Davíð léttur í bragði. Séu einhverjir gítarleikarar sem telja sig standast þessar kröfur þá er um að gera að hringja í söngvarann og melda sig. Verði margir um hituna verða áheyrnarprufur. „Á Hótel Sögu. Á sama tíma og Idol-prufurnar.“

DAVÍÐ SMÁRI Nýr gítarleikari í Dresscode þarf að vera fjölhæfur, reglumaður og má ekki vera bolla.

- jbg

SÖNGVARAR FYRSTA KVÖLDSINS



SÖNGVAKEPPNIN FER Í GANG Á NÝ

Baráttan um Eurovision-framlag Íslands í ár, Söngvakeppni sjónvarpsins, hefst á laugardag. Þetta er allverulega „kreppulegri“ keppni en sú síðasta, en þá má segja að mikill góðærisbragur hafi verið á laga-keppninni.

Að þessu sinni keppa sextán lög í Eurovision, í fyrra voru þau þrjátíu og þrjú. Í ár verða fjórir undanúrslitabættir, einn upprifjunarbáttur og einn úrslitabáttur, samtals sex bættir.

Í fyrra dugði ekkert minna en sextán undanúrslitabættir, tveir upprifjunarbættir, einn „wild

card“-þáttur og svo sjálfan úrslitabátturinn, samtals 20 bættir. Að vanda er þátturinn í beinni. Fjögur lög eru flutt og áhorfendur kjósa tvö þeirra áfram í úrslitabáttinn, sem að þessu sinni fer fram 14. febrúar. Í fyrsta þættinum eru tvö lög á ensku og tvö á íslensku.

Dóttir Valgeirs Skagfjörð, Ólöf Jara Skagfjörð, syngur þjóðlegt lag og texta pabba síns, „Hugur minn fylgir þér“. Jóhanna Guðrún Jónsdóttir syngur lag og texta Óskars Páls Sveinssonar, „Is it true“. Edgar Smári syngur „The Kiss we never kissed“, eftir tannlækninn Heimi Sindrasón, en textann gerði Ari Harðarson. Kraftballöðu Halldórs Guðjónssonar, „Dagur nýr“, syngur Aðalheiður „Heiða“, Ólafsdóttir. Textann gerði Íris Kristinsdóttir, áður í Buttercup.

Gítarleikari The Stooges látinn

Í gær bárust þær sorgarfréttir að gítarleikarinn Ronald „Ron“ Asheton væri látinn. Lögreglan fann hann látinn á heimili hans í Ann Arbor í Michigan-ríki Bandaríkjanna eftir tilkynningu um að ekkert hefði til hans spurst dögum saman. Hann mun hafa verið látinn í nokkra daga en krufning mun leiða í ljós dánarsökina. Ron var sextugur.

Ron er frægastur fyrir gítarleik sinn með hljómsveitinni The Stooges, sem hann stofnaði með bróður sínum Scott og Iggy Pop í Ann Arbor árið 1967. Þetta voru utanveltu náungar sem spiluðu hrátt rokk í algjörrí mótögn við ríkjandi „melló“ sýru- og hipparokk. Bandið gerði þrjár sigildar plötur fyrir Elektra-útgáfunna sem urðu nokkrum árum síðar mikilvægasti leiðarvísirinn fyrir pönkið. Einfaldur en eitursnjall gítarleikur Rons á því stóran hlut í fæðingu pönksins. Hann var kjörinn 29. besti gítarleikari rokksins í kosningu tímaritsins Rolling



THE STOOGES ÁRIÐ 2006 Scott, Ron Asheton og Iggy Pop saman á ný.

Stone.

Eftir að Ron hætti í The Stooges skömmu upp úr 1970 lék hann með Destroy All Monsters og fleiri lítt þekktum böndum auk þess að taka upp fyrir ung bönd. Hann og Scott bróðir hans unnu aftur með Iggy á sólóplötu hans Skull Ring árið 2003. Það var neistinn sem kveikti í endurkomu The Stooges og skilaði sér í plötnu The Weirdness. Ron kom til Íslands í maí árið 2006 þegar The Stooges spiluðu á eftirminni- legum tónleikum í Hafnarhúsinu.

**HÁTÍÐARDAGAR
HEILSUNNAR Á
SALATBARNUM
7.-9. JANÚAR**

**fyrir
einn**

Landsþekktir tónlistar-
menn skemmta í hádeginu
og á kvöldin.

Greifarnir, Spútnik, Sjonni
Brink, Veðbandið, Anna
Sigga, Alla o.fl.

**VERÐ
AÐEINS
KR. 1500
FYRIR TVÖ!**



Faxafan 9 • Sími 588 0222
Erum einnig með almenna veisluþjónustu
www.salatbarinn.is

Diskum stolið frá Ása diskó

Plötusnúðurinn Ásmundur Sveinsson, eða Ási diskó, er með böggum hildar þessa dagana eftir að geisladiskamöppu með tæplega tvö hundruð merktum diskum var stolið úr bíl hans.

„Ég er að fara næsta föstudag að spila í útvarpinu, á X-inu, og það er skemmtilegra að vera með möppuna með sér,“ segir Ási. Hann hefur starfað sem plötusnúður í tvö ár og hefur hingað til sloppið vel frá fingralöngum þjófum. „Ég hef aldrei lent í því að einhverju hafi verið stolið frá mér.“

Kannski þess vegna hafði hann ekki varann á því bíll hans var ólæstur þegar mappan var hrifsuð úr honum. Telur hann að þjófn-

aðurinn hafi átt sér stað í Laugar-
dalnum.

Ási býður tíu þúsund króna fundarlaun fyrir möppuna og hefur einnig heitið því að kæra ekki þjófinn eða þjófana. Þeir sem geta gefið vísbendingar um málið skulu hringja í hann í síma 6623094 eða senda honum tölvu-
póst á netfangið asisveinss@gmail.com.

- fb

ÁSI DISKÓ Ásmundur vill endur-
heimta geisladiskamöppu sína sem
var stolið úr bíl hans.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Útón fjallar um netið

Útón stendur fyrir fræðslukvöldi í Norræna húsinu í kvöld. Hjörtur Smárason, leiðsögumaður um frumskóga veraldarvefjarins, flytur erindi um hvernig hægt er að byggja upp sterkt orðspor á netinu og leitast við að svara spurningum um hvernig við getum haft áhrif á leitarvélar eins og Google og verndað nafn/vörumerki okkar.

Gestir kvöldsins verða Ólafur Arnalds, Sólrún Sumarliðadóttir úr Amiinu og óperusöngvarinn Kolbeinn J. Ketilsson. Þátttökgjald er 500 krónur fyrir félagsmenn FTT, FÍH, FÍT, TÍ og FHF og 1.500 krónur fyrir aðra. Skráningar fara fram í síma 511 4000 eða greta@utflutningsrad.is.



ÓLAFUR ARNALDS Verður á meðal gesta í Norræna húsinu í kvöld.



FAMILJEN Familjen, sem heitir réttu nafni Johan T. Karlsson, spilar á Nasa 6. febrúar.

Familjen til Íslands

Sænski raftónlistarmaðurinn Familjen, sem heitir réttu nafni Johan T. Karlsson, ætlar að troða upp á skemmtistaðnum Nasa föstudagskvöldið 6. febrúar.

Familjen sló í gegn á síðustu Airwaves-hátíð og var að mörgum talinn einn af hápunktum hennar. Lagið Det snurrar í min skalle hefur verið að gera góða hluti á öldum ljósvakans að undanfögnu og nýverið hlaut Familjen sænsku Grammy-verðlaunin fyrir besta myndbandið.

Miðasala á tónleikana hefst í næstu viku á Midi.is. Upplýsingar um miðaverð og upphitun verður tilkynnt innan tíðar.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Miðvikudagur 7. janúar

→ Tónleikar

19.30 Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói við Hagatorg þar sem flutt verða verk eftir Strauss, Lehár og fleiri. Einsöngvari á tónleikunum er Dísella Lárusdóttir.



→ Dans

20.00 Tangókvöld verður haldið á Kaffitári, Bankastræti 8. Opinn tími fyrir byrjendur milli kl. 20-21. Aðgangseyrir kr. 500, kennsla innifalin.

→ Sýningar

ULL er gull Kolbrún Hjörleifsdóttir sýnir myndverk unnin úr íslenskri ull á Geysi bistro/bar við Aðalstræti. Opíð sun.-fim. 11.30-22, fös.-lau. 11.30-22.30.

Í Gerðarsafni stendur yfir sýning á verkum úr safneign eftir ýmsa listamenn. Meðal verka eru nýleg aðföng, vatns-litamyndir og veggmyndir úr vinnustofu Kjarvals. Opíð alla daga kl. 11-17 nema mánudaga. Aðgangur ókeypis. Gerðarsafn, Hamraborg 4, Kópavogi.

Á Sjávarbarnum við Grandagarð stendur yfir sýning á átta lágmyndum eftir Tedda. Opíð mán.-fös. kl. 10-21, lau. 11-22 og sun. 16-22.

→ Ljósmyndasýningar

Atli Már Hafsteinsson er með sýningu í Skotinu í Ljósmyndasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu 15, 6. hæð. Opíð virka daga kl. 10-16 og um helgar kl. 13-17.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Starfsfólk Glitnis svarar fyrirspurnum í dag milli kl. 17 og 21 í síma 440 4000

Starfsfólk Eignastýringar Glitnis, Almenna lífeyrissjóðsins og Glitnis Fjármögnunar svara spurningum viðskiptavina ásamt ráðgjöfum Glitnis.

Á glitnir.is getur þú einnig pantað fjármálaviðtal þar sem við bjóðum þér að setjast niður með okkur og fara ítarlega yfir stöðuna.



Vanvirðing að stela Pabbanum

„Ég veit ekki hvernig er hægt að bregðast við þessu,“ segir leikarinn Bjarni Haukur Þórsson. Mynddiskur hans, Pabbinn, hefur verið sóttur rúmlega 1.700 sinnum á netsíðunni Viking Bay síðan hann kom út um miðjan nóvember.

Stutt er síðan Laddi kvartaði við forsvarsmenn síðunnar yfir því að Laddi 6-tugur væri fánlegur þar ókeypis. Hátt í sex þúsund manns sóttu diskir á síðuna í síðasta mánuði.

Bjarni Haukur er að vonum ósáttur við gang mála rétt eins og kollegi hans. „Þetta er vanvirðing fyrir þá sem koma að þessu. Það kostar helling að gefa svona út,“ segir hann. „Þetta er vanvirðing við Senu og mitt félag og auðvitað líka Sigga (Sigurð Sigurjónsson leikstjóra).“

Bjarni Haukur segist ekki útiloka að höfða mál gegn Viking Bay í samráði við útféðafundann Senu, rétt eins og Laddi hefur íhugað að gera. „Þótt maður sé með góða lögfræðiráðgjöf þá hef ég ekkert kannað þetta en þetta er fyrst og fremst vanvirðing við listamenn.“



Pabbinn seldist í fjögur til fimm þúsund eintökum fyrir jólin og því eru hin stolnu eintök hátt í helmingurinn af því. Er því greinilega um töluvert fjárhagslegt tjón að ræða fyrir Bjarna Hauk og þá sem komu að gerð disksins.

Plötusala dregst enn saman

Niðurstaða liggur fyrir um mest seldu plöturnar í Bandaríkjunum og Bretlandi á síðasta ári. Í Ameríku er plata rapparans Lil Wayne, Tha Carter III, sú mest selda, en velska söngkonan Duffy seldi mest í Bretlandi, af plötunni Rockferry.

Pegar rynt er í sölutölur á plötum í Bretlandi og Bandaríkjunum kemur margt athyglisvert í ljós. Sala á breiðskífum dregst saman í Bandaríkjunum um 14,4 prósent. Samtals seldust 428,4 milljónir breiðskífna miðað við 500,5 milljónir árið 2007. Plata Lil Wayne seldist í 2,88 milljónum eintaka og er þetta í fyrsta skipti síðan mælingar Nielsen SoundScan hófust árið 1991 að söluhæsta plata ársins selst í minna en þremur milljónum eintaka. Plata Coldplay, sem er í öðru sæti, seldist í 2,15 milljónum eintaka.


Sala á tónlist er að breytast í Bandaríkjunum. Sala á CD-diskum minnkar um 19,7 prósent á meðan sala á albúmunum í niðurlagi eykst um 5,4 prósent. Nú er diskasala 84 prósent af heildinni og niðurlag 15,4 prósent. Það sem vantar upp á, 0,6 prósentin, er sala á vínýl-plöt-

um. Samtals seldust 1,8 milljónir albúma á vínýl. Þetta er mesta sala á gamla góða vínýlnum síðan mælingar hófust.

Sala á breiðskífum dróst saman um fimm prósent í Bretlandi. Söng-

konan Duffy, sem var óþekkt í árs-
byrjun, seldi mest, 1,7 milljónir
eintaka af plötu sinni Rockferr.
Þótt sala á breiðskífum drægist
saman í Bretlandi, eykst sala á
lögum, þökk sé auknu niðurhali.
Bretar eru mjög hrifnir af X-fact-
or stjórnunum sínum. Alexandra
Burke á söluhæsta lag ársins.
Hennar útgáfa af Leonard Cohen-
laginu „Hallelujah“ seldist í 880
þúsund eintökum á tveimur vikum
fyrir jól. Næstmest selda lag árs-
ins í Bretland er „Hero“ með
krökkunum sem komust í úrslit X-
factor. Það lag seldist í 751 þúsund
eintökum.

drgunni@frettabladid.is



Skítugur hávaði og grípandi viðlög

Rokksveitin Reykjavík! frá Ísa-
firði hefur verið ein kraftmesta og
skemmtilegasta tónleikasveit
Íslands síðustu ár. Fyrri platan
hennar, Glacial landscapes, reli-
gion oppression & alcohol, fékk
frábæra dóma og sýndi að þarna
fór engin miðlungssveit.

Glacial landscapes þótti alveg þokkalega hörð, en þegar maður ber hljóminn á henni saman við nýju plötuna The Blood þá virkar hún voða slétt og felld. Það sem báðar plöturnar eiga sameiginlegt er samt að þær eru fullar af grípandi viðlögum. Hljómurinn á The Blood er miklu skítugri og rokkveggurinn er þéttari, en viðlög gefa plötunni samt poppaða vidd. Áhrifavaldar eru margir eins og á fyrri plötunni, en þetta sambland af skítugum hljómi og grípandi viðlögum minnir stundum á New York Dolls, til dæmis í öðru lagi plötunnar Kate Bush. Á fyrri plötunni var jadarrokkkeimur, en á þessari nýju glittrir sums staðar í glamrokk-

stemningu. Samt sýna báðar plöt-urnar fyrst og fremst hvað meðlimir Reykjavíki! eru snjallir að kafa í rokksöguna og koma upp með ný og fersk afbrigði.

Það er fullt af flottum lögum á The Blood. Titillagið, Kate Bush, Repticon, Random Acts, Æji plís! Og We're not ready for a relationship with god, what's wrong with you? eru til dæmis öll frábær.

Það sem gerir Reykjavík! jafn góða og raun ber vitni er brennt. Í fyrsta lagi þetta sambland af hávaða og poppuðum viðlögum, í öðru lagi hvað sveitin er dugleg að finna nýja og ferska fleti á rokkinu og í þriðja lagi hvað hún leggur mikið í upptökur og hljóðvinnslu. Valgeir Sigurðsson stjórnaði upptökum á fyrri plötunni og á The Blood er það Ben Frost. Það heyrir vel að heilmikið hefur gerst í hljóðverinu.

Á heildina litið frábær rokkplata.



TÓNLIST

The Blood Reykjavík!

★★★★

Þótt hljómurinn á The Blood sé skítugur og rokkveggurinn þykkur þá gefa grípandi viðlög plötunni poppaða vídd. Frábær rokkplata.

LOKAÐ Í DAG!

Útsalan
hefst kl. 07:00
í fyrramálið!

Kringlunni • Sími 551 3200

next

> Í úrvalsliði 9 mánuðum eftir barnsburð

Keflvíkingurinn Svava Ósk Stefánsdóttir var í gær valin í úrvalslið fyrri hluta Iceland Express-deildar kvenna aðeins níu mánuðum eftir að hún átti dótturina Huldu Mariu Agnarsdóttur. Svava hefur spilað frábærlega með Keflavík í vetur og þá sérstaklega í leikjunum á móti hinum toppliðum deildarinnar þar sem hún er með 15,3 stig, 7,8 fráköst og 5,0 stoðsendingar að meðaltali í leik. Svava er auk þess með bestu þriggja stiga nýtinguna í deildinni en hún hefur sett niður 45 prósent af 60 skotum sínum fyrir utan.

sport
sport@frettabladid.is



KARLALIÐ STJÖRNUNNAR: BJÖRGVIN HÓLMGEIRSSON VERÐUR ÁFRAM OG ÓHAPP Á ÆFINGU

Patrekur nefbraut lærisvein sinn óvart á æfingu

Mikið hefur gengið á hjá handknattleiksliði Stjörnumann í vetur. Margir menn meiðst, aðrir farið eða hætt og svo var ekki hægt að efna samninga við leikmenn enda buddan tóm og ekki einu sinni til fyrir varabúningum.

Það voru því kærkomnar fréttir fyrir Stjörnumenn þegar þjálfarinn, Patrekur Jóhannesson, ákvað að rífa skóna fram úr hillunni og spila með sínum mönnum til loka tímabilsins.

Æfing liðsins á mánuðagskvöldið gekk ekki stórslysalaust fyrir sig og enn eitt áfallið dundi yfir þegar Daniel Einarsson nefbrotnaði þegar hann

reyndi að komast framhjá þjálfara sínum í vörninni. „Þetta var alveg óvart og mjög leiðinlegt að hafa lent í þessu,” sagði Patrekur sem hefur oft þótt harður í horn að taka í vörninni. Aðrir leikmenn liðsins báru vitni um að þetta hefði verið óvart.

Menn göntuðust þó með að það hefði verið óþarfi hjá þjálfaranum að slasa annan tveggja leikmanna liðsins sem væru örventir og spilhæfir. Nær hefði verið að brjóta einhvern réttthentan enda nóg af þeim. Stjörnumenn hafa því greinilega ekki tapað hóm-

ornum þrátt fyrir allt. „Þetta er samt kannski það sem koma skal, menn verða að bíta frá sér og verða harðir til þess að ná árangri. Vonandi taka menn vel á því núna,” sagði Patrekur sem var miður sín yfir þessu slysalega atviki sem var kannski dæmigert fyrir tímabil Garðabæinga. Jákvaðu tíðindin úr Garðabæ eru aftur á móti þau að stórskyttan Björgvin Hólmgeirsson mun klára tímabilið með liðinu en vitað var af áhuga annarra liða á honum. „Ég býst við því að klára þennan vetur í Garðabænum. Ég er nýbúinn að jafna mig eftir meiðsli og geri ekki ráð fyrir neinum breytingum á mínum högum sem stendur,” sagði Björgvin.



Ótrúlegar framfarir milli leikja

Það var allt annað að sjá íslenska handboltalandsliðið í gær en gegn Svíum á sunnudag. Strákarnir sýndu miklum mun betri leik og það mjög góðan leik er þeir kjöldrógu Egyptana, 29-17. Sóknarleikurinn var góður, tæknimistöð fá, varnarleikurinn var öflugur og Björgvin Páll hreint stórkostlegur fyrir aftan vörnina.

HANDBOLTI Íslenska landsliðið leikur um þriðja sætið á æfingamóti í Svíþjóð eftir mjög góðan tólf marka sigur, 29-17, á Egyptum í gær. Leikur íslenska liðsins var verulega góður og ljóst að Guðmundur hafði undirbúið strákana af kostgæfni eftir slakan leik gegn Svíum í fyrsta leik mótsins. Ísland mætir Túnis í leik um þriðja sætið á mótiinu í dag.

Fyrri hálfleikur var mjög góður hjá íslenska liðinu og allt annað að sjá leik liðsins en gegn Svíum um daginn. Varnarleikurinn var afar þéttur, samvinna manna góð sem og færslur. Fyrir aftan var síðan Björgvin Páll í finu formi og varði níu skot í hálfleiknum,

Sóknarleikurinn var nokkuð stíður rétt í fyrstu sóknunum en svo fór sóknarleikurinn að fljóta vel og menn með upp á hár hvað þeir voru að gera. Tæknifeilar voru nánast engir í hálfleiknum og menn öruggir í aðgerðum. Ragnar stýrði sókninni af myndarskap, Ásgeir var útsjónarsamur og duglegur að finna línuna þar sem Róbert var öflugur, Logi með fin mörk og hornamenn að nýta færin sín vel.

Egyptarnir áttu í raun engin svör við leik íslenska liðsins, og voru óvenju daprir. Ísland gekk á lagið og leiddi með sex mörkum í leikhléi, 14-8. Aðeins átta mörk



MAGNAÐUR Björgvin Páll Gústavsson fór á kostum í Svíþjóð í gær. Varði eins og berserkur og var með um 60% markvörslu á tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

fengin á sig segir meira en mörg orð um hversu sterkur varnarleikurinn var.

Íslenska liðið gaf ekkert eftir í síðari hálfleik. Hélt einfaldlega uppteknum hætti með Björgvin Pál í banastuði í markinu. Hann

varði hvert skotið af fætur öðru, mörg hver úr dauðafærum og var á tímabili með um 60% markvörslu.

Vörnin hjálpaði eðlilega til og þegar vörnin smellur dettur Björgvin oftast en ekki í gang.

Sverre og Ingimundur fóru fyrir vörninni framan af en eftir að Ingimundur fékk tvo brottrekstra kom Vignir inn og fyllti hans skarð vel.

Sóknarleikurinn hélt áfram að mjatla vel. Logi var sá eini sem skaut fyrir utan og reyndar fullmikið um tíma. Engu að síður flottur leikur hjá honum.

Ísland náði tíu marka forystu, 22-12, þegar korter lifði leiks og síðustu mínúturnar voru hálfger rugl þar sem pirraðir Egyptar fóru að brjóta illa af sér. Íslensku strákarnir héldu aftur á móti haus, létu ekki pirra sig og lönduðu glæsilegum tólf marka sigri, 29-17.

„Við vorum í tómu tjóni gegn Svíunum og þetta var allt annað. Ég er verulega sáttur við þennan leik,” sagði Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari. „Við fórum vel yfir mistökin gegn Svíunum og strákarnir komu með svörin sem var ánægjulegt. Við fórum fyrst og fremst yfir varnarleikinn, númer tvö hlaut til baka og svo hugarféð almennt en mér fannst vanta upp á grimmd gegn Svíum. Ég var mjög ánægður með svörin í þessum leik.“

Flestir leikmenn íslenska liðsins spiluðu vel og Guðmundur hrósaði sérstaklega leikstjórnandanum, Ragnari Óskarssyni.

„Ég var mjög ánægður með Ragnar sem stóð sig vel. Það er langt síðan ég hef séð hann stýra leik svona vel. Ég var síðan sérstaklega ánægður með sóknina í fyrri hálfleik. Varnarleikurinn var náttúrulega hrikalega öflugur og Björgvin alveg frábær í markinu. Svo var ég líka ánægður með hversu fáir tæknifeilarnir voru sem og hugarféð. Það var rétt núna,” sagði Guðmundur.

henry@frettabladid.is



GUNNAR ÞÓR Mættur aftur út til æfinga hjá Norrköping.

Gunnar Þór Gunnarsson:

Ekki rétti tím-inn til að fara

FÓTBOLTI Vinstri bakvörðurinn Gunnar Þór Gunnarsson mun að öllu óbreyttu vera áfram í herbúðum Norrköping eins og málin standa í dag en hann hefur verið sterktlega orðaður við félagaskipti í Val á síðustu vikum.

„Ég er bara að hefja æfingar að nýju með Norrköping á morgun [í dag]. Ég heyrði af einhverjum áhuga liða þegar ég var á Íslandi en það var ekkert sem ég var í djúpum þælingum yfir þar sem mér fannst þetta ekki vera rétti tíminn til þess að fara. Ég var vissulega ósáttur með fá tækifæri hjá Norrköping á síðasta keppnistímabili en nú er komið nýtt þjálfarateymi og ég ætla aðeins að sjá til hvernig þetta verður,” segir Gunnar Þór.

Gunnar Þór, sem á þrjá A-landsleiki að baki, lék aðeins níu leiki með Norrköping í sænsku úrvalsdeildinni á síðasta keppnistímabili og þar af þrjá í byrjunarliðinu en félagið féll um deild. - óþ

Vináttulandsleikur:

Ísland-Egyptaland 29-17 (14-8)

Mörk Íslands (skot): Logi Geirsson 11/4 (22/6), Róbert Gunnarsson 4 (4), Þórir Ólafsson 3 (4), Ragnar Óskarsson 3 (5), Vignir Svavarsson 2 (2), Sturla Ásgeirsson 2 (3), Sverre Jakobsson 1 (1), Ásgeir Örn Hallgrímsson 1 (3), Sigurbjörg Sveinsson 1 (3), Rúnar Káráson 1 (6).

Varin skot: Björgvin P. Gústavsson 18 (35) 51%

Hraðaupphlaup: 4 (Þórir 2, Sturla, Logi).

Fiskuð víti: 6 (Róbert 2, Þórir 2, Ásgeir, Logi).

Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti

Er tímareimin komin á tíma?

Fast verð hjá Vélalandi

Skoðaðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.

Verðdæmi um tímareimaskipti:
Nissan Patrol 2,8 dísil Árgætt 1992-2000
Heildarverð, varahlutur og vinna: **35.271 kr.**

Toyota Land Cruiser 90 D4D Árgætt 2000-2006
Heildarverð, varahlutur og vinna: **26.283 kr.**

Toyota Corolla 1,6 bensín Árgætt 1997-2001
Heildarverð, varahlutur og vinna: **34.212 kr.**

VW Golf 1,6AEE bensín Árgætt 1997-2006
Heildarverð, varahlutur og vinna: **44.555 kr.**

Ford Focus 1,6 bensín Árgætt 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: **37.109 kr.**

Opíð virka daga kl. 8:00 til 17:00
www.velaland.is

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.



Jermain Defoe kominn aftur í herbúðir Tottenham:

Tvöfaldast í verði á einu ári

FÓTBOLTI Tilkynt var í gær að Tottenham hefði komist að samkomulagi við Portsmouth um kaup á enska landsliðsframherjanum Jermain Defoe á um 15 milljónir punda.

Hinn 26 ára gamli Defoe kostaði Portsmouth 7,5 milljónir punda þegar hann var keyptur frá Tottenham fyrir um ári en Harry Redknapp, núverandi knattspyrnustjóri Tottenham, var þá við stjórnvöl-in hjá Portsmouth. Redknapp var reyndar einnig knattspyrnustjóri West Ham á þeim tíma sem Defoe var keyptur aðeins 16 ára gamall frá unglingaliði Charlton.

Defoe skoraði 8 mörk í 12 leikjum fyrir Portsmouth í ensku úrvalsdeildinni í fyrra en var hins vegar ekki lög-

legur með félaginu í FA-bikarnum og kom því ekki nálægt sigri félagsins þar.

Þess má jafnframt geta að Defoe missti einnig af sigri Tottenham í deildarbikarnum í fyrra þar sem hann var farinn til Portsmouth fyrir úrslitaleikinn en hann tók hins vegar þátt í öllum leikjum Tottenham á leiðinni þangað.

Defoe hafði skorað 9 mörk í öllum keppnum fyrir Portsmouth til þessa á keppnistímabilinu en hann verður að öllu óbreyttu löglegur með Tottenham þegar Lundúna-félagið heimsækir Wigan næstkomandi sunnudag í ensku úrvalsdeildinni. - óþ



Enski og spænski boltinn:

Sigrar hjá Spurs og Barcelona

FÓTBOLTI Tottenham lagði Burnley, 4-1, í fyrri leik liðanna í undanúrslitum enska deildarbikarsins.

Martin Paterson kom Burnley yfir en Spurs fór gjörsamlega á kostum í síðari hálfleik og skoraði þá fjögur mörk.

Mörkin skoruðu þeir Michael Dawson, Jamie O'Hara og Roman Pavlyuchenko og eitt markanna var sjálfsmark.

Jóhannes Karl Guðjónsson var í byrjunarliði Burnley en fór af velli á 30. mínútu vegna meiðsla.

Lionel Messi skoraði svo þrennu fyrir Barca sem skellti Atletico Madrid, 3-1, á útivelli í sextán liða úrslitum spænska konungsbikarsins. Tomas Ujfalusi skoraði mark Atletico Madrid í leiknum,

Eiður Smári Guðjohnsen var hvíldur hjá Barcelona. - hbq

VELALAND





BEST Jakob Örn Sigurðarson og Kristrún Sigurjónsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jakob og Kristrún voru valin best

Einar Árni Jóhannsson og Ari Gunnarsson eru bestu þjálfarar fyrri hluta Iceland Express-deildanna.

KÖRFUBOLTI KR-ingurinn Jakob Örn Sigurðarson og Haukakonan Kristrún Sigurjónsdóttir stóðu sig best í fyrri hluta Iceland Express-deildanna, að mati valnefndar KKÍ en verðlaunin voru veitt í gær. Jakob Örn Sigurðarson hefur stýrt KR-liðinu sem hefur unnið alla 11 leiki sína fyrir áramót og er með 17,1 stig og 4,5 stoðsendingar að meðaltali í leik. Aðrir í úrvalsliðinu voru þeir Jón Arnór Stefánsson (KR), Cedric Isom (Þór), Páll Axel Vilbergsson (Grindavík) og Sigurður Gunnar Þorsteinsson (Keflavík). Ísak Einarsson í Tindastól var valinn dugnaðarforkurinn.

Nánast fullkomið hjá okkur „Þetta er búið að vera nánast fullkomið hjá okkur. Ég finn mig vel í KR-bún-ingnum og mér líður mjög vel að fá að spila með þessum strákum aftur. Liðinu gengur vel og þá gengur manni sjálfum vel,“ segir Jakob sem veit að það er mikið til ætlast af liðinu. „Það er rosalega góður mórall og þar vegur þungt að við þekkj-umst allir vel og höfum gert lengi. Við treystum hver á annan og vitum hvornig menn vilja fá boltann og hvar,“ segir Jakob sem er klár í framhaldið á tímabilinu. „Mér list mjög vel á fyrsta leikinn á móti ÍR og ég lofaði því að við verðum tilbúnir. Við vitum að þetta er bara hálfnað og við erum ekki búnir að vinna neitt ennþá,“ sagði Jakob. Kristrún Sigurjónsdóttir er fyr-irliði Haukaliðsins sem hefur unnið 10 af 11 leikjum sínum fyrir áramót. Kristrún hefur skorað 21,4 stig í leik. Aðrar í úrvalsliðinu voru þær Slavica Dimovska (Haukum), Signý Hermanns-dóttir (Val) og Keflvíkingarnir Birna Valgarðsdóttir og Svava Ósk Stefánsdóttir. Fanney Lind Guðmundsdóttir í Hamri var valin dugnaðarforkurinn.

Eins og að vinna í lottóinu „Ég er mjög ánægð með árangur liðsins en það er ekkert unnið með því að vera í efsta sæti um jólin. Það er gaman að fá svona viður-kenningar en þær gefa manni ekkert meira,“ segir Kristrún sem segir færri útlend-inga í deildinni hafa skapað tækifæri. „Það er rosa-lega gaman á æfingum og það er virkilega gaman að vera í Haukum núna,“

segir Kristrún sem er ánægð með félagan sinn í bakvarðasveit Haukanna Slavicu Dimovsku en þær eru báðar í úrvalslíðinu. „Það var eins og að vinna í lottóinu að fá Slavicu. Hún er frábær leikmaður og mikill liðsmaður bæði innan sem utan vallar,“ segir Kristrún. „Við megum ekki slaka á núna og það er áskorun fyrir liðið að halda einbeitingu. Þegar maður er svona ofar-lega um jólin þá þýðir ekkert annað en að stefna hærra og það þýðir bara að reyna að vinna titlana sem eru í boði.“

Svigrúm til að bæta sig Bestu þjálfararnir þóttu Einar Árni Jóhannsson, þjálfari nýliða Breiða-bliks í Iceland Express deild karla, og Ari Gunnarsson, þjálfari Hamars í Iceland Express-deild kvenna. „Ég er mjög stoltur af liðinu en við erum ennþá í bullandi fallbaráttu og megum ekki tapa okkur í gleðinni. Fyrstu tveir leikirnir á nýja árinu eru gríðarlega mikilvægir,“ segir Einar Árni. „Við erum búnir að lenda í frekar skrautlegum meiðslum og veik-indaveseni í vetur. Strákarnir mega vera stoltir af því að hafa náð að fara í gegnum þessar öldur og ná í sigra. Eins ánægður og maður er með fimm sigra þá er maður þínulítið svekktur að vera ekki með sjó,“ segir Einar Árni sem er bjartsýnn á framhaldið. „Ég veit að við höfum töluvert svigrúm til að bæta okkur og ég sannfærður um að við verðum sterkari á nýja árinu,“ sagði Einar.

Kvíðir því ekki að spila án Juliú Hamarskonur hafa verið spútniklið vetrarins í Iceland Express-deildkvenna og er í 2. sæti deildarinnar með 9 sigra og aðeins 2 töl. Fyrir þetta tímabil var Hamar aðeins búið að vinna 9 af 44 leikjum sínum í efstu deild. „Ég er aðallega ánægður með dugnaðinn í stelpunum því það er kjarni í liðinu sem æfir mjög vel og er að skila þessu í hús,“ sagði Ari Gunnarsson sem hefur verið með liðið frá 2006. Ari hefur ekki áhyggjur þó að hann sé að missa Juliú Demirer sem var með 17,8 stig og 13,9 fráköst að meðaltali fyrir jól. „Hinar koma bara tvíefldari til leiks og ég kvíði því ekki að spila án hennar,“ sagði Ari.
oaj@frettabladid.is



Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

Kvöldskóli BHS

Borgarholtsskóli býður kvöldskólanám í mál- og véltæknigreinum.

Eftirtalдар greinar verða í boði:
Málmsuða: HSU, LSU, RLS og RSU
Málmsmíðar: HVM, PLV, VVR og REN
Teikningar: GRT, CAD, TTÖ og ITM
Véltækni: AVV og VÖK



Kennt er virka daga frá 18:10 til 22:30 og laugardaga frá 8:10 til 13:50
Innritun verður 8. og 9. janúar kl. 17 – 19, 10. janúar kl. 11 – 14
Kennsla hefst 12. janúar

Nánari upplýsingar eru á www.bhs.is og í síma 5351700

Skil á upplýsingum vegna skattframtals 2009

Skilafrestur á eftirtöldum gögnum vegna framtalsgerðar 2009 er til **30. janúar** en þeir sem skila á rafrænu formi hafa þó frest til **10. febrúar 2009**

Launamiðar og verktakamiðar

Skilaskyldir eru allir þeir sem innt hafa af hendi launagreiðslur, hlunnindi, lífeyri, bætur, styrki, happdrættis- og talnavinninga (skattskylda sem óskattskylda), greiðslur til verktaka fyrir þjónustu (efni eða vinnu) eða aðrar greiðslur sem framtalsskyldar eru og/eða skattskyldar.

Bifreiðahlunnindamiðar

Skilaskyldir eru allir þeir sem í rekstri sínum eða annarri starfsemi hafa haft kostnað af kaupum, leigu eða rekstri fólksbifreiðar.

Hlutfjármíðar

Skilaskyld eru öll hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnuhlutafélög og sparisjóðir.

Launaframtal

Skilaskyldir eru einstaklingar með eigin atvinnurekstur, sem telja fram á pappír, og óskattskyld félög sem ekki skila rafrænu skattframtali og sem greiddu laun á árinu 2008.

Viðskipti með hlutabréf

Skilaskyldir eru bankar, verðbréfafyrirtæki og aðrir þeir aðilar sem annast kaup og sölu, umboðsviðskipti og aðra umsýslu með hlutabréf.

Bankainnstæður

Skilaskyldar eru allar fjármálastofnanir og aðrir aðilar sem taka við fjármunum til ávöxtunar.



Lán til einstaklinga

(fasteignaveðlán, bílalan og önnur lán). Skilaskyldar eru allar fjármálastofnanir (bankar, sparisjóðir, lífeyrissjóðir, tryggingafélög, fjármögnunarleigir o.s.frv.) sem hafa lánað fé til einstaklinga.

Stofnsjóðsmíðar

Skilaskyld eru öll samvinnufélög, þ.m.t. kaupfélög.

Takmörkuð skattskylda - greiðslufirrlit

Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur til erlendra aðila og annarra, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi.

Greiðslumiðar – leiga eða afnot

Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum eða öðrum réttindum.

Hlutabréfakaup skv. kaupréttarsamningi

Skilaskyld eru öll hlutafélög sem gert hafa kaupréttarsamninga við starfsmenn sína samkvæmt staðfestri kaupréttaráætlun.

RSK

RÍKISSKATTSTJÓRI

Nánari upplýsingar eru á vef ríkisskattstjóra www.rsk.is

> Katie Holmes

„Ég get ekki neitað því að ég er frekar venjuleg og alls ekki með hlutina á tæru. Ég geng á húsgögn, misstíg mig, helli niður mat og segi eitthvað sem ég sé eftir. Ég er bara mannleg“. Holmes leikur í kvikmyndinni Thank You for Smoking sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ: BERGSTEINN SIGURÐSSON FYLGIST MEÐ VÍKINGUM FALLA Á SVERÐ SITT

Útrás undir nýjum formerkjum



Eftir bankahrunið heimtuðu margir að auðmennirnir kæmu heim og stæðu fyrir máli sínu. Þeir sem orðið hafa við þeirri kröfu hafa allir uppskorið sömu viðbrögð: Hvað ert þú að vilja upp á dekk?

Síðastur til að láta sig falla á sverð almenningsálitsins í beinni útsendingu var Bjarni Ármannsson. Bjarni hafði greinilega stúderað frammistöðu kollega sinna og tekið eftir að það er ekki líklegt til vinsælda að bera sig borginmannlega, hafna ábyrgð og skella skuldinni á óráðsíðu stjórnvalda. Bjarni ákvað því berja sér á brjóst og þvert á móti játa sekt sína, og auk þess verða við kröfu um að auðmenn skili peningunum. Allt kom fyrir ekki, Bjarni uppsker sömu skammirnar og hinir og er sakaður um að reyna að kaupa sig undan ábyrgð ofan á allt annað.

Orrustan um lýðhylli er fyrirfram töpuð og þeim sem mæta er í sjálfvald sett hvort þeir vilja falla í valinn með sjálfbirgingslegt glott á vör eða iðrunarsvip, það kemur út á eitt. Enginn hefur nokkurn

áhuga á uppgjöri við þessa menn. Sama hversu hreint þeir gera fyrir sínum dyrum, hversu marga asna nágranna sinna þeir játa að hafa ásælt, verða auðjöfrarnir ekki teknir í sátt í bráð. Skiljanlega. Sjónvarpsviðtölin eru ekki tilefni til sátta heldur nýtast okkur sem sitjum eftir í rústunum sem átylla til að setja ofan í við burgeisana í lesendabréfum eða uppnefna þá á bloggsíðum, gjarnan með hástöfum.

Það felst fróun í því að fá útrás fyrir reiði sína og sjálsagt ekki nema viðeigandi að einmitt þeir sem stýrðu galeiðunni – undir dynjandi bumbuslætti og með okkur við áramar – að hinum efnahagslega feigðarósi, taki að sér að veita reiði almennings í ákveðinn farveg; beini henni að sér um stundarsakir. Þetta er sú útrás sem ófáir Íslendingar þurfa á að halda núna. Útrásarvikingarnir standa þannig kannski enn undir nafni eftir allt saman – á öðrum forsendum þó.

EKKI MISSA AF



> 20.00 Thank You for Smoking STÖÐ 2 BÍÓ



> 20.20 Gossip Girl STÖÐ 2



> 21.00 America's Next Top Model SKJÁREINN



> 21.15 Justice STÖÐ 2 EXTRA



> 22.25 Óperuhúsið við höfnina (Operaen i havn) SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

16.35 Leiðarljós

17.20 Táknmálsfréttir

17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin (43:52)

17.55 Gurra grís (70:104)

18.00 Disneystundin Stjáni, Sígildar teiknimyndir og Gló magnaða.

18.54 Víkingalottó

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Kastljós

20.10 Bráðavaktin (ER) (8:19) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg.

20.55 Svipmyndir af myndlistarmönnum - Karín Wíkström (Portraits of Carnegie Art Award 2008) Í stuttum þáttum er brugðið upp svipmyndum af myndlistarmönnum sem tóku þátt í Carnegie Art Award samsýningunni 2008. Sýningin var sett upp í átta borgum í sjö löndum, þar á meðal á Íslandi.

21.05 Matur um víða veröld (Planet Food) Ferða- og matreiðsluþættir þar sem farið er um heiminn og hugað að matarmenningunni á hverjum stað. Í þessum fyrsta þætti er bragðað á krásum í Skandinavíu.

22.00 Tíufréttir

> 22.25 Óperuhúsið við höfnina (Operaen i havn) Norsk heimildamynd um hið glæsilega óperuhús við höfnina í Björvíka í Osló sem opnað var í fyrra.

23.25 Kastljós (e)

00.05 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Ice Age. The Meltdown

10.00 My Date with Drew

12.00 Thank You for Smoking

14.00 Revenge of the Nerds

16.00 Ice Age. The Meltdown

18.00 My Date with Drew

> 20.00 Thank You for Smoking Snjöll og bráðfyndin ádeila á tobaksíðnaðinn. Aðalhlutverk: Aaron Eckhart, Joan Lundén og Katie Holmes.

22.00 Nochnoy Dozor

00.00 White Palace

02.00 Hellraiser. Inferno

04.00 Nochnoy Dozor

06.00 Manchester United. The Movie

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Stóra teiknimyndastundin, Gulla og grænjaxlarnir, Lalli, Ofurhundurinn Krypto og Ruff's Patch.

08.15 Oprah

08.55 Í fínu formi

09.10 Bold and the Beautiful

09.30 La Fea Más Bella (225:300)

10.15 Beauty and The Geek (5:13)

11.15 The Celebrity Apprentice (7:13)

12.00 Project Runway (4:15)

12.45 Neighbours

13.10 Sisters (20:28)

14.00 Ghost Whisperer (49:62)

14.45 E.R. (18:25)

15.35 Notes From the Underbelly

16.00 Skrímslaspilið

16.23 BeyBlade

16.48 Ruff's Patch

16.58 Gulla og grænjaxlarnir

17.08 Ofurhundurinn Krypto

17.33 Bold and the Beautiful

17.58 Neighbours

18.23 Veður

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.47 Íþróttir

18.54 Ísland í dag

19.15 Víkingalottó

19.20 Veður

19.30 The Simpsons (4:23) Hómer vingast við nokkrar frægar Hollywood-stjörnur og lofar að halda því leyndu hvar þær halda til í fríinu sínu.

19.55 Friends

> 20.20 Gossip Girl (15:18) Þættir sem fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York sem hugsa fyrst og fremst um hver baktalar hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að klæðast í næsta glæspartí.

21.05 Winter Solstice Seinni hluti.

22.35 Weeds (1:15)

23.05 Sex and the City (1:12)

23.30 E.R. (18:25)

00.15 Cold Case (1:23)

01.00 London

02.30 Crossing Jordan (4:17)

03.15 Weeds (1:15)

03.45 Winter Solstice

05.10 The Simpsons (4:23)

05.35 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

07.00 Æfingamót í Svíþjóð Útsending frá leik Íslendinga og Egypta.

12.50 Spænski bikarinn Útsending frá leik Atletico Madrid og Barcelona.

14.30 Enski deildarbikarinn Útsending frá leik Tottenham og Burnley.

16.10 Æfingamót í Svíþjóð Ísland - ?? Bein útsending frá leik hjá Íslendingum í æfingamótinu í Svíþjóð.

17.50 NBA tilþríf Öll bestu tilþríf vikunnar í NBA körfuboltanum.

18.15 PGA Tour 2009 Sýnt frá hápunktum PGA mótaráðarinnar í golfi.

19.10 Ensku bikarmörkin 2009 Sýnt frá öllum leikjum umferðinnar í enska bikarnum og öll helstu tilþriffin skoðuð.

19.40 Enski deildarbikarinn Bein útsending frá fyrri viðureign Derby og Man. Utd í undanúrslitum enska deildarbikarsins.

21.40 Æfingamót í Svíþjóð Ísland - ?? Útsending frá leik Íslendinga á æfingamótinu í Svíþjóð.

23.10 Gillette World Sport Fjölbreyttur íþróttabáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggst á bakvið tjöldin.

23.40 Enski deildarbikarinn Útsending frá leik Derby og Man. Utd í enska deildarbikarnum.

SPORT 2

enski boltinn

16.50 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Newcastle og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.

18.30 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

19.00 Coca Cola mörkin Allir leikimír, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaðætti.

19.30 Premier League Review Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþriffin á einum stað.

20.25 1001 Goals Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.

21.20 Leikur vikunnar

23.00 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Fulham og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Óstöðvandi tónlist

08.00 Rachael Ray (e)

08.45 Vörutorg

09.45 Óstöðvandi tónlist

17.35 Vörutorg

18.35 Rachael Ray Spjallbáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

19.20 Top Design (1:10) (e)

20.10 Frasier (24:24) Síðasta þáttaröðin af einni vinsælustu gamanseníu allra tíma. Útvarpssálfræðingurinn Frasier Crane er engum líkur og sérvíska hans og snobb eiga sér engin takmörk.

20.10 90210 (1:24) Sjálfstætt framhald af hinn vinsælu unglingaseríu Beverly Hills 90210.

> 21.00 America's Next Top Model (13:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsettu. Það er komið að úrslitastundinni. Aðeins þrjár stúlkur standa eftir en það er bara ein sem getur sigrað. Þær þurfa að standa sig í auglýsingatöku fyrir CoverGirl og þær tvær sem koma best út úr því taka þátt í ógleymanlegri tiskusýningu.

21.50 CSI. Miami (13:21) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félagar hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Milljarðamæringur er myrtur á heimili sínu í Miami og Horatio bregður í brún þegar hann sér ekkjuna. Það er fyrrum kærasta hans og mamma Kyles. Hún er grunuð um verknadinn en hún er líka staðráðin í að fá forræði yfir Kyle. Elizabeth Berkley leikur ekkjuna.

22.40 Jay Leno Spjallbáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.

23.30 House (15:16) Bandarísk þáttaröð um lækinn skapstíra, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. (e)

00.20 Vörutorg

01.20 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekið á klst. fresti til 12.15 daginn eftir.

N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

20-900%

LAGERÚTSALA



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 22.35

Weeds – nýtt

Einir mest verðlaunuðu og skemmtilegustu þættir síðari ára snúa aftur á Stöð 2 í þriðju seríu. Ekkjan úrræðagóða Nancy Bowden ákvað að hasla sér völl sem eiturlyfjasali eftir að hún missti eiginmann sinn og fyrirvinnu. En það sem hún sá ekki fyrir var hversu hættulegur hinn nýi starfsvettvangur hennar getur verið og að sjálfsögðu ólöglegur. Þegar hún fellur fyrir lögreglumanni í fíkniefnadeildinni flækist líf hennar verulega. Mary-Louise Parker hefur verið tilnefnd til fjölda verðlauna fyrir frammistöðu sína í þáttunum og unnið til hinna eftirsóttu Golden Globe-verðlauna.

► VIÐ MÆLUM MED 90210 – nýtt Skjäreinn kl. 20.10

Fáar unglingaseriur hafa notið jafn mikilla vinsælda og Beverly Hills 90210 gerðu. Skjäreinn byrjar í kvöld að sýna nýja þætti sem eru sjálfstætt framhald af Beverly Hills. Nú eru það ekki Brenda og Brandon heldur Annie Wilson og stjúpróðir hennar, Dixon, sem flytja með foreldrum sínum frá Kansas til Beverly Hills en þar mun faðir þeirra gegna stöðu skólastjóra í West Beverly Hills High School.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.38 Morgunvaktin

06.40 Veðurfregnir

06.50 Bæn

07.30 Fréttayfirlit

08.00 Morgunfréttir

08.30 Fréttayfirlit

09.05 Okkar á milli

09.45 Morgunleikfimi

10.03 Veðurfregnir

10.13 Trío

11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit

12.02 Hádegisútvarp

12.20 Hádegisfréttir

12.45 Veðurfregnir

12.50 Dánarfregnir og auglýsingar

13.00 Vítt og breitt

14.03 Á tónsviðinu

15.03 Útvarpssagan: Gæludýrin

15.30 Miðdegistónar

16.00 Síðdegisfréttir

16.10 Veðurfregnir

16.13 Hlaupanótan

17.03 Víðsjá

18.00 Kvöldfréttir

18.16 Auðlindin

18.23 Fréttayfirlit og veður

18.26 Spegillinn

18.50 Dánarfregnir

19.00 Endurómur úr Evrópu

20.00 Leynifélagið

20.30 Stefnumót

21.10 Út um græna grundu

22.07 Veðurfregnir

22.12 Orð kvöldsins

22.15 Bak við stjörnumar

23.10 Krossgötur

00.07 Næturetónar

FM 90,9 Talstöðin

FM 99,4 Útvarp Saga

FM 98,9 Bylgjan

FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin

FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp

FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni

FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying

FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni

FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni

FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks (97:260) Bresk ungl-ingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

16.30 Hollyoaks (98:260)

17.00 Seinfeld (1:24)

17.30 Smallville (19:20)

18.15 Justice (13:13)

19.00 Hollyoaks (97:260)

19.30 Hollyoaks (98:260)

20.00 Seinfeld (1:24) Georg byrjar að leita sér að vinnu og kemst í viðtal og Jerry grunar að Banya sé að verða vinsælli en hann. Kramer prófar nýja tegund af raksápu sem er reyndar smjör og Elaine hættir með kærastanum í flugvél yfir Atlantshafinu.

20.30 Smallville (19:20) Sjöunda þátta-röðin um ofurmennið Superman á unglings-árum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.

►21.15 Justice (13:13) Spannandi lög-fræðipættir, framleiddir af Jerry Bruckheim-er(CSI). Þættir gerast á eftirsóttri lögfræði-stofu í Los Angeles þar sem stóru og um-töluðu málín koma inn á borð og ósjaldan tengjast þau ríka og fræga fólkinu. Þáttunum hefur verið líkt við Practice.

22.00 Burn Notice (5:13) Njósna-rinn Mi-chael Westen kemst að því sér til mikillar skelfingar að hann hefur verið settur á bruna-listann en það er listi yfir njósnara sem ekki er lengur treystandi og njóta því ekki lengur vermdar yfirvalda.

22.45 Tónlistarmyndbönd frá Skíf-an TV

INN

20.00 Vangaveltur Í umsjón Steinunnar Önnu Gunnlaugsdóttur. Rætt er um heilsu-far og hugsjónir.

21.00 Kolfinna Pólitískur umræðuþáttur í umjón Kolfinnu Baldvinsdóttur.

21.30 Líf og land Valdemar Ásgeirsson bóndi fjallar um málefni landsbyggðarinnar.

Dagskrá INN er endurtekin um helg-ar og allan sólarhringinn.

DR 1

12.05 Aftenshowet

12.30 Kender du typen?

13.00 Det lille hus på prærien

13.50 Nyheder på tegnsprog

14.00 DR Update - nyheder og vejr

14.10 Boogie Mix

15.05 Family Guy

15.30 Braceface

15.55 Oggy og kakerlakkene

16.00 Svampebob Kirkant

16.25 F for Får

16.30 SYV

17.00 Aftenshowet

17.30 TV Avisen med Sport

18.00 Aftenshowet med Vejret

18.30 Hvad er det værd?

19.00 DR1 Dokumentaren - Nabokrig

20.00 TV Avisen

20.25 Penge

20.50 SportNyt

21.00 Taggart

23.10 Onsdags Lotto

NRK1

12.00 NRK nyheter

12.05 Berlin, Berlin

12.30 Vår aktive hjemme

13.00 NRK nyheter

13.05 Norge rundt

13.30 Typisk norsk

14.00 NRK nyheter

14.05 Par i hjertet

15.00 NRK nyheter

15.10 Dynastiet

16.00 NRK nyheter

16.10 V-cup skiskyting

16.55 Nyheter på tegnspråk

17.00 Grisungen flyr

17.10 Ugler i mosen

17.30 Vera vennelos

17.40 Distriktsnyheter

18.00 Dagsrevyen

18.30 Forbrukerinspektørene

18.55 E6 - En reise gjennom nordmenns liv

19.25 Redaksjon EN

19.55 Distriktsnyheter

20.00 Dagsrevyen 21

20.40 Vikinglotto

20.45 Sporløst forsvunnet

21.30 Arven

22.00 Kveldsnytt

22.15 Plutselig nk

22.45 Lov og orden

23.30 Ein mann - fire koner

1 SVT 1

13.30 Inför Guldbaggen 2009

14.10 Gomorron Sverige

15.00 Rapport

15.05 Regional årskrönika

16.05 Inför Idrottsgalan 2009

16.10 Skidskytte

17.00 Rapport med A-ekonomi

17.10 Regionala nyheter

17.15 Skidskytte

17.45 Inför Idrottsgalan 2009

18.00 Kulturnyheterna

18.15 Regionala nyheter

18.30 Rapport med A-ekonomi

19.00 Från Sixten till Kalla

20.00 Dom kallar oss artister

20.30 Luktien av Indien

21.00 The Tudors

21.55 Inför Guldbaggen 2009

22.05 Kulturnyheterna

22.20 Flickan från Auschwitz

23.40 Sändningar från SVT24

Fiskikóngurinn

-Lífið er fiskur-

Sjáumst hress í dag Næg bílastæði

Opnar í dag Stórglæsilega verslun að Sogavegi 3. Í tilefni dagsins ætlar Fiskikóngurinn að bjóða ykkur í fiskiveislu aldarinnar.

Vonast til þess að sjá alla mína gömlu og nýju viðskiptavini á nýjum og betri stað.

Glæný hrogn og lifur.

Ýsuflök aðeins 649 kr.kg

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 5544

LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Í vinnunni er maður bara að hlusta á fólkið og tala en á morgnana þegar ég vakna hlusta ég á Beyond the Missouri Sky með Charlie Haden og Pat Metheny. Þetta er rólegur og fallegur diskur.“

Þórný Jóhannsdóttir, landvörður, leiðsögumaður og hjúkrunarfræðingur.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2. fíta, 6. ólæti, 8. fugl, 9. bók, 11. tveir eins, 12. aldin, 14. kambur, 16. nudd, 17. hrópa, 18. trjátegund, 20. í röð, 21. snudda.

LÓÐRÉTT
1. borg, 3. belti, 4. handarlínulist, 5. gífti, 7. til reiðu, 10. tugur, 13. frjó, 15. bannhelgi, 16. tangi, 19. mun.

LAUSN
LÖBDRÉTT: 1. faró, 3. ól, 4. lófaspá, 5. gáf, 7. tilbúin, 10. tíu, 13. træg, 15. 18. eik, 20. áb, 21. snúð.
LÁRÉTT: 2. tólg, 6. at, 8. lóa, 9. rít, 11. fí, 12. ólífa, 14. bursf, 16. nú, 17. æpa,

- VEISTU SVARID?
- Svör við spurningum á síðu 8.
- 1

370 milljónum króna.
- 2

Fyrir glæsilega jólaskeytingu.
- 3

Helvítis fokking fokk.

Fiskbúðin Hafrún
hefur opnað aftur!

Höfum opnað glæsilega fiskbúð í Skipholti 70, ferskleiki og gott verð er okkar aðalsmerki. Frábær þjónusta með alvöru fiskisölum.

Fiskbúðin Hafrún s. 553 0003

www.this.is/krossgatur

250
ÓKEYPIS
KROSSGÁTUR

NÝ GÁTA
Í HVERRI VIKU

Árni Johnsen bætist í kátan detox-hóp

„Var í Kartuzy með mennina mína hér í Póllandi. Þetta er bráðskemmtilegur hópur,“ skrifar Jónína Benediktsdóttir heilsuræktarfrömuður á Facebook-síðu sína. Og þar er ekki orði ofaukið.

Fréttablaðið greindi frá því fyrir skömmu að gríðarlega kátur og skemmtilegur hópur landsþekktra manna stefndi til Póllands eftir áramótin í detox-meðferð. Á síðustu stundu bættist Árni Johnsen alþingismaður í hópinn og er það varla til að slá á hressleikann sem ætla má að þarna svífi yfir vötnum. Því þá þegar voru búnir að melda sig Ásgeir Þór Davíðsson og vinur hans Þorsteinn Hjaltested, Gunnar Þorsteinsson og félagar hans voru og á leiðinni og taldi Geiri grallaralegur víst að Gunnar hefði í nægu að snúast við að tala um fyrir mönnum sem taldir eru hafa sitthvað á samviskunni.

Fjöldi manna hefur vitnað um að þessar ferðir standi sannarlega undir nafni sem allsherjar heilsubót og má búast við þessum fyrirferðarmiklu mönnum til landsins eftir um hálfan mánuð – hressari en nokkru sinni. - jbg

ÁRNI BÆTTIST Í HÓPINN



Búast má við því að líf og fjör sé nú í Póllandi en í hópnum sem nú dvelur þar eru nokkrir af hressustu Íslendingum sem um getur, Geiri á Goldfinger, Gunnar í Krossinum, Jónína Ben og Árni Johnsen.

JÓN BJARNI GUÐMUNDSSON: NÚ STREYMA ÚTLENDINGARNIR HINGAÐ

James Morrison gerir tónlistarmyndband á Íslandi

Breski lagasmiðurinn og söngvarinn James Morrison kom til landsins í gær. Hann hyggst taka upp myndband hér á landi en Saga Film hefur umsjón með verkinu. Að sögn Jóns Bjarna Guðmundssonar hjá Saga Film lenti Morrison á Íslandi um klukkan fjögur í gær og var áætlað að taka upp einhverjar senur fyrir myndbandið í Vík í Mýrdal og eitthvað á Reykjanesi, jafnvel í Bláa lóninu. Morrison er síður en svo fyrsta breska poppstjarnan sem sækir landið heim í þessum erindagjörðum en strákasveitin Take That tók meðal annars upp myndband við lagið Patience fyrir þremur árum við Reykjanesvita.

Jón Bjarni segir að Saga Film fái miklu fleiri fyrirspurnir frá áhugasömum útlandinum núna en á sama tíma fyrir ári og tengir það fyrst og fremst við efnahagshrunið. „Við erum að fá fyrirspurnir frá löndum sem hafa alla jafna ekki mikið fjármagn á milli handanna en finnst það núna þess virði að koma hingað,“ segir Jón Bjarni og nefnir til að mynda Ísrael í því samhengi.

En aftur að Morrison. Fyrir þá sem ekki þekkja til hans þá hefur honum verið líkt við nafna sinn Blunt sem heimsótti Íslendinga á síðasta ári. Söngvarinn sló fyrst í gegn með laginu You Give Me Something fyrir rúmum tveimur árum. Lagið náði þá fimmta sætinu á breska smáskífulistanum en plata sem kom í kjölfarið, Undiscovered, náði alla leið í fyrsta sæti. Lagið naut töluverðra vinsælda hér á landi og Morrison eignaðist dyggan aðdáendahóp, Undiscovered var meðal annars valin besta erlenda platan af hlustendum Kiss FM. Morrison var í kjölfarið tilnefndur til þriggja



VINSÆLL James Morrison naut töluverðrar hylli hér á landi fyrir tveimur árum og nú launar hann greiðann með myndbandsgerð í Vík í Mýrdal.

Brit-verðlauna og fór heim með ein: besta karlkyns sóló-listamanninn. Hafði hann þar betur í barátt-

unni við Radiohead-stjórnuna Thom Yorke og Pulp-hetjuna Jarvis Cocker.

freyrgigia@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI



Hljómsveitin Sigur Rós náði merkum áfanga síðastliðinn sunnudag þegar hún varð fimmtán ára. Til stendur að halda upp á afmælið með einhverjum hætti seinna í þessum mánuði eða í þeim næsta. Ekki hentaði að halda upp á það á sunnudag vegna þess að hljómborðsleikarinn **Kjartan Sveinsson** eignaðist nýverið barn með eiginkonu sinni, Mariu Huld Markan, og hefur hann því í nógu að snúast í föður-hlutverkinu þessa dagana.



Sitt sýnist hverjum innan Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði um að fyrrum forstöðumaður upplýsingasviðs Kaupþings, Jónas B. Sigurgeirsson, sé nú rítsjóri Hamars – málgagns flokksins þar í bæ. Fyrirliggjandi er að upplýsingar frá Kaupþingi fyrir hrunið hafi verið afar misvísandi og flokkshollir telja ekki á raunir sínar bætandi en Sjálfstæðisflokkurinn í Hafnarfirði fékk verstu útreið frá árinu 1918 í síðustu sveitarstjórnarkosningum. Kona Jónasar er **Rósa Guðbjartsdóttir** sem setið hefur á þingi undanfarið fyrir Sjálfstæðisflokkinn en svo virðist sem Sjálfstæðisflokkurinn tengist bankakerfinu á margvíslegan máta.



Bubbi Morthens greindi frá því í útvarpsþætti sínum, Færibandinu, á mánudagskvöldið að hann hefði horft ásamt fjölskyldu sinni á söngvamyndina Mamma Mia! Bubbi upplýsti hlustendur um það að hann hefði allar götur frá því Svíar unnu Eurovision árið 1974 fyrirliði Abba. En við þessa upplifun tók hann flokkinn loks í sátt, 34 árum seinna, og skipar þeim nú í hóp með Bítlunum, Bob Marley og Cat Stevens sem Bubbi telur meðal þeirra bestu. - fb, jbg

Góðærið skrifað út úr Dubbeldusch

„Við urðum að snúa þessu aðeins við, annað hefði bara verið kjánalegt,“ segir leikstjórinn og leikritaskáldið Björn Hlynur Haraldsson. Leikverkið Dubbeldusch er komið til Hafnarfjarðar eftir mikla sigurför fyrir norðan en hefur tekið stakkaskiptum síðan það var frumsýnt í mars á síðasta ári. Þá lék nefnilega allt í lyndi og enginn, ekki einu sinni ráðamenn, höfðu hugmynd um hvað væri handan við hornið. „Bönkunum hefur verið breytt og við getum ekkert verið minni menn og breytum verkinu, þetta er nýtt Dubbeldusch fyrir Nýja Ísland,“ útskýrir Björn Hlynur.

Breytingarnar felast aðallega í umhverfinu, í staðinn fyrir glæsibífreiðar eru komnir eldri kaggar, gorgeirinn hefur breyst í hógværð og sumarbústaðurinn sem leikritið gerist í er ekki fullbúinn heldur

þakinn byggingarplasti. „Við breyttum líka tóninum í samtölum og það má eiginlega segja að áður hafi þetta verið fjölskylda í krísu í miðju góðæri en nú er þetta fjölskylda í krísu í kreppu.“ Leikritaskáldið áréttar þó að söguþráðurinn sé sami, handritið sé einfaldlega hráefni sem hægt sé að matbúa á þann hátt sem hver og einn kjósi. „Mér finnst þetta reyndar mjög skemmtilegt, að notast við handritið á þennan máta og væri alveg til í að gera meira af þessu.“

Verkefnastaðan hjá Birni er þéttskipuð. Hann hefur tekið við af Ólafi Agli Egilssyni við gerð kvikmyndahandrits eftir sögu Hreins Vilhjálmssonar, Bæjarins verstu, sem Vesturport hyggst kvikmynda þegar fram líða stundir. „Og svo er eitt og hálf leikrit sem ég geng með í maganum,“ bætir Björn við.



NÝTT DUBBELDUSCH Verk Björns Hlyns Haraldssonar fékk tilnefningu til Grímunnar sem sýning ársins. Það hefur nú aðeins verið staðfært í ljósi efnahagsstandsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Veldu möguleika

Innréttingar í öll herbergi heimilisins
Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur

30% afsláttur



**JKE
DESIGN**

Óteljandi möguleikar

Opið virka daga 9-18
og laugardaga 10-15

Ögurhvarf 2 203 Kópavogur
sími 534-0335 www.jke-design.is

BAKÞANKAR

Páls Baldvins
Baldvinssonar



Mátað um
miðja nótt


Mikil blessun er það að nú skuli manni gefast kostur á að skella sér í iðngarðana gömlu í Skeifunni, leita uppi hús þeirra Valfellsmanna þar sem Hagkaup er enn til húsa og máta þar buxur um fjögurleytið eftir miðnætti. Ekkert er nauðsynlegra okkur neytendum en að eiga greiðan aðgang að fjölbreytilegu vöruúrvali þegar maður er rændur svefni af áhyggjum af yfirdrætti og myntkórfuláninu. Þá má svara sér með því að dræfa í Hagkaup Skeifunni, skoða nærföt, láta konuna máta nýtt buxnasett, kíkja í salatbarinn og falla í freistingu fyrir innfluttum ostum.

KONAN byltir sér og festir ekki blundinn, sprettur svo upp í hugljómun: Nú veit ég – förum í Hagkaup! Kallinn er rifinn upp, skellt í föt og undir stýri og saman skjótast þau aðalbrautir inn í Skeifu, ranka svo við sér í hvítri flúorbirtunni: Æ, hvað vantaði mig aftur?

OPIÐ allan sólarhringinn þýðir jú að það er loksins friður í búðunum. Einstaka öryggisvörður sést á stangli og ef kúnnanum verður svo brátt í brók að hann þurfi aðstoð truflar það engan þótt kallað sé hátt endanna á milli í húsinu: Hei, áttu nokkuð þessar í stærð 36! Feiminn og fámáll piltur frá Öryggismiðstöð leitast að réttum stærðum í nærfatarekknum fyrir tvær áhugasamar konur á fimmtugsaldri sem vantaði kompaní upp úr klukkan tvö á þriðja glasi. Geturðu hjálpað mér að hneppa?

SVEFNVANA vagnstjóri reikar um eins og Páll einn í heiminum og undir suðar þægileg lyftutónlist með kerruna sína: hvaða þvottaduft átti ég aftur að kaupa? Hvar er saltfiskurinn? Skyldi fást tólg hérna?

Æ, hugsar nú vandfýsinn lesandi, ætlar nú þetta Baugsþý að fara að vekja athygli á því að gamla Hagkaupsbúðin í Skeifunni er opin 24/7. Ekki er að spyrja að þessu þýi þeirra Jóns og Ingibjargar. Eigendabægðin er slík að jafnvel hlaupa þeir ótilkvaddir til að reka erindi þeirra í auglýsingamenskunni. Sá er að koma sér í mjúkin. Hvort þeirra heldurðu að hafi hringt?



GÓÐAN DAG!

Í dag er miðvikudagurinn 7.
janúar, 7. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	11.11	13.34	15.58
Akureyri	11.21	13.19	15.17

Heimild: Almanak Háskólans

ÚTSALA
REKKJUNNAR
20-60%
AFSLÁTTUR!

FJÖLSTILLANLEG
HEILSURÚM
ALLT AÐ
30%
AFSLÁTTUR

RÚMSTÆÐI MEÐ
LAXTEX HEILSUDÝNU
ALLT AÐ
30%
AFSLÁTTUR

Prýstijöfnunar-
svampsrúm
(Queen Size 153x203)
KOSTAR NÚ
99.300 kr.

KING KOIL HEILSURÚM
(Queen Size 153x203)
Frá 89.000 kr.

SVEFNSÓFAR
ALLT AÐ
30%
AFSLÁTTUR

SÆNGURVER
30%
AFSLÁTTUR

HEILSUKODDAR
30%
AFSLÁTTUR

